

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson skrifar um vottorð og auglýsingar lögfræðinga. 18



**MENNING** Halldór Björn fer fögrum orðum um íslenska myndlist. 24



**LÍFIÐ** Hljómsveitin Moses Hightower sendir frá sér nýtt lag í dag. 34



**SPORT** Margrét Lára bætti íslenska markametið í Svíþjóð um helgina. 30


Til hvers að flækja hlutina?

SJÁLFKRAFA í BESTA ÞREP!

365

365.is
Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
19. maí 2015
116. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**




### Söguleg þjóðaratkvæðagreiðsla

Írar greiða á föstudag um það atkvæði hvort heimila beri giftingar samkynhneigðra og gætu orðið fyrsta þjóð í heimi til að heimila það með slíkri atkvæðagreiðslu. 12

**Borgin bregst við óánægju** Borgarstjóri og formaður umhverfis- og skipulagsnefndar Reykjavíkur segja að setja verði skýrari reglur um akstur hópbifreiða í miðbænum. 2

**Vonarglæta að engu orðin** Háskólamenntaðir starfsmenn Fjársýslu ríkisins fara í ótímabundið verkfall 2. júní. Samningafundur BHM og ríkisins í gær var árangurslaus. 4

**Áætlanir renna út í sandinn** Slátrun á eldisþorski var sex sinnum meiri árið 2009 en í fyrra. 8

**Flug truflast um mánaðamótin** Eftir því sem óvissan magnast versnar ástandið, segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Verkföll 31. maí og 1. júní eiga eftir að trufla flugumferð. 10




14

**2 SÉRBLÖÐ**

EUROVÍSIR | Fólk




# Ný Icesave-ógn vomir yfir

Breski lögfræðingurinn Tim Ward hefur verið ráðinn til að gæta hagsmuna Íslands fyrir EFTA-dómstólnum. Bretar og Hollendingar vilja svör við spurningum um ábyrgð ríkisins. Hundraða milljarða kröfur liggja undir.

**UTANRÍKISMÁL** EFTA-dómstóllinn mun taka afstöðu til þriggja spurninga varðandi það hvort sú tilhögun sem gripið var til varðandi samkomulag um Icesave standist EES-samninginn. Breski lögfræðingurinn Tim Ward hefur verið ráðinn til að fara með mál Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF), en hann var í lögmannateyminu sem sá um Icesave-málið á sínum tíma.

Erfitt er að henda reiður á því hve háar fjárhæðir felast í ýtrustu kröfum Breta og Hollendinga. TIF sendi frá sér tilkynningu í fyrra þar sem því var lýst yfir að kröfurnar næmu um 556 milljörðum króna. Þar af nam krafa Hollendinga 103,6 milljörðum króna. Þeir hafa nú fallið frá höfuðstólskröfu sinni, en krefjast enn vaxta og kostnaðar.

Gunnar Viðar, lögmaður TIF, segir ljóst að krafan sé hærri. „Á þeim tíma voru vextir og kostnaður talin taka kröfuna upp í um 1.000 milljarða króna.“

Hæstiréttur Íslands staðfesti á dögunum úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að Bretum og Hollendingum yrði leyft að leggja þrjár spurningar fyrir EFTA-dómstólinn. Spurningarnar lúta að því hvort það samræmist EES-samningnum að skuldbindingar innstæðutryggingarsjóðs takmarkist við eignirnar á þeim tíma sem innstæður verða ótiltæk innlán þótt eignirnar dugi ekki til lágmarkstryggingar, hvort heimilt sé að stofna nýja deild um innlánstryggingarsjóð eins og gert var hér á landi og hvort það hafi verið heimilt að takmarka útgreiðslu úr sjóðnum við það sem tiltækt er í honum og krefjast þess að fallið verði frá frekari kröfum.

Guðrún Þorleifsdóttir, formaður stjórnar TIF, segist frekar bjartsýn á niðurstöðuna. Alltaf sé þó óvissa þegar dómsmál er höfðað. Ljóst sé að Icesave sé hvergi lokið.

**1.000**

milljarðar króna er sú upphæð sem krafan stóð í árið 2014 með vöxtum og kostnaði.

„Nei, þetta er náttúrulega klárlega partur af Icesave-málinu.“ Verði úrskurður EFTA-dómstólsins Bretum og Hollendingum í hag þurfa þeir að reka mál gegn íslenskum stjórnvöldum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

- kóp / sjá síðu 4



**DANSVEISLAN ÆFÐ** Í kvöld verða frumsýnd í Borgarleikhúsinu þrjú dansverk eftir jafnmarga heimsþekkta samtímadanshöfunda. Lokaæfing fyrir Blæði: obsidian pieces fór fram síðdegis í gær líkt og hér má sjá. Damien Jalet er höfundur allra verka, en meðhöfundar í tveimur þeirra eru Erna Ómarsdóttir og Sidi Larbi Cherkaoui. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Setja lokk inn fyrir efri vör:

## Ný tíska gæti stórskaðað tennurnar

**LÍFIÐ** „Smiley“ eða bros-bling eins og það kallast, sækir í sig veðrið meðal ungra kvenna í dag.

Pinni er settur í húðflipann sem tengir milli efrivarar og tannholdsins. „Þetta er öðruvísi og auðvelt að stjórna hve áberandi maður vill hafa þetta,“ segir Marólína Fanney Friðfinnsdóttir, ein þeirra sem hafa fengið sér bros-bling. „Margar vinkonur mínar eru með svona og margar langar í,“ segir Marólína sem segist fullviss um að hér sé um tískusveiflu meðal ungra kvenna að ræða.



**MARÓLÍNA FANNEY FRIÐFINNSDÓTTIR**

Hallfríður Guðsteinsdóttir tannlæknir segir varhugavert að fá sér slíka aðskotahluti í munninn, en auðvelt er að eyða glerungi tannanna með þessum hætti, hvort sem um stál- eða plastpinna er að ræða.

- ga / sjá síðu 34






Ríkisendurskoðun snuprar stjórnvöld vegna stöðu Náttúruminjasafnsins:

## Safnið lagt niður að óbreyttu

**MENNING** Ríkisendurskoðun telur að marka þurfi Náttúruminjasafni Íslands framtíðarstefnu sem bæði stjórnvöld og Alþingi styðji. Að öðrum kosti hljóti að koma til álita að leggja safnið niður sem sérstaka stofnun og koma starfseminni fyrir með öðrum hætti.

Þetta kemur fram í eftirfylgniskýrslu sem birt var í gær en árið 2012 birti Ríkisendurskoðun skýrslu þar sem kom m.a. fram að sökum þess hve illa væri búið að safninu næði það ekki að uppfylla lögbundnar skyldur sínar sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Ekki lægi fyrir stefna um starfsemi safnsins, fjárveitingar til þess væru af skornum skammti, safnkostur takmarkaður og húsnæðismál ótrygg.

Nú segir Ríkisendurskoðun að þremur árum síðar hafi staðan lítið sem ekkert breyst. Stofnunin sé enn rekin án formlegrar stefnu og af vanefnum. „Þá eru húsnæðismálin í mikilli óvissu, m.a. hefur það enga aðstöðu til sýningarhalds. Safnið nær því enn ekki að uppfylla lögbundnar skyldur sínar,“ segir í skýrslunni. - shá



**DRAUMSÝN** Hugmynd um sýningu í Perlunni var komin á rekspöl. MYND/NMSÍ





**YFIRBURÐIR**

Fréttablaðsins staðfestir

**Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á tölublað, 18–49 ára.** Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

## VEÐUR




Í dag snýst vindur til sunnanáttar. Síðdegis verða 8 til 15 metrar á sekúndu og rigning. Hægari vindur, léttir til og hlýnar á Norður- og Austurlandi.

SJÁ SÍÐU 22

Lögregla ásakar útibú veitingastaðar í Waco um alvarlega vanrækslu í aðdraganda skotbardaga:

# Veitingastaðurinn í Waco missir leyfið

**BANDARÍKIN** Níu létust og átján voru fluttir á sjúkrahús eftir skotbardaga milli fimm mótorhjólagengja í borginni Waco í Texas á sunnudagskvöld. Blóðbað varð á bílastæði útibús veitingastaðarins Twin Peaks eftir að meðlimir gengjanna höfðu safnast saman inni á veitingastaðnum. Átökin hófust með slagsmálum en leystust fljótt upp í skotbardaga. Fjöldinn allur af skotvopnum, keðjum og hnífum var gerður upptækur.

Lögreglan í Waco gaf út yfirlýsingu á sunnudagskvöld og sagðist hafa handtekið um tvö hundruð vegna bardagans en lækkaði töluna í gær niður í 160. Talsmaður lögreglunnar í Waco, Patrick Swanton, sagðist aldrei hafa séð nokkuð þessu líkt á rúmlega þriggja áratuga starfsferli sínum hjá lögreglunni. Hann sagði lögreglu hafa vitað að gengin hefðu ætlað að safnast saman og varað veitingastaðinn við.

Enn fremur segir Swanton lögreglu hafa reynt að vinna með eigendum staðarins til að reyna að koma í veg fyrir atvikið en án árangurs og sagði orð talsmanns veitingastaðarins þess efnis að hann hafi reynt að vinna með lögreglu algjöran tilbúning.

Keðjan sem útibúið fékk rekstrarleyfi sitt hjá hefur nú afturkallað leyfi útibúsins sem upphaflega átti einungis að loka í viku til að rannsaka vettvang bardagans. - þea




**MISSIR LEYFIÐ** Útibú Twin Peaks í Waco missir rekstrarleyfið vegna skorts á samstarfi við lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BORIN TIL GRAFAR** Hjúkrunarfólk á King Edward Memorial sjúkrahúsinu auk annars starfsfólks og aðstandenda taka þátt í göngu þar sem Aruna Shanbaug var borin til grafar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Heilasköðuð og lömuð eftir árás á sjúkrahúsi árið 1973:

# Látin eftir tæplega 42 ár í dái

**INDLAND Aruna Shanbaug, sem verið hafði í dái í tæp 42 ár eftir að ræstingamaður á King Edward Memorial sjúkrahúsinu í Mumbaí á Indlandi réðst á hana og nauðgaði henni, lést í gær. Í tilkynningu sjúkrahússins segir að hún hafi verið 67 ára gömul.**

**Shanbaug fékk lungnabólgu fyrir viku og lést á gjörgæsludeild sjúkrahússins þar sem hún starfaði áður og þar sem ráðist var á hana 27. nóvember 1973. Þá varð hún fyrir alvarlegum heilaskaða og lamaðist. Mál hennar hefur verið í miðju umræðu um líknardráp á Indlandi síðustu ár.** - óká

Afbrotamenn í felum:

# Hundruð komast hjá fangelsi

**SVÍÞJÓÐ** Undanfarin sex ár hafa 553 afbrotamenn í Svíþjóð komist hjá afplánun fangelsisdóma með því að halda sig til hlés þar til brotið er fyrnt. Í sumum tilfellum nægir að vera í felum í fimm ár en dæmdur afbrotamaður kann að þurfa að vera í felum í 30 ár, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá. Dómar vegna mjög grófra afbrota, til dæmis morðs eða hryðjuverks, fyrnast ekki.

Óttast er að virðing fyrir réttarkerfinu minnki þegar slíkur fjöldi sleppur við afplánun. - ibs

Vilja loka Laugavegi öllum:

# Íbúar vilja loka við Snorrabraut

**REYKJAVÍK** „Eru Sumargötur bara fyrir suma?“ spyr Valgerður Árnadóttir, íbúi á Vatnsstíg í miðbæ Reykjavíkur, í pistli sem fylgir undirskriftasöfnun þess efnis að Laugavegi skuli lokað við Snorrabraut en ekki Vatnsstíg eins og nú er gert. Undirskriftasöfnunin fer fram á vefsíðunni change.org. Tæplega 250 manns höfðu skrifað undir í gærkvöldi.

Valgerður segir núverandi lokun þýða stanslausan umferðarnið hjá sér og svo mikinn útblástur að hún geti ekki opnað hjá sér glugga. „Og það er sumar!“ áréttar hún. - þea

# Útilokar ekki að breyta þurfi lögum

Borgarstjóri og formaður umhverfis- og skipulagsnefndar segja að setja verði skýrari og aðgengilegri reglur um akstur hópbifreiða um götur miðbæjarins. Báðir segja að þeir að borgin muni grípa til aðgerða og eru bjartsýnir á að málið leysist.

**REYKJAVÍK** „Við höfum verið að leggja skýrari línur en áður varðandi þessa hluti. Við höfum verið að gefa út fyrirmæli um það hvernig við viljum hafa þetta,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í ljósi umræðu síðustu daga um akstur hópbifreiða um íbúðargötur í miðbænum.

Lögregla getur ekkert aðhafst vegna aksturs hópbifreiða í íbúðahverfum þar sem engin lög banna slíkan akstur. Engin lög eru til um akstur hópbifreiða í íbúðahverfum en borgin getur sett reglur með samþykki lögreglustjóra. „Lögreglustjóri fær tillögur frá Reykjavíkurborg og getur þá bannað slíka umferð,“ segir Dagur sem telur að grípa þurfi til aðgerða.

„Það er alveg möguleiki að það þurfi að skoða lagasetningu ef ekkert annað gengur. Ég tel aðalatriðið vera að reglurnar séu skýrar þannig að allir geti lifað í sátt og samlyndi.“ Dagur kveðst þó vongóður um að málið leysist með góðu samstarfi.

Varaformaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Þórir Garðarsson, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að lausnin fælist í aukinni samvinnu milli ferðaþjónustunnar og Reykjavíkurborgar.

„Við hjá borginni munum grípa til frekari aðgerða, það er engin spurning. Ég mun taka þetta mál upp á næsta reglulega fundi með lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um næstu mánaðamót og á von á góðu samstarfi,“ segir Dagur sem telur ástandið alvarlegt. Þá standi einnig yfir fundarhöld með fulltrúum ferðaþjónustunnar.

„Atburðir síðastliðinnar helgar sprengdu mælinn að mínu mati,“ segir Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar. „Í dag hitti ég framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar á fundi og vorum við sammála um að það þurfi aðgengilegri reglur,“ segir hann og telur að hugsanlega þurfi að herða reglurnar um akstur hópbifreiða.

Hjálmar telur vandann felast í að samþykktir sem settar hafi verið séu ekki nægilega aðgengilegar.

„Þær eru skýrar en það þarf meðal annars að kynna reglurnar fyrir hóteleigendum,“ segir Hjálmar, en umhverfis- og skipulagsráð fjallar um málið á fundi í vikunni.

„Aukið álag fylgir fjölgun ferðamanna og við hjá borginni verðum að passa að rúturnar trufli ekki um of í íbúðahverfunum,“ segir Dagur. nadine@frettabladid.is




**ÞRENGSL Í ÞINGHOLTUNUM** Engin lög eru til um akstur hópbifreiða í íbúðahverfum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HJÁLMAR SVEINSSON**



**DAGUR B. EGGERTSSON**




Bandaríkjamenn og Kínverjar ræða samstarf gegn kjarnorkuvæðingu:

# Herða aðgerðir gegn N-Kóreu

**SUÐUR-KÓREA** John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, fór mikinn um málefni Norður-Kóreu í heimsókn sinni til höfuðborgar Suður-Kóreu, Seúl, í gær.

Kerry sagði að norðurkóreska ríkisstjórnin væri hvergi nærri því að binda enda á kjarnorkuvopnavæðingu ríkisins í ljósi þess hve ítrekað ríkið hefur ögrað alþjóðasamfélaginu nýverið. „Ég held að alþjóðasamfélagið hafi aldrei verið jafnsameinað og nú. Það er forgangsatriði númer eitt að binda enda á kjarnorkuvopnaáætlun Norður-Kóreu,“ sagði hann.

Kerry sagði enn fremur að bandaríska ríkisstjórnin myndi funda með þeirri kínversku í júní um næstu skref í þessum málum. Talsmaður utanríkisráðuneytis Kínverja, Hong Lei, neitaði að tjá sig um ummæli utanríkisráðherrans bandaríska. Kínverjar hafa oft og lengi beitt neitunarvaldi sínu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna þegar aðgerðir gegn Norður-Kóreu hafa verið til umræðu.

„Ríkisstjórn Norður-Kóreu er eitt alversta dæmið um algjöra vanvirðingu við mannréttindi og mannfólk alls staðar í heiminum. Hún sýnir af sér viðurstyggð, ógeð og hrylling að geðþótta leiðtogans,“ sagði Kerry að lokum. Allsherjarráð Sameinuðu þjóðanna hefur lagt til að ákæra ríkið fyrir mannréttindabrot en líklegt þykir að Kínverjar beiti neitunarvaldi gegn slíkri kæru. - þea



**HARÐORÐUR** John Kerry sparaði ekki stóru orðin er hann ræddi um Norður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með tvo metantanka og einn 50 lítra bensíntank kemstu 1.330 km án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC**.



Lykill fjármögnun

HEKLA og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan ŠKODA á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

## SPURNING DAGSINS



Ásthildur, hætta krakkarnir þá að tala vestfirsku?

**„Það munu börnin okkar aldrei gera!“**

Börnum og unglingum í Vesturbyggð býðst nú talþjálfun með beinu sambandi í gegnum netið við sérfræðing í Reykjavík.

Alþjóðadýraverndunarsjóðurinn segir að víðast hvar sé litið á milliríkjaverslun með hvalkjöt sem ólöglega verslun:

# Segja Hval hf. ögra alþjóðasamfélaginu

**DÝRAVERND** „Dýraverndunarsjónarmið eru fyrir borð borin með þessu atferli. Það er líka í þágu íslenskra hagsmuna að snúa baki við slíkum óvissuferðum Hvals hf. og virða vilja alþjóðasamfélagsins,“ segir Sigursteinn Másson, talsmaður Alþjóðadýraverndunarsjóðsins.

Samtökin furða sig á því að Hvalur hf. ætli að ögra alþjóðasamfélaginu með hnattreisu með langreyðarkjöt til Japans. Þetta kom fram í tilkynningu frá samtökunum í gær í kjölfar frétta af 1.700 tonnum af langreyðarkjöti til útflutnings um borð í skipinu Winter Bay sem liggur nú við festar í Hafnarfjarðarhöfn.

Samtökin segja að víðast hvar sé litið á milliríkjaverslun með hvalkjöt sem ólöglega verslun með smyglvarning, sem fá ríki vilja nokkuð koma nálægt. „Það er litið á slíka verslun sömu augum og verslun með fílabein,“ segir Sigursteinn.

Hvalveiðar eru bannaðar samkvæmt ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins frá 1982 og telur Alþjóðadýravelferðarsjóðurinn ólíklegt að CITES-samningurinn sem Ísland hefur fullgilt, um alþjóðaverslun með plöntur og dýr í útrýmingarhættu, muni samþykkja milliríkjaverslun með langreyðarkjöt. „Langreyðurin er á lista yfir dýr í útrýmingarhættu samkvæmt þeim samningi,“ segir Sigursteinn.

„Skipið Alma sigldi síðasta vor með hvalkjöt í einn og hálfan mánuð mjög óhefðbundna leið og lagðist hvergi að bryggju fyrr en á áfangastað. Það sýnir skoðanir alþjóðasamfélagsins.“ **- ngy**



**WINTER BAY** 1.700 tonn af langreyðarkjöti eru um borð í Winter Bay. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**KLAUSTUR** Nýr sveitarstjóri hefur tekið til starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tóku tillit til minnihlutans:

## Sveitarstjórinn ekki á sérfundi

**SVEITARSTJÓRNIR** Fulltrúar meirihlutans í sveitarstjórn Mýrdalshrepps segjast hafa fellt niður umdeilt ákvæði í ráðningarsamningi nýs sveitarstjóra vegna andstöðu minnihlutans.

„Sveitarstjóri heldur reglulega fundi með meirihluta sveitarstjórnar þar sem farið er yfir stöðu helstu mála sem eru á döfinni hverju sinni,“ sagði í ákvæðinu sem minnihlutinn gagnrýndi og hefur nú verið tekið út. Minnihlutinn segir það til bóta en að öðru leyti sé afstaða þeirra til ráðningarsamningsins óbreytt. **- gar**

Flestir aflífaðir fyrir morð:

## Sádar auglýsa eftir böðlum

**SÁDI-ARABÍA** Yfirvöld í Sádi-Arabíu auglýsa nú eftir átta starfsmönnum í aftökur samkvæmt frétt The Guardian. Þetta er gert til þess að svara aukningu í dauðarefsingum þar í landi. Engar hæfniskröfur eru settar sem skilyrði í auglýsingu um starfið.

Síðastliðinn sunnudag var maður hálshöggvinn í Sádi-Arabíu og var það aftaka númer áttatíu og fimm á árinu.

Sádi-Arabía er í hópi landa þar sem flestar dauðarefsingar eru framkvæmdar. **- ngy**

# Hundruð milljarða í húfi

**EFTA-dómstóllinn mun taka afstöðu til spurninga Breta og Hollendinga varðandi Icesave. Gætu sótt mál fyrir íslenskum dómstólum. Ýtrustu kröfur gætu numið allt að 1.000 milljörðum. Tim Ward fer með mál Íslands.**

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Icesave-málinu er hvergi nærri lokið og EFTA-dómstóllinn mun taka afstöðu til þriggja fyrirspurna frá Bretum og Hollendingum er lúta að því hvernig gengið var frá málum varðandi Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta (TIF). Sjóðurinn hefur fengið breska lögfræðinginn Tim Ward til að reka málið og gæta hagsmuna Íslands.

Ljóst er að ítrustu kröfur eru gríðarlega háar. Gunnar Viðar, lögmaður hjá Lex, er lögmaður TIF. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir hann óljóst hver nákvæm upphæð kröfunnar er, vextir séu áfallandi og talan breytist því með hverjum degi. Það eigi þó ekki við um kröfu Hollendinga, sem hafa nú bara uppi kröfu um vexti til tiltekins dags.

Í tilkynningu sem TIF sendi frá sér á síðasta ári nam krafa Breta og Hollendinga um 556 milljörðum króna, auk vaxta og kostnaðar. Hollendingar áttu 103,6 milljarða króna af þeirri kröfu. Vextir og kostnaður voru talin taka kröfuna upp í um 1.000 milljarða króna.

Hæstiréttur Íslands staðfesti í mars úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur sem heimilaði Bretum og Hollendingum að fara með þrjár spurningar fyrir EFTA-dómstólinn.

Guðrún Þorleifsdóttir, formaður stjórnar TIF, segir að nokkuð lengi hafi legið í loftinu að svo gæti farið. Hún segir sjóðinn vera að undirbúa vörnina í þessum þætti málsins. Nokkuð geti verið í endanleg svör.

„Þegar svör EFTA-dómstólsins liggja fyrir á eftir að fá aðalmeðferð hér heima og síðan niðurstöðu Hæstaréttar. Það getur því liðið nokkur tími þar til endanleg niðurstaða kemur í málið.“

Hún segist þó tiltölulega bjartsýn á niðurstöðuna.

„Það er þó alltaf ákveðin óvissa þegar búið er að höfða mál og gildandi réttur er kannski hvergi skráður hvað þessi atriði varðar nákvæmlega.“

### ➜ Verðlaunaður



Tim Ward er virtur breskur lögfræðingur. Hann var málflutningsmaður Íslands í Icesave-málinu fyrir EFTA-dómstólnum og fyrir það valdi breska tímaritið The Lawyer hann málflutningsmann ársins árið 2013.

### Spurningarnar á mannamáli

- Samrýmdist það EES-samningnum að miða við stöðu tryggingarsjóðsins við ákveðinn tímapunkt, þegar bankakerfið fór á hausinn, og miða við stöðu hans eins og hún var þá en ekki skuldbindingar?
- Er það í samræmi við Evrópureglur að stofna nýja deild utan um tryggingarsjóð sem er óháð eldri skuldbindingum hans?
- Var löglegt að setja Bretum og Hollendingum það skilyrði fyrir því að þeir fengju það fé sem tiltækt var í sjóðnum að þeir afsöluðu sér heildarkröfunni í búið?




**MIKILL MEIRIHLUTI** Alþingi samþykkti síðari Icesave-samninginn 16. febrúar árið 2011 með miklum meirihluta, en aðeins 16 þingmenn voru á móti honum. Munaði þar mestu um að Sjálfstæðisflokkurinn studdi stjórnina í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





MALLORCA

FERGUS TOBAGO ★★★

Hótel á besta stað á Palmanova þar sem Magaluf og Palmanova mætast. Hægt er að ganga úr hótelgarðinum beint á ströndina. Fín sundlaug og lítil barnalaug.



21.–28. júlí.
Fjórbýli með öllu inniföldu

116.500 KR.

m.v. 2 fullorðna og 2 börn. 126.500 m.v. 2 fullorðna.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is


Enn einn árangurslaus fundur í kjaradeilu BHM og ríkisins í gær:

# Segja vonarglætu að engu orðna

**KJARAMÁL** Vonarglæta sem vaknaði fyrir um viku um að samningaviðræður væru loksins hafnar eftir nokkurra mánaða setu BHM með samninganefnd ríkisins hjá ríkissáttasemjara varð að engu á samningafundi gærdagsins, segir Páll Halldórsson, formaður samninganefndar BHM. „Það er deginum ljósara að enginn samningsvilji er hjá ríkinu.“

Fyrir helgi sendi BHM frá sér fréttatilkynningu þar sem því var lýst yfir að verkfallsaðgerðir yrðu ekki hertar að svo stöddu. Í tilkynningu frá BHM í gær segir að sú ákvörðun hafi verið tekin í trausti þess að á næsta fundi með ríkinu yrðu tekin sýnileg skref í átt að lausn deilunnar. Það hafi ekki gengi eftir.

„BHM hefur ítrekað verið tilbúið að ræða ýmsar leiðir til lausnar en þrátt fyrir það hefur ríkið ekki fengist í þá vinnu af alvöru og það sýnt sig að þeir eru að bíða eftir að samið verði á almennum vinnumarkaði.“ Í tilkynningu BHM segir að með þessu sýni ríkið starfsmönnum sínum vanvirðingu þar sem samningsréttur þeirra sé ekki virtur.

„Stjórnvöld hafa að engu þau víðtæku áhrif sem verkfallsaðgerðir starfsmanna þeirra hafa og virða að vettugi þá grafalvarlegu stöðu sem löngu er komin upp í samfélaginu. Þessi staða er algerlega á ábyrgð ríkisins,“ segir Páll.

Ekki hefur verið boðað til nýs fundar í deilunni, sem fer harðnandi því Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins samþykkti í gær boðun ótímabundins verkfalls hjá Fjársýslu ríkisins frá miðnætti 2. júní næstkomandi. **- sáp, aí**



**FUNDUR** Páll Halldórsson, formaður samninganefndar BHM, á samstöðufundi samtakanna á Lækjartorgi 9. apríl síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Viðarvörn
## fyrir íslenskar aðstæður

Tryggðu viðnum b... er allra veðra von.
bestu fáanlegu v... n.Tryggðu viðnum
vörn. Á Íslandi er ... um bestu fáanlegu
allra veðra von. T... Íslandi er allra
Tryggðu viðnum b... er allra veðra von.
bestu fáanlegu v... n.Tryggðu viðnum
vörn. Á Íslandi er ... um bestu fáanlegu




## Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

**Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður**

**málning**
*-það segir sig sjálft-*

*Útsölustaðir Málningar*: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi Málningarbúðin Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Ormson Vík, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík

ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 74382 05/15

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða bær á Íslandi stefnir að því að verða kolefnishlutlaus?
**2.** Hvaða þjálfun hafa börn í Vesturbyggð fengið á netinu?
**3.** Hvað heitir listakonan sem málar myndir á gamlar skóflur?

**SVÖR:**
1. Akureyri. 2. Talþjálfun. 3. Sigurbjörg Eyjólfsdóttir

VERKALÝÐSBARÁTTAN

**REYNSLUSÖGUR** ÁHRIF YFIRSTANDANDI AÐGERÐA

# Þetta eru svakalegar aðgerðir

„Þetta eru svakalegar aðgerðir. Venjulegt fólk áttar sig ekki á þessu. Það er tekin af okkur eina innkoman. Þetta er eins og hjá manni sem missir vinnuna og tekjurnar, en verður samt að vinna. Ef við förum ekki að selja blasir við gjaldþrot.“

Þetta segir Jón Magnús Jónsson, eigandi Ísfugls, sem var eini kjúklingaframleiðandinn sem setti ekki ferskan kjúkling á markað um helgina. „Ég ákvað að bíða og rjúfa ekki samkomulagið við dýralækna í þeirri von að enn væri til friðsamleg lausn. Við höfum alltaf fengið undanþágu til að slátra þangað til síðastliðinn föstudag. Ég tek ekki afstöðu í verkfallsdeilunni en þetta er grafalvarlegt mál.“

Jón hefur slátrað um fimm til sjö þúsundum fugla á dag sem hafa verið frystir samkvæmt samkomulagi við dýralækna. „Ég hef verið að selja örlítið af eldri lager sem var til. Við erum hins vegar að vonast til að fá að selja það sem við höfum verið að frysta undanfarnar vikur. Við þurfum rekstrarfé. Það þarf að kaupa fóður og gera upp við bændur.“

Beiðni Ísfugls um slátrun var frestað í gærmorgun. - ibs



**KJÚKLINGABÓNDI** Jón Magnús Jónsson, eigandi Ísfugls. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttablaðið leitar að sögum sem tengjast verkfallsaðgerðum. Láttu okkur endilega vita af skemmtilegum, eða miður skemmtilegum, sögum með því að senda okkur póst á **ritstjorn@frettabladid.is.**



**SAMNINGAFUNDUR** Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju og Starfsgreinasambandsins, ásamt Magnúsi Péturssyni ríkissáttasemjara í Karphúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## VERKFALLSAÐGERÐIR Í GANGI

**BANDALAG HÁSKÓLAMANNA (BHM)**

**Ótímabundið verkfall hjá hluta aðildarfélaga** | Stendur enn yfir

Í DAG ER 43. DAGUR Í VERKFALLI FIMM ÞEIRRA:

1. **Félag geislafræðinga** Hefur meðal annars áhrif á starfsemi Landspítalans. Ekki er hægt að framkvæma margvíslegar rannsóknir sem krefjast röntgenmyndatöku.
2. **Félag lífeindafræðinga** Áhrif á framkvæmd rannsókna á Landspítalanum. Lífeindafræðingar starfa á rannsóknastofum sjúkrahúsa og fyrirtækja í erfðagreiningu og lyfjaiðnaði, auk stofnana sem þjóna landbúnaði.
3. **Félag íslenskra náttúrufræðinga á Landspítala** Koma að frumu- og sameindalíffræði, eðlis- og efnafræði, lífeðlis- og lífefnafræði, erfðafræði og líftækni, örveru- og veirufræði, ónæmisfræði, blóðbankafræði, vefjafræði, meinafræði, faraldsfræði, tölfræði og kerfislíffræði.
4. **Ljósmæðrafélag Íslands á Landspítala** | ÞRI., MIÐ. OG FIM. Raskar starfi kvennadeildar, en undanþágur hafa verið veittar, svo sem vegna keisaraskurðaðgerða.
5. **Stéttarfélag lögfræðinga hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu** Ekki er hægt að ganga frá alls kyns opinberum skiptum, gjaldþrota- eða skiptum dánarbúa, skilnuðum, hjónavígslum og fleiri hlutum.

- **Ljósmæðrafélag Íslands á Sjúkrahúsinu á Akureyri** Ótímabundið verkfall hófst 9. apríl. Verkfall á mánudögum og fimmtudögum. Aðgerðir eru því á 41. degi.

**HAFA VERIÐ Í VERKFALLI FRÁ 20. APRÍL** - 30. DAGUR

1. **Félag íslenskra náttúrufræðinga á Matvælastofnun** Meðal annars áhrif á eftirlit með plöntuheilbrigði, matvælaöryggi og neytendavernd.
2. **Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði á Matvælastofnun** Raskar margvíslegu eftirliti og rannsóknum.
3. **Dýralæknafélag Íslands** Stórfelld áhrif á matvælaframleiðslu. Uppáskrift dýralækna og eftirlit þarf við slátrun og einnig vegna innflutnings.

**Í PÍPUNUM: SGS:** Verkfalli sem átti að vera í dag og á morgun hefur verið frestað til 28.-29. maí og ótímabundinni vinnustöðvun til 6. júní. **Hjúkrunarfræðingar:** Ótímabundið verkfall hefst 27. maí. **VR, LÍV og Flóabandalag:** 28.-29. maí er verkfall hjá hópbifreiðafyrirtækjum, 30.-31. maí er verkfall á hótelum, gisti- og baðstöðum, 31. maí-1. júní er verkfall í flugafgreiðslu, 2.-3. júní er verkfall hjá skipafélögum og í matvöruverslunum, 4.-5. júní er verkfall hjá olíufélögum, 6. júní hefst ótímabundið verkfall félagsmanna.

# Skattbyrði millitekjuhópa gæti orðið meiri

Hagstæð áhrif af hækkuðum persónuafslætti sem síðan færi stiglækkandi með auknum tekjum yrðu eðlilega mest hjá tekjulægstu hópunum. Í dæmi sem sett er upp í nýjasta hefti Vísbendingar má hins vegar sjá aukna skattbyrði millitekjuhópa.

**KJARAMÁL** Hækki laun allra hópa um meira en fjögur prósent í yfirstandandi kjarasamningum, um leið og kynntar yrðu til sögunnar skattkerfisbreytingar með hækkuðum persónuafslætti sem færi stiglækkandi með auknum tekjum, þá myndu ráðstöfunartekjur allra hópa aukast. Þetta kemur fram í umfjöllun efnahagsritsins Vísbendingar um eina mögulega útfærslu slíkra skattkerfisbreytinga.

Í dæminu er gert ráð fyrir að skattleysismörk verði færð upp í 160 þúsund krónur á mánuði, skattprósentur yrðu óbreyttar frá því sem nú er, en persónuafslátturinn yrði breytilegur eftir tekjum.

„Hækkun persónuafsláttar er mjög dýr aðgerð. Þess vegna hefur sú hugmynd verið sett fram að breyta afslættinum þannig að hann fari stiglækkandi með tekjum,“ segir í Vísbendingu. Lágtekjufólk myndi njóta hans að fullu, en hátekjufólk fengi engan persónuafslátt. „Með þessu móti fer breyting á afslættinum ekki til þeirra sem hæst hafa launin.“

Gert er ráð fyrir að fyrir tekjur undir 309.140 krónum verði persónuafslátturinn 59.680 krónur, sem samsvari 160 þúsund króna skattleysismörkum. „Afslátturinn fari svo jafnt lækkandi niður í núll við 1.200 þúsund krónur.“

Áhrifin eru sögð þau að skattar þeirra sem lægst hafi launin lækki, en þegar komið sé í tekjur aðeins yfir millitekjum, sem nú séu á bilinu 350 til 400 þúsund krónur á mánuði, þá hækki skattbyrðin.




**HJÁ SKATTINUM** Miðað við breytingar á tekjuskattkerfinu sem teiknaðar eru upp í Vísbendingu yrðu engar breytingar hjá fólki með um 400 þúsund krónur í mánaðarlaun, en þeir sem hefðu hærri tekjur greiddu meiri skatta eftir breytingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ráðstöfunartekjur þeirra sem eru með um 200 þúsund krónur á mánuði myndu hækka um fjögur prósent við þessa breytingu, en ráðstöfunartekjur þeirra sem eru með tekjur um 700 þúsund myndu lækka um nálægt þrjú prósent,“ segir í Vísbendingu. „Breytingin er fyrst og fremst tilfærsla á skattbyrðinni frá þeim sem minnst hafa launin til hinna sem hafa meiri tekjur.“

Í Vísbendingu er tekið fram að tímaritið felli ekki um það nokkurn dóm hvort leiðin sé snjöll eða heppileg. „Mat manna á því fer eflaust eftir því hvar menn lenda á tekjuskalanum, en persónuafsláttur af þessu tagi myndi jafna ráðstöfunartekjur í samfélaginu.“

olikr@frettabladid.is

### Tekjuskattkerfið

| Tekjur | Skatthlutfall |
|---|---|
| 0 - 142.153 kr. | 0,00% |
| 142.154 - 309.140 kr. | 37,30% |
| 309.141 - 836.404 kr. | 39,74% |
| 836.404 kr. og þar yfir | 46,24% |

Persónuafsláttur er 50.902 krónur á mánuði, sem jafngildir skattfrelsi upp í 142.153 krónur.
*Heimild: Vísbending*





# TAKTU SKREFIÐ

## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

## NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI
## KYNNINGARFUNDUR 20. MAÍ AÐ DUNHAGA 7

### KLUKKAN 16:15

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI
***DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI***

### KLUKKAN 17:30

FRAMKVÆMDAFERLI MANNVIRKJAGERÐAR
***STAÐNÁM – FJARNÁM***

FJÁRMÁL OG REKSTUR
***STAÐNÁM – FJARNÁM***

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRIÐUM HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR
***STAÐNÁM – FJARNÁM***

### KLUKKAN 17:00

VIÐURKENNDUR BÓKARI
***STAÐNÁM – FJARNÁM***

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

### KLUKKAN 18:00

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI
***STAÐNÁM – FJARNÁM***

NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA- OG SKIPASALA
***STAÐNÁM – FJARNÁM***

SÉRNÁM Í HUGRÆNNI ATFERLISMEÐFERÐ FYRIR SÁLFRÆÐINGA OG GEÐLÆKNA

FLESTAR NÁMSBRAUTIR ENDURMENNTUNAR ERU LÁNSHÆFAR

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR: SÍMI 525 4444 ENDURMENNTUN.IS

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS




Síld og fiskur ehf. vill að ráðherra beiti valdi svo kjöt verði ekki urðað:

# Stefnir í að aflífa þurfi 500 grísi

**KJARAMÁL** Síld og fiskur ehf. hefur sent Sigurði Inga Jóhannssyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, bréf þar sem skorað er á hann að sjá til þess að yfirdýralæknir eða sjálfstætt starfandi dýralæknir verði fenginn til starfa sem kjötskoðunarlæknir við slátrun grísa hjá fyrirtækinu í vikunni til að koma í veg fyrir að kjöt sem nemur 125.000 máltíðum verði urðað.

Bréfið var einnig sent á Eygló Harðardóttur, sem er starfandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á meðan Sigurður Ingi er erlendis. Bréfið vísar til valds ráðherra til að beita sér með þessum hætti, samkvæmt lögum nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir.

Ef ástandið er óbreytt segir í bréfinu að Síld og fiskur muni þurfa að aflífa allt að 500 grísi í vikunni af dýravelferðarástæðum. „Þessir grísir gætu orðið uppistaða í 125.000 máltíðum en í staðinn enda þeir engum til gagns í fjöldagröfum á urðunarstöð Sorpu,“ segir í bréfinu.

- þea



**ÁSKORUN** Síld og fiskur ehf. hefur sent áskorun á Sigurð Inga Jóhannsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Sex sinnum meiri framleiðsla í þorskeldi árið 2009




*Þorskeldi er tvískipt; aleldi seiða upp í sláturstærð og áframeldi á villtum undirmálsþorski.

# Þorskeldið á Íslandi komið að fótum fram

Bæði hér heima og í Noregi hafa áætlanir um stórfellt þorskeldi runnið út í sandinn. Kynbótastarfi er viðhaldið til að búa í haginn til framtíðar. Um 300 tonnum var slátrað í fyrra en 1.800 tonnum árið 2009. Verð á mörkuðum hríðféll í hruninu.

**FISKELDI** Áætlanir um eldi á þorski í sjókvíum hér á Íslandi, sem og í Noregi, hafa fjarað út. Kynbótaverkefnum er haldið áfram til að viðhalda þeim árangri sem hefur náðst og til að byggja undir frekari eldisstarf, vakni áhugi á því síðar.



**KRISTJÁN G. JÓAKIMSSON**

Kristján G. Jóakimsson, vinnslu- og markaðsstjóri hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru (HG), segir að smátt og smátt hafi eldið verið að detta út af. Fyrir þremur árum hafi verið ákveðið að halda áfram kynbótum og framleiðslan takmarkist í raun við það verkefni. Hafrannsóknastofnun, IceCod og Gunnvör hafa staðið að verkefninu. HG hefur leyfi til eldis á 2.000 tonnum af þorski í sjókvíum fyrir vestan – í Álftafirði og í Seyðisfirði.

Kristján bendir á að vissar áskoranir séu í þorskeldinu – nokkuð sem hefur verið leyst í laxeldi. Eins hafi verð á mörkuðum lækkað um tugi prósenta með hruninu 2008 og þá hafi verið ljóst að eldið stóð engan veginn undir sér.

> Það er því mun betri tímasetning að byrja núna en fyrir tíu árum – en best er að bíða lengur eftir meiri kynbótaframförum. Það á einnig eftir að gera mikið í sjúkdómamálunum svo sem framleiða bóluefni.
>
> *Valdimar Ingi Gunnarsson, sérfræðingur hjá Sjávarútvegsþjónustunni.*

Síðasta fyrirtækið í Noregi, þar sem bjartsýnin var mikil fyrir fáum árum, hefur látið af frekari áformum um þorskeldi en frá þessu sagði sjávarútvegsmiðillinn Fiskaren á dögunum. Bjartsýni Norðmanna á þorskeldi var hins vegar gríðarleg fyrir sex til sjö árum. Þá var rætt um annað eldisævintýri, og vísað til framleiðslu Norðmanna á laxi sem í dag er vel yfir milljón tonnum á ári.

Kristján segir ljóst að Norðmenn hafi tapað milljarðatugum í tilraunum sínum, en eldið hérlendis hafi auðvitað verið mun lágstemmdara.

Valdimar Ingi Gunnarsson, sérfræðingur hjá Sjávarútvegsþjónustunni ehf., segir að framfarir hafi verið miklar í kynbótum, bæði hér á landi og í Noregi, og þau seiði sem nú er hægt að fá séu af mun meiri gæðum en þegar starfið hófst.

„Það er því mun betri tímasetning að byrja núna en fyrir tíu árum síðan – en best er að bíða lengur eftir meiri kynbótaframförum. Það á einnig eftir að gera mikið í sjúkdómamálunum svo sem framleiða bóluefni og hefur hægt mikið á þróunarstarfinu, og er það miður,“ segir Valdimar. Hann bætir við að áhuginn gangi í sveiflum og sumir hafi nefnt 10 ára sveiflu í því samhengi.

Af þeim 310 tonnum sem slátrað var af þorski árið 2014 voru um 103 tonn úr aleldi, en restin kom úr áframeldi á villtum undirmálsþorski.

svavar@frettabladid.is






OPIÐ FYRIR
SKRÁNINGAR
**HAUSTÖNN 2015**

# GERÐU ÞIG AÐ **VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

## FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN
– frá byrjendum til sérfræðinga

Afar gagnleg og áhugaverð námsbraut. Gerir talsverðar kröfur til nemenda og hentar þeim sem hafa hug á frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein.
Upplagt nám fyrir byrjendur í upplýsingatækni þar sem hvorki er krafist reynslu né annarrar menntunar á sviði upplýsingatækni.

**Námsbrautin hefur fengið gríðarlega góðar viðtökur bæði nemenda og atvinnumarkaðarins, en mikill meirihluti nemenda hefur fengið ný atvinnutækifæri í kjölfar námsins.**

ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR
Að loknu námi eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem eru sérlega mikilvægar að hafa í farteskinu þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

Dag- og kvöldhópar • Verð án prófa: **899.000 kr.**
Verð með 8 alþjóðlegum prófum: **1.099.000 kr.** • Lengd: **520 std.**

## NETSTJÓRNUN – CCNA

Fyrir þá sem vilja starfa við netkerfi ýmiss konar með aðaláherslu á Cisco netbúnað. Lögð er áhersla á uppsetningu og rekstur og hönnun á netkerfum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur hafi þekkingu á netkerfum.
Meðal viðfangsefna eru Tölvuviðgerðir A+, Network + og Cisco CCNA. Náminu lýkur með yfirgripsmiklu lokaverkefni.

Dag- og kvöldhópar • Verð með 4 alþjóðlegum prófum: **649.000 kr.**
Lengd: **250 std.**

## KERFISSTJÓRNUN: MCSA + O365

Fyrir þá sem vilja starfa sem kerfisstjórar í Windows netþjónaumhverfum. Megináherslan er á Windows Server 2012 R2 stýrikerfið og hvernig þjónusta innan þess er notuð til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til nútíma tölvukerfa. Að auki er farið í hvernig fyrirtæki geta nýtt sér skýjaþjónustu Microsoft í Office 365. Náminu lýkur með yfirgripsmiklu lokaverkefni.

Dag- og kvöldhópar • Verð með 4 alþjóðlegum prófum: **649.000 kr.**
Lengd: **250 std.**

## NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF FYRIR TÆKNINÁM
– miðvikudaginn 20. maí kl. 17:30

## LÁNSHÆFT NÁM
**NÝTT**

Sérstakur samstarfssamningur Promennt og Framtíðarinnar námslánasjóðs gerir nemendum Promennt á völdum námsbrautum nú mögulegt að sækja um námslán (skólagjöld) og framfærslulán.

## FJARKENNSLA

Þessar námsbrautir bjóðast bæði í stað- og fjarnámi. Fjarkennslan okkar fer fram í beinni útsendingu sem þýðir einfaldlega að þú getur tekið þátt í kennslustundinni algjörlega óháð staðsetningu.

## FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

Markmiðið með þessari geysiöflugu námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til Viðurkennds bókara á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Námsbrautin er í fjórum hlutum auk undirbúnings sem felst í að nemendur læra námstækni með MindManager hugarkortshugbúnaðinum og gerð tollskýrslna.

1. Bókhald grunnur
2. Bókaranám fyrir lengra komna
3. Skattskil einstaklinga með rekstur
4. Viðurkenndur bókari

Námsbrautin er unnin í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ). Kennsla 1.–3. hluta fer fram hjá okkur í Promennt (bæði staðnám og fjarkennsla í boði) en 4. hluti fer fram hjá EHÍ.

Morgun- og kvöldhópar • Lengd: **413 std.** • Verð: **529.000 kr.**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA • 152386

Sýni sem bíða rannsóknar á Landspítala eru sum hver ónýt vegna aldurs:

# Frystiskápar fullir af blóðsýnum

**KJARADEILUR** Frystiskápar Landspítalans eru að fyllast af blóðsýnum. Ríflega sex þúsund sýni hafa verið fryst vegna verkfalls BHM. Þau elstu eru meira en mánaðargömul og tugir sýna eru orðnir ónýtir.

Ríflega helmingur allra starfsmanna á rannsóknarsviði Landspítalans hefur nú verið í verkfalli í um sex vikur. Um er að ræða 250 lífeinda-, náttúru- og geislafræðinga.

Áður en verkfallið skall á tók oftast tvo til þrjá daga að fá niðurstöður úr blóðprufum. Núna þurfa sjúklingar jafnvel að bíða vikum saman.

Ísleifur Ólafsson, yfirlæknir rannsóknarkjarna Landspítalans, segir rannsóknir sem bíða skipta orðið tugum þúsunda. Nokkur hundruð sýni eru talin vera orðin léleg og ekki koma til með að skila fullnægjandi niðurstöðum. Elstu sýnin í frystiskápunum eru frá 13. apríl. Þá bíða 350 vefjasýni eftir því að verða skoðuð.

„Þetta er erfið staða og ég met það svo að hún sé hættuleg sjúklingum,“ segir Ísleifur. **- lvp**



**Á RANNSÓKNARSTOFU** Blóðsýni eru sögð best þegar þau eru ný. Þegar frá líður verða sýni lélegri og erfiðara að túlka niðurstöður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Veitingamenn fái svigrúm:

## Setji eigin reglur um gæludýr

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja gefa eigendum kaffihúsa, veitingastaða og annarra samkomustaða svigrúm til að leyfa dýrahald ef þeir óska. Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, fer fyrir tillögunni.

„Allt gæludýrahald hefur breyst,“ segir Hildur og bendir á rannsóknir sem sýni að betra sé að hafa gæludýr en ekki. „Það lífgar upp á og gerir borgarumhverfið betra að hafa þau sem víðast. Þótt auðvitað þurfi að huga vel að hreinlæti, ofnæmisvöldum og öðrum álitamálum.“

Tillagan gengur út á að borgarstjórn sammælist um að beina því til ríkisvaldsins að sveitarfélögunum verði í sjálfsvald sett hvernig þau vilja haga reglum um hollustuhætti og matvæli. **- nej**



**VERKFALL Í LEIFSSTÖÐ** Vinnustöðvun í fyrravor setti strik í reikning flugfarþega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Flug truflast um næstu mánaðamót

Verkfall flugafgreiðslufólks truflar flugumferð hér 31. maí og 1. júní. Allsherjarverkfall frá 6. júní stöðvar svo flug ótímabundið. Fulltrúar flugfélaganna segja farþega spyrjast fyrir um rétt sinn en að ekki dragi úr bókunum.

**SAMGÖNGUR** „Við höfum ekki orðið vör við það að bókanir hafi dregist saman í kringum þetta tímabil,“ segir Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, aðspurð um áhrif yfirvofandi allsherjarverkfalls 6. júní næstkomandi.

Búast má við því að truflanir verði á flugi strax dagana 31. maí og 1. júní þegar áætlað er að flugafgreiðslufólk verði í verkfalli.

Hversu mikil áhrif þessi vinnustöðvun hefur á flugumferð er enn óljóst. Líklegt er að flugfélögin myndu meðal annars bregðast við með því að flýta og seinka flugi sem áætlað er þessa daga til að koma farþegum á áfangastað.

Allsherjarverkfallið sem boðað hefur verið laugardaginn 6. júní gæti hins vegar haft meira afgerandi áhrif en fyrrnefnd vinnustöðvun um mánaðamótin. Líkt og Svanhvít hjá WOW air hér að framan segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, að engin breyting sjáist á bókunum.

„Hins vegar höfum við orðið vör við að fólk hringir inn með fyrirspurnir. Við höfum ekki gert neinar breytingar á okkar áætlunum og bindum, eins og allir, vonir við það að samningar náist og ekki komi til truflana á flugi,“ segir Guðjón.

Aðspurð um rétt farþega falli flug niður vegna verkfalla vísar Svanhvít í reglugerð sem innleidd var á Íslandi árið 2012.

„WOW air mun aðstoða alla farþega eins og kostur er ef af verkfalli verður. Farþegar sem hafa haft samband við þjónustuver WOW air hafa spurt um réttindi sín og höfum við þá bent á heimasíðu Samgöngustofu sem skýrir réttindi farþega mjög vel,“ segir Svanhvít. Þar kemur meðal annars fram að farþegar eiga alltaf rétt á endurgreiðslu á fullu miðaverði við aflýsingu flugs.

„Aðalmarkmiðið er að koma farþegum á áfangastað eins fljótt og hægt er,“ segir Guðjón.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segist nú þegar hafa heyrt af hópum sem hafi afbókað. Erlendir ferðaheildsalar fylgist áhyggjufullir með, minnugir óvissunnar í kringum verkföll fyrra.

„Eftir því sem óvissan magnast, þeim mun verra, og hlutirnir eru allir í biðstöðu. Nú telur hver einasti dagur,“ segir Helga Árnadóttir.

gar@frettabladid.is



**Eftir því sem óvissan magnast, þeim mun verra.**

*Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.*



**GUÐJÓN ARNGRÍMSSON**



**SVANHVÍT FRIÐRIKSDÓTTIR**





OPIÐ HÚS
miðvikudag 20.maí frá 17:00-17:45

Sérlega vel skiplögð 3-4ra her. risíbúð
Frábær staðsetning
Hús er vel viðhaldið
Glæsilegt útsýni til norðurs
og svalir í suður
Verð: 26,9 millj.



Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason
löggiltur fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Til hvers að flækja hlutina?
LIFÐU Í NÚLLINU!
365
365.is
Sími 1817

Landspítali 2015-2016
LANDSPÍTALI

STARFSÞRÓUNARÁR HJÚKRUNARFRÆÐINGA

*Nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar sem ráða sig í 80-100% starf geta tekið þátt í starfsþróunarári á Landspítala. Samhliða starfinu er skipulögð starfsþróun og aðlögun að starfi með fyrirlestrum, vinnusmiðjum, umræðufundum og fleiru, ásamt stuðningi og ráðgjöf. Um 10% af starfshlutfalli verður helgað starfsþróun. Starfsþróunarárið hefst 24. september 2015 og lýkur í lok maí 2016.*

Markmið
- Styrkja og efla faglegar áherslur og fjölbreytni í hjúkrun
- Stuðla að auknum gæðum hjúkrunar og öryggi sjúklinga
- Auka öryggi og starfsánægju nýráðinna hjúkrunarfræðinga

Hæfnikröfur
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði
- Hæfni og geta til að vinna í teymi
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Helstu verkefni og ábyrgð
Hjúkrunarfræðingur greinir hjúkrunarviðfangsefni, setur fram hjúkrunaráætlun og skipuleggur, skráir og veitir viðeigandi hjúkrunarmeðferð með sýn og stefnu hjúkrunar á Landspítala að leiðarljósi. Hjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á þeirri hjúkrun sem hann veitir, þekkir reglur um öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og hjúkrunarleyfi. Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á innsendum gögnum og viðtölum. Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags.

Sótt er um starfið rafrænt á landspitali.is, undir „Laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2015

Nánari upplýsingar veita Hrund Sch. Thorsteinsson, deildarstjóri, Menntadeild, hrundsch@landspitali.is, og Guðrún Björg Erlingsdóttir, verkefnastjóri, Menntadeild, gudruner@landspitali.is.

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

DEWALT
– á heima hjá Sindra –



DCD790D2
## 18V HLEÐSLUBORVÉL
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2.0 Ah
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,62 kg
LED-ljós

Tilboðsverð
**45.900** m/vsk.
Verð áður: 53.154



DCD790P2
## 18V HLEÐSLUBORVÉL
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 5.0 Ah
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,84 kg
LED-ljós

Tilboðsverð
**65.900** m/vsk.
Verð áður: 73.016



DCD795P2
## 18V HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 5.0 Ah
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,88 kg
LED-ljós

Tilboðsverð
**69.900** m/vsk.
Verð áður: 75.447



DW088
## 2 LÍNU LASER
Sá allra vinsælasti
Vinnur einnig með móttakara.
Þyngd: 0,46 Kg
3 x AA rafhlöður
Veggfesting
Nákvæmni: +/– 0,3 mm/m

Tilboðsverð
**34.900** m/vsk.
Verð áður: 46.156



DW717XPS
## GEIRUNGSSÖG M/SKUGGALÍNU
Afl: 1675 W
Blað: 250 mm
Geirungur hægri/vinstri: 50°/60°
Sn./mín.: 4000
Mesti halli: 48°/48°

Tilboðsverð
**145.900** m/vsk.
Verð áður: 157.280



DWE7491
## BORÐSÖG 2000 W
Afl: 2000 W
Sn/mín: 3800
Blaðst: 250 mm
Halli: –3/48°
Skurðardýpt: 77 mm

Tilboðsverð
**191.759** m/vsk.
Verð áður: 198.310



DWS520KR
## SLEÐASÖG 1300 W
Afl: 1300 W
Sn./mín.: 1750–4000
Blaðst.: 165 mm
Skurðardýpt: 59 mm
1,5 m sleði fylgir

Tilboðsverð
**93.570** m/vsk.
Verð áður: 100.469



DCS355D2
## 18V FJÖLNOTASÖG OG JUÐARI
Afl: 300 W
Rafhlaða: 2,0 Ah
Þyngd: 1,5 kg
OPM: 0-20.000
Lengd: 310 mm

Tilboðsverð
**65.900** m/vsk.
Verð áður: 75.981

PIPAR\TBWA • SÍA • 152347




**NÝ VERSLUN**
Skútuvogi 1, Reykjavík

**www.sindri.is / sími 575 0000**
Viðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

Í Árborg fá karlarnir frí frá bæjarstjórnarmálum í júní:

# Aðeins konur í bæjarstjórninni

**SVEITARSTJÓRNIR „Mikilvægt er að Sveitarfélagið Árborg leggi sitt af mörkum til þess að minnast þessara merku tímamóta og taki þátt í nýrri sókn í átt að aukinni jafnréttis-, lýðræðis- og mannréttindavitund,“ segja flytjendur tillögu um að eingöngu konur sitji bæjarstjórnarfundi í júní. Með þessu er ætlunin að minnast þess að hinn 19. júní eru 100 ár frá því að konur fengu kosningarétt á Íslandi. Tillagan var samþykkt samhljóma í bæjarstjórn.** - gar



**RÁÐHÚS ÁRBORGAR** Minnast kosningaréttar kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


BLÁTT BLÓÐ – ODDNÝ EIR

★★★★

EINLÆGNI OG HUGPRÝÐI





**„Einstaklega sterkt og heiðarlegt uppgjör** konu við barnleysi sitt. Bók sem hægt er að lesa aftur og aftur og sjá alltaf nýja fleti á.“

FB, FRÉTTABLAÐIÐ 11. MAÍ

BJARTUR


# Kjósa um giftingar samkynhneigðra

Írland gæti orðið fyrsta land í heimi til að heimila með þjóðaratkvæðagreiðslu samkynja pörum að giftast. Útlit er fyrir að tillagan verði samþykkt en þó eru skiptar skoðanir milli fylkinga. Atkvæði verða greidd um þetta og kjörgengisaldur.

**ÍRLAND** Írar halda þjóðaratkvæðagreiðslu á föstudag. Annars vegar verður kosið um hvort samkynja pör fái að giftast og hins vegar um að lækka kjörgengisaldur til forseta úr 35 árum í 21 ár.

Enda Kenny, forsætisráðherra Írlands, hefur hvatt Íra eindregið til að samþykkja löggjöfina.

Fleiri Írar hafa tjáð sig um málið. Fyrrverandi félagsmálaráðherra Írlands, Pat Carey, hefur talað fyrir frumvarpinu. Hann kom út úr skápnum sem samkynhneigður í febrúar síðastliðnum. „Ný kynslóð sér Írland fyrir sér sem góðhjartað og umburðarlynt ríki,“ sagði Carey í samtali við Washington Post.

Írar eru þó ekki allir sammála. Samtökin Mothers and Fathers Matter, eða Mæður og feður skipta máli, hafa barist af mikilli hörku gegn löggjöfinni og verið áberandi á landsvísu. „Við erum að tala um breytingar á stofnun sem hefur verið þekkt sem samband eins karlmanns og einnar konu frá örófi alda,“ sagði Evana Boyle, einn talsmanna samtakanna. Samtökin hafa hamrað á því að börn eigi rétt á móður og föður og ekki skuli neita þeim um þau réttindi.

Írland yrði fyrsta landið í heiminum til þess að leyfa hjónabönd samkynhneigðra í þjóðaratkvæðagreiðslu ef tillagan verður samþykkt. Allt bendir til þess en skoðanakannanir á Írlandi gefa til kynna að um sjötíu prósent hyggist samþykkja.

Undanfarna áratugi hefur pólitískt landslag á Írlandi breyst mikið og réttindi samkynhneigðra aukist. Ekki þarf að líta lengra aftur en til ársins 1993 til að sjá dæmi um það, en þá voru samþykkt lög um að afglæpavæða samkynhneigð eftir margra ára þrýsting frá nágrannaríkjum.

Breyting á stöðu kaþólsku kirkjunnar hefur spilað lykilhlutverk í þessari þróun. Áður hefur kirkjan virkað sem siðferðislegur áttaviti fyrir Íra en í ljósi fjölmargra kynferðisafbrotamála hefur sú staða veikst mikið.

Samkvæmt Alþjóðasamtökum hinsegin fólks, ILGA, býr hinsegin fólk á Írlandi við 40% lagalegt jafnrétti og er á svipuðu róli og Albanía, Georgía og Tékkland. Ef Írar kjósa með löggjöfinni á föstudag er ljóst að sú tala mun breytast talsvert. thorgnyr@frettabladid.is




**HART BARIST** Stríðandi fylkingar heyja harða kosningabaráttu í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu. NORDICPHOTOS/AFP


Siemens þvottavél á kostakjörum



SIEMENS

A+++ Orkuflokkur 7 kg Tekur mest

**SIEMENS - Þvottavél**
WM14E477DN

Tekur mest 7 kg.
Orkuflokkur A+++.
Vindur upp í 1400 sn./mín.
Með íslensku stjórnborði og íslenskum leiðarvísi.

**Tilboð:**
**89.900 kr.**
(Fullt verð: 108.500 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




**Á FUNDI Í GÆR** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra stýrði fundi í Brussel fyrir hönd EFTA-ríkjanna. MYND/EES

Stýrði fundi EFTA og ESB um EES-samninginn:

# Segir halla minnka þótt gerðum fjölgi

**EVRÓPA** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra stýrði í gær fundi Evrópska efnahagssvæðisins, EES, fyrir hönd EFTA-ríkjanna á fundi EES-ráðsins í Brussel. Ísland gegnir nú formennsku í fastanefnd EFTA. Zanda Kalnina-Lukasevica stýrði fundinum fyrir hönd Evrópusambandsins.

EES-samningurinn var á dagskrá fundarins og lagði Gunnar Bragi áherslu á mikilvægi góðs samstarfs við Evrópusambandið um framkvæmd hans og undirstrikaði að hún væri á ábyrgð allra samningsaðila. Gunnar Bragi sagði að af Íslands hálfu þyrfti að draga úr innleiðingarhallanum sem þó færi minnkandi þrátt fyrir fjölgun gerða af hendi Evrópusambandsins.

Að auki var fjallað um viðræður EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins um framlög í Uppbyggingarsjóð EFTA og voru viðstaddir ráðherrar sammála um að ljúka þeim viðræðum sem allra fyrst. - þea

SAMSUNG

# Njóttu Eurovision í bestu gæðum




Nýju JU6675 tækin komin.
4K skjár með 1300 PQI.

40" verð: 194.900,-
48" verð: 239.900,-
55" verð: 319.900,-

Micro Dimming Pro · Quad Core · ULTRA HD · Curved

**Samsung JS9505 / JS9005 / JS8505**

Samsung SUHDTV 4K

Byltingarkenndu SUHD tækin hafa fengið umsagnir eins og að aðrar eins framfarir í myndgæðum hafa ekki sést í nokkur ár. Komdu við í verslun okkar og sjáðu með eigin augum.

"The biggest leap forward in picture quality we've seen in years."
- Trusted Reviews (UK)

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |


F plús
færir þér
Vildarpunkta
Icelandair




ENNEMM / SÍA / NM57414

Ríflegur þingmeirihluti virðist ekki neinu skipta:

# Hvað er í gangi?

Þau sem fylgst hafa með stjórnmálum í einhvern tíma þekkja orðið umræðu um þingsköp og breytingu á þeim nokkuð vel. Svo virðist sem þingmenn séu allir sem einn sammála um að betur megi fara þegar kemur að þeim reglum sem þingið starfar eftir. Reyndar er það þannig að það skiptir máli hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu varðandi það hve mikla áherslu þeir leggja á málið, eða hvaða breytingar þeir vilja sjá verða að veruleika. En allir virðast þó vera sammála um að einhverju verði að breyta.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Einn af vorboðunum sem alltaf má treysta á er að allt fer í hnút í þinginu, ásakanir um málþóf koma fram frá meirihlutanum og minnihlutinn kvartar yfir valdníðslu og slælegum undirbúningi. Það skiptir engu hvaða flokkar skipa stjórn eða stjórnarandstöðu; það er jafn tryggt og að sólin rís að morgni að þessi tími kemur í hvert sinn sem fer að styttast í þinglok. Og nú er hann runninn upp enn á ný.

Að þessu sinni er staðan þó um margt nokkuð sérstök. Það á ekki bara við það mál sem nú fangar athygli þingmanna, rammaáætlun. Nógu sérstakt er það mál þó, ráðherra leggur til að einn virkjanakostur verði færður úr bið- í nýtingarflokk og þingnefnd bætir fjórum við. Forsætisráðherra dregur síðan einn til baka í miðri umræðunni, meðan fagráðherrann hlustar hlýðinn á. Nei, þetta er ekki það eina sérstaka. Mun athyglisverðara er sú staðreynd að nú situr ríkisstjórn með svo ríflegan þingmeirihluta að það þarf að leita aftur til þess tíma þegar Davíð Oddsson var forsætisráðherra til að finna annað eins.

Og hvernig hefur stjórnin nýtt sér þennan meirihluta? Jú, með því að koma fáum málum til þingsins, þau eru seint á ferð og taka umtalsverðum breytingum eftir að í þingið er komið án þess að ráðherrar tali sérstaklega fyrir þeirri leið sem þeir bið hljóta að hafa talið þá réttustu þegar frumvörpin þeirra voru samin.

Hvað er eiginlega í gangi?

Í þættinum Umræðunni á Stöð 2 í gærkvöldi mátti heyra Einar K. Guðfinnsson, forseta Alþingis, nefna það að mál mættu koma fyrr fram. Það er ekki í fyrsta skiptið, hann hefur höggvið í þann knérunn í þingsetningar og -frestunarræðum í allan vetur. En ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, sem sitja í umboði Alþingis, virðast ekki hlusta á þingforsetann.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, var líka í Umræðunni í gær. Hún nefndi líka að mál mættu koma fyrr fram frá ráðherrum. Hún benti þó réttilega á að þetta væri ekki einungis gagnrýni á sitjandi ráðherra, sem sumir hverjir eru samflokksmenn hennar, heldur á ráðherra margra fyrri ríkisstjórna einnig. Svona hefur þetta alltaf verið, því miður.

Það gengur hins vegar ekki lengur að velta sér upp úr því hvort eitthvað sé reglulegt, aðrir hafi sýnt af sér sömu hegðun áður og svona hafi þetta nú bara alltaf verið. Ef stjórnmálamönnum þessa lands er einhver alvara í því að bæta starfshætti þingsins þá er nóg komið af djúpvitrum orðum sem í raun engu skipta. Gerið þetta bara.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Forgangur, ef tími vinnst til**

„Húsnæðismálin fjögur eru hluti af mínum forgangsmálum á þessu þingi,“ sagði Eygló Harðardóttir í Fréttablaðinu í gær. Tilefnið var sú sérkennilega staða sem upp er komin varðandi síðari tvö húsnæðisfrumvörpin, sem ekki hafa enn komið fram á þingi. Það er nokkuð sérkennilegur málskilningur hér á ferð. Forgangsmál eru þau mál sem viðkomandi ætlar að leggja mesta áherslu á, ætlar raunar að vinna þau svo þau gangi framar öðrum málum, fái forgang. Enn skringilegri verður málskilningurinn þegar næstu orð ráðherra eru skoðuð: „… og vona ég því að þau muni fá umfjöllun á þinginu fyrir þinglok þótt þingfundadögum fækki stöðugt.“ Forgangsmál er ekki eitthvað sem maður vonast til að hægt sé að komast í, ef tími vinnst til. Það er eitthvað sem frekar á við um ungling, ef tími vinnst til frá tölvunni mun ég taka til í herberginu mínu.



**Eftirgangsmálin**

Mun fremur ætti Eygló að segja að þetta væri eftirgangsmál; hún ætlaði þeim að koma fram á eftir öðrum málum, raunar eftir að frestur til að leggja fram ný þingmál er löngu liðinn. Og hún ætlaði einnig að ganga á eftir samráðherrum sínum í ríkisstjórninni um hvort hún fengi ekki örugglega að leggja þessi stærstu mál sín fram á yfirstandandi þingi.



**Tæknilegu atriðin**

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra virðist nefnilega ekki mjög áfram um að frumvörpin komi fram, hann leggur allavega ekkert sérstaklega mikið á sig til að svo verði. Ráðuneyti hans vísaði öðru frumvarpinu heim til föðurhúsanna og lýsti því yfir að það kæmi trauðla aftur fram. Bjarni talar reyndar eins og það sé tæknilegt atriði, að ráðherra fái frumvarp aftur í hausinn. Eftir stendur þó það sem hann segir að málið hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn. Það bendir ekki til þess að mikill vilji sé til þess að svokölluð forgangsmál fái nokkurn forgang yfir höfuð. Raunar þvert á móti.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Lækkum byggingarkostnað og bætum kjör

BYGGINGAR



Almar Guðmundsson
framkvæmdastjóri SI

Það er fátt rætt meira á Íslandi þessi misserin en erfiðleikar yngra og efnaminna fólks við að eignast eða leigja húsnæði við hæfi.

Samtök iðnaðarins hafa lagt í umtalsverða vinnu við að greina byggingarkostnað með það fyrir augum að leggja til haldbærar tillögur til að lækka byggingarkostnað og auka framboð á smærri íbúðum.

Tillögur SI eru tvíþættar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir lækkun opinberra gjalda og skilvirkari stjórnsýslu gagnvart byggingaraðilum. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á byggingarreglugerð til einföldunar og aukinnar skilvirkni. Þessi atriði vega samanlagt meira en 30% af byggingarkostnaði.

Lóðagjöld samsvara nú um 20% af byggingarkostnaði. Lækkun þeirra er því mikilvægur liður í heildarmyndinni. Aðrir liðir eru smærri en hafa engu að síður mikil áhrif. Um er að ræða kostnað sem SI telja ýmist of háan eða óþarfan enda hafa einstaka kostnaðarliðir hækkað umtalsvert síðastliðin ár, langt umfram það sem telja má eðlilegar verðlagsbreytingar.

Að auki vilja SI benda á að gjaldskrár sveitarfélaga, kröfur í deiliskipulagi af ýmsum toga og fleiri atriði mynda ranga hvata þannig að byggingaraðilar byggja frekar stærri einingar en minni.

Tillögur SI til breytinga á byggingarreglugerð eru margþættar og miða að því að einfalda byggingu fasteigna og auka skilvirkni. Byggingarreglugerðin ætti að grunni til að vera markmiðasett, þ.e. gefa hönnuðum og framkvæmdaaðilum aukið svigrúm til lausna, en ekki vera forskrifuð, eins og hún er í dag. Umtalsverða breytingu þarf á bæði tilgangi reglugerðarinnar og inntaki. Í því liggja mikil tækifæri til lækkunar byggingarkostnaðar.

Miðað við útreikninga SI má ætla að framangreindar breytingar geti leitt til lækkunar byggingarkostnaðar að meðaltali um 4-6 milljónir króna á hverja íbúð af stærðinni 80-120m². Samtökin trúa því staðfastlega að í þessu felist besta leiðin fyrir stjórnvöld til að hafa marktæk almenn áhrif á að stórir hópar í samfélaginu hafi ráð á að eignast eigin íbúð eða leigja.

Það er fagnaðarefni að umhverfis- og auðlindaráðherra og ýmsir aðrir aðilar í stjórnmálum og stjórnsýslu hafa sýnt tillögum okkar mikinn áhuga. Verkefnið er mikilvægt og varðar stóra hópa samfélagsins. Það eru kjarabætur í húfi. Því er brýnt að hefjast handa strax.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Er hægt að laga þingið?

STJÓRNMÁL



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Bjarni Benediktsson á hrós skilið fyrir að ræða umbætur á þingstörfum á yfirvegaðan og uppbyggilegan hátt. Ég held að þörf sé á þverpólitískri sátt um breytingar og er sammála Bjarna um að rétt sé að þær taki gildi eftir næstu kosningar. Ísland er öðruvísi en nágrannalöndin að því leyti að hér hefur tíðkast óheft meirihlutaræði. Eina vörn minnihlutans hefur verið með því dagskrárvaldi sem aðgangur að ræðustól Alþingis hefur skapað. Með ræðum hefur verið hægt að fækka þeim málum sem afgreidd eru eða hafa áhrif á efni þess sem afgreitt er.

**Minnihlutinn þarf vörn**

Frumforsenda breytinga er því að flytja vernd minnihlutans gegn meirihlutaræðinu úr ræðustólnum og yfir í annað form. Við getum ekki takmarkað ræðutíma, án þess að fela minnihlutanum annað og helst tryggara vopn gegn misbeitingu meirihlutans á valdi hans. Þess vegna er heimild þriðjungs þings til að setja mál í þjóðaratkvæði alger forsenda nokkurra breytinga. Slík heimild myndi breikka samstöðu um erfið mál og hvetja ríkisstjórn á hverjum tíma til að hafa a.m.k. 70% þingmanna á bak við þau. Það yrði mikil breyting til batnaðar á íslenskri stjórnmálamenningu.

Við þurfum líka að styrkja verkstjórnarvaldið. Verkstjórnarvald felst ekki í að forseti þingsins fái meiri völd til að setja minnihlutanum stólinn fyrir dyrnar, heldur meiri völd til að hemja meirihlutann. Nú er helsti tappinn í þingstörfunum sú staðreynd að meirihlutinn reynir að þjösna virkjanakostum sem breytingatillögu við þingsályktun, í blóra við lög. Meira að segja umhverfisráðuneytið staðfestir að málið standist ekki lög. Hvers vegna er forseti þingsins ekki búinn að henda svona máli út? Forseti þarf nauðsynlega að hafa ríkari valdheimildir til að setja meirihlutanum skorður og úrskurða mál óþingtæk ef efni þeirra stangast á við góða þingsiði og almenn lög. Kannski á hann bara ávallt að vera úr hópi stjórnarandstöðuþingmanna?

**➜ Þess vegna er heimild þriðjungs þings til að setja mál í þjóðaratkvæði alger forsenda nokkurra breytinga.**

**Já, það er hægt**

Svarið við spurningu greinarinnar er játandi: Já, það er hægt að laga þingið.

Það blasir við að við eigum bara að einhenda okkur í breytingar til bóta af þessum toga. Þær kalla hins vegar á stjórnarskrárbreytingu. Fyrir liggur að brýn þörf er á ákvæði um þjóðareign á auðlindum og að fyrir slíkri áherslu er víðtækur meirihluti á Alþingi. Mögulegt er nú að breyta stjórnarskránni með samþykki tveggja þriðju hluta þingmanna og einföldu samþykki þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Slík þjóðaratkvæðagreiðsla getur farið fram samhliða forsetakosningum á næsta ári.

Er ekki borðleggjandi að flokkarnir nái saman í snatri um breytingar á ákvæðum um Alþingi, ásamt með ákvæði um þjóðareign á auðlindum og rétt almennings til að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslum og leggi slíkan breytingapakka fyrir þjóðaratkvæði næsta vor?

# Af launakjörum háskólamenntaðrar konu

KJARAMÁL



**Þóra Leósdóttir**
iðjuþjálfi MPM

Ég staldra við fréttir daganna. Landsbankinn hagnast um 6,4 milljarða. Á tólfta þúsund Íslendinga hafa flust úr landi frá aldamótum. Biðlisti er á námskeið þar sem fólki er kennt að flytjast til Norðurlandanna, flestir sem hyggja á brottflutning eru í vinnu. Þetta er sumsé ekki atvinnulaust fólk. Framhalds- og háskólamenntun gefur 16% hærri laun en grunnskólapróf. Annars staðar á Norðurlöndunum gefur slík menntun 25-40% hækkun. Háskólanám skilar sér illa í launaumslagið hér á landi, um það þarf að ræða góðir landsmenn – um það þarf samtalið að snúast.

Ég er iðjuþjálfi með fjögurra ára háskólanám til BS-gráðu og starfsréttinda að baki. Að auki sótti ég viðbótarmenntun til meistaraprófs og tók meira námslán – var það góð fjárfesting? Ég hef 27 ára starfsreynslu í mínu fagi og hef nær alfarið starfað í velferðarþjónustu fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Ég sinni ráðgjöf, greiningu, fræðslu- og rannsóknarstarfi vegna barna og unglinga sem búa við skerðingu vegna þroskafrávika og ýmiss konar hindrana í umhverfinu. Ég tilheyri þverfaglegu teymi og legg mat á þroska og færni barns við viðfangsefni sem skipta það máli í daglegum aðstæðum heima og í skólanum.

Ég styð foreldra í flóknu uppeldishlutverki og vil stuðla að því að fjölskyldan í heild njóti stuðnings- og meðferðarúrræða sem eru nauðsynleg fyrir heilsu hennar og lífsgæði. Nauðsynleg til að fjölskyldan geti tekið virkan þátt í námi, atvinnu og félagslegum athöfnum og þannig skilað sínu til samfélagsins, til hagsbóta fyrir okkur öll. Nauðsynleg til þess að hjól atvinnulífsins geti snúist, það er nefnilega fjölskyldufólk sem heldur því batteríi gangandi með því að halda heilsu og mæta í vinnuna. Til að geta sinnt þessum margþættu verkefnum þarf ég sem iðjuþjálfi staðgóða þekkingu og leikni í mínu fagi.

Slík þekking byggir á krefjandi háskólanámi sem í mínu tilviki urðu sex ár. Það þýðir líka að jafnöldrur mínar, sem ekki fóru í langskólanám og hófu starfsferil sinn strax að loknu stúdentsprófi höfðu sex ára forskot varðandi ævitekjur og húsnæðiskaup. Þær fóru skuldlausar út á vinnumarkaðinn en ég var að vesenast í háskóla og stofna til skulda í formi námslána. Ég hafði óþrjótandi áhuga á að mennta mig til starfa innan heilbrigðis- og félagsþjónustu, trúði því að svoleiðis borgaði sig – var það ómöguleiki?

**Kaldar kveðjur**

Vinnuveitandi minn er ríkið. Um síðustu mánaðamót hljóðaði launaseðillinn minn upp á 384.000 kr. fyrir 80% starf, 264.000 útborgað eftir skatt og annan frádrátt. Þótt ég væri í fullu starfi næðu heildarlaun mín sem þá væru 478.000 kr. ekki meðallaunum BHM-félaga miðað við síðustu kjarakönnun. Ég tel þetta kaldar kveðjur eftir sex ára háskólanám og 27 ára starfsreynslu. Til samanburðar þá eru byrjunarlaun verkafólks á vöktum hjá Norðuráli 492.000 kr. og eftir fimm ár í starfi tæpar 580.000 kr. Hér blasir við hversu menntun er lítils metin á Íslandi. Við erum langt á eftir systkinaþjóðunum hvað þetta varðar. En það eru ekki allir á sama máli ef marka má orð og æði þingmannsins og fyrrverandi heilbrigðisráðherra Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Þingmaðurinn telur launafólk heimtufrekt og slær í bræði sinni hnefanum í ræðupúlt Alþingis. Ágæti Guðlaugur, þú getur bara átt þig – ég læt ekki skamma mig!

**➜ Ég styð foreldra í flóknu uppeldishlutverki og vil stuðla að því að fjölskyldan í heild njóti stuðnings- og meðferðarúrræða sem eru nauðsynleg fyrir heilsu hennar og lífsgæði.**

Krafan um að menntun sé metin til launa er sanngjörn, algerlega tímabær og skýr. Þetta ástand sem nú ríkir leiðir til óstöðugleika, atgervisflótta og stöðnunar í þekkingarsamfélagi. Það þarf samtal um lausnir sem byggja á skapandi hugsun og framtíðarsýn um uppbygginguna. Ég get ekki, frekar en aðrir „heimtufrekir“ háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn, lifað á hugsjónunum einum saman.

# Sjálfstæði Hjúkrunarfræðideildar HÍ og A-próf

MENNTUN



**Karl Guðlaugsson**
tannlæknir og MPM

Verðandi hjúkrunarfræðingar BS frá Hjúkrunarfræðideild HÍ þurfa á fyrsta námsári 2015-2016 að nema; vinnulag og upplýsingatækni, heilbrigðismat, hjúkrun og hjúkrunarstarf, líffærafræði, frumulífeðlisfræði, siðfræði, almenna hjúkrun I, félagsfræði, sálfræði, samskipti, lífeðlisfræði I, næringarfræði og tölfræði. Deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar HÍ, Helga Jónsdóttir, hitti naglann á höfuðið í Fréttablaðinu 20. apríl þegar hún segir: „Þekking í hjúkrunarfræði er nátengd þekkingu í líf- og heilbrigðisvísindum, hugvísindum, félagsvísindum…“ Hvernig Helga kemst að því að A-prófið sé „góður kostur til að segja fyrir um hverjir eru líklegir til að farnast vel í námi í hjúkrunarfræði“ er mér með öllu óskiljanlegt, því A-prófið mælir ekki ofangreinda þekkingu.

Síðan segir Helga: „Einnig hefur komið í ljós að tengsl eru milli árangurs í íslensku, ensku og stærðfræði í námi til stúdentsprófs og árangurs í numerus clausus-prófi en þessar sömu námsgreinar eru mikilvægir þættir A-prófsins.“ Til þess eru einmitt framhaldsskólar! Hjúkrunarfræðinemar eru búnir að taka próf og útskrifaðir í íslensku, ensku og stærðfræði. A-prófið er samið fyrir Námsmatsstofnun, en mér vitanlega hefur Námsmatsstofnun enga faglega þekkingu á hjúkrunarfræði. Með tilkomu A-prófs er því verið að gera grundvallarbreytingar á námi í hjúkrunarfræði við HÍ, þar sem alls óskyld stofnun, sem á engin tengsl við hjúkrunarfræði, er farin að velja hjúkrunarfræðinga framtíðarinnar.

**➜ Til þess eru einmitt framhaldsskólar! Hjúkrunarfræðinemar eru búnir að taka próf og útskrifaðir í íslensku, ensku og stærðfræði.**

**Inntökupróf**

Hjúkrunarfræðideild HÍ heyrir undir Heilbrigðissvið HÍ og á ekki að láta aðra segja sér fyrir verkum. Innan Hjúkrunarfræðideildar HÍ er reynsla, færni og þekking og deildin á að búa yfir sjálfstæði til að velja hjúkrunarfræðinga framtíðarinnar. Inntökupróf, sem þreytt væri í júní ár hvert, ætti að vera samið af starfsmönnum Hjúkrunarfræðideildar HÍ og reyna á hæfni í líf- og heilbrigðisvísindum, hugvísindum, félagsvísindum og kannski því mikilvægasta, félagsfærni. Slíkt inntökupróf mun verða miklu farsælla við val á verðandi hjúkrunarfræðingum, enda prófað í því sem verðandi hjúkrunarfræðingar eru að fara að læra, en ekki í því sem þeir eru búnir að læra í framhaldsskóla!

**Starfsendurhæfing og starfsgetumat** | 21. maí / kl. 13.00-16.30 í Silfurbergi í Hörpu

**Ráðstefna um árangursríka starfsendurhæfingu samhliða markvissu matsferli**

**Dagskrá**

- Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri VIRK setur ráðstefnuna

***Different Work Ability Assessment in Europe***
- Gert Lindenger forseti EUMASS – Evrópusamtaka tryggingalækna

***Árangur VIRK – Hvernig getum við gert enn betur?***
- Ása Dóra Konráðsdóttir sviðsstjóri starfsendurhæfingarsviðs VIRK

***ICF rannsóknir og framþróun***
- Sólveig Ása Árnadóttir dósent við HÍ

***New Assessment Method in the Netherlands and the use of ICF***
- Annette de Wind tryggingalæknir hjá Atvinnutryggingastofnun Hollands

***Framkvæmd starfsgetumats VIRK***
- Sveina Berglind Jónsdóttir deildarstjóri mats og eftirlits hjá VIRK

***ICF við mat á færni við vinnu***
- Inga Jónsdóttir sviðsstjóri iðjuþjálfunar á Reykjalundi

Fundarstjóri
- Magnús Ólason framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi

**Allir velkomnir** – skráning á **virk.is**
Ókeypis aðgangur

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

# Stytting vinnudagsins og jákvæðar afleiðingar hennar

ATVINNULÍF

Ingi Vífill
launamaður



Undanfarið hefur mikið verið rætt um láglaunastefnuna sem rekin hefur verið á Íslandi frá ómunatíð. Samstöðuhreyfing láglaunastefnunnar á marga formælendur úr röðum atvinnurekenda og stjórnenda á ýmsum stigum samfélagsins. Atvinnurekandinn í litla fyrirtækinu segir það munu ríða fyrirtækinu að fullu ef laun hækka. Á meðan segir Seðlabankinn verðbólgudrauginn síðar munu ríða baggamuninn og gefa þegar vonlausri stöðu nýjan blæ af ömurleika. Sem er alveg ferlegt að hugsa til. Þá er ógleymdur stjórnarformaðurinn í ónefndri undirstöðugrein efnahagslífsins – segjum bara fiskvinnslu – sem segir hluthafaflótta óumflýjanlegan, ef í slíkar aðgerðir yrði ráðist. Sem er líka ferlegt að hugsa til.

Þetta er því hálfgerð pattstaða, í mínum augum. Enginn getur gert neitt, og enginn gerir það.

Allir eiga þeir samúð mína, þó mismikil sé.

Stytting vinnudagsins gæti verið lausn.

Stytting vinnudagsins úr hinum hefðbundnu 8 tímum í til dæmis 5 tíma gæti opnað ýmsa möguleika.

Ef aðili A – segjum bara Jóhann – sem vinnur hjá virtu fyrirtæki í undirstöðugrein efnahagsins –segjum bara fiskvinnslu – myndi vinna 5 tíma vinnudag í staðinn fyrir 8 eða 10, liti dæmið öðruvísi út. Að loknum vinnudegi væri orðinn til tími sem nýta mætti með ýmsum hætti. Jóhanni gæfist tími til að vinna meira og vinna sér inn meiri peninga. Til dæmis við þrif eða sölu Herbalife.

**➜ Það kemst enginn í bankann milli 9 og 4! Það eru allir í vinnunni!**

Þeir sem vel geta unað við mánaðarlaun sín þurfa ekki að vinna meira. Þeir gætu jafnvel byrjað að stunda áhugamál sín af kappi. Hugsið ykkur, ef fjármálastjóri í virtu fyrirtæki gæti farið á leiklistarnámskeið kl. 3 og verið kominn heim til að elda mat kl. 5!

Jóhann, aftur á móti, gæti þurft að vinna 8-9 tíma á dag. En ef það er með það að leiðarljósi að börnin hans þurfi ekki að alast upp á róló utan skipulagðrar dagskrár leikskólanna, hlýtur að vera hægt að finna flöt á því.

Það eina sem stæði út af borðinu væri að rafvæða skattkortskerfið. Sem er náttúrulega löngu tímabært, ef út í það er farið. Allt á pappír yrði ferlegt maus í þessu kerfi.

Vandamál gæti orðið með opnunartíma þjónustuaðila. En ég tel það einnig orðið löngu tímabært að taka þá til endurskoðunar líka. Það kemst enginn í bankann milli 9 og 4! Það eru allir í vinnunni!

Það sem þetta í raun fjallar um.

Það hlýtur að vera flestum ljóst að glaður starfsmaður er betri starfskraftur en óhamingjusamur. Þeir eru ólíklegri til að fara í verkfall, ólíklegri til að stunda óheiðarleika í vinnu sinni og framleiðni þeirra er að öllum líkindum meiri.

Áhyggjur af afkomu eru þránd ur í götu gleðinnar, sama hversu oft við kyrjum að hamingjan komi innan frá.

# Lögmaðurinn eða læknirinn þinn?

HEILBRIGÐISMÁL

Teitur Guðmundsson
framkvæmdastjóri CEO



Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að auglýsingar lögfræðistofa og fyrirtækja á þeim vettvangi eru að verða daglegt brauð. Þar er oftar en ekki verið að hvetja fólk til þess að skoða rétt sinn vegna slysa sérstaklega og á það við um bæði umferðar-, frítíma- og vinnuslys. Ekki ætla ég að hafa sérstaka skoðun á því hvort það er góð eða slæm þróun, en ljóst er á umfangi og fjölda þeirra stofa sem gera út á slíka þjónustu að hún hlýtur að borga sig, eða hvað?

Einhver sagði að þessi þróun byggði á offramboði lögfræðinga en í Lögmannablaðinu árið 2013 var grein sem bar yfirskriftina „Blikur á lofti í atvinnuhorfum lögfræðinga“ en í þeirri grein kemur fram að á sama tíma og 150 útskrifuðust úr meistaranámi á ári voru 70 skráðir á atvinnuleysisskrá og hefur ástandið farið versnandi ár frá ári undanfarið hvað þetta snertir. Mjög mikið er um gylliboð í slysabransanum, ókeypis ráðgjöf er oft auglýst af hálfu þessara aðila með von um hag ef bætur nást út úr máli viðkomandi einstaklings. Það er gott að verið sé að passa hagsmuni fólks og er ég mjög hlynntur því, en ég vil nota tækifærið og benda á nokkrar staðreyndir í tengslum við mál af þessum toga.

Nú er það svo að þegar einstaklingur slasast hefur hann ákveðin réttindi sem nauðsynlegt er að fylgja vel eftir og tengjast skilmálum trygginga, kjarasamningi viðkomandi og frekari þáttum. Við slys er ferlið yfirleitt þess eðlis að hin læknisfræðilega nálgun er í forgrunni og aðstoð við einstaklinginn að komast aftur til heilsu. Slíkt gengur þó því miður ekki alltaf eftir, þá vitum við líka að bataferli geta verið mismunandi löng. Það fer eftir eðli áverka, meðferðarmöguleikum og ýmsu fleira. Almenna reglan er sú að reynt er að átta sig á stöðugleikapunkti vanda viðkomandi sem oftar en ekki er að ári liðnu eftir slys eða jafnvel lengur.

### Ákveðin eðlileg töf

Þetta þýðir að það verður ákveðin eðlileg töf á áliti læknis eða vottorði um heilsufar einstaklings í kjölfar slyss þegar verið er að meta afleiðingar þess. Oft er beiðnin send á heimilislækni eða þann lækni sem hefur borið ábyrgð á meðferðinni sem ritar fyrsta vottorð, í framhaldi þarf svo að gera frekara mat sem fer fram t.d. á vegum tryggingarfélaga þar sem iðulega er um að ræða matsgerðir læknis og lögfræðings til að meta miska viðkomandi, örorkustig og fleira. Þessar beiðnir um vottorð hafa undanfarin ár farið að berast fyrr en ella og jafnvel nokkru áður en mögulegt er að meta langtímaáhrif. Læknum hefur þótt það sérkennilegt, en talsvert er gengið á eftir þessum vottorðum enda um hagsmuni bæði skjólstæðinga og lögmanna viðkomandi að ræða. Ákveðinnar óþolinmæði gætir þess vegna, en öllum er ljóst að mönnunarvandi blasir við í heilbrigðiskerfinu og þessi mál njóta ekki forgangs þar.

Þessi kerfislægi vandi gerir það að verkum að þessi vottorð eru oftsinnis unnin utan hefðbundins vinnutíma, en flestir læknar eru sammála því að álag vegna slíkra mála hefur aukist undanfarin ár. Það dylst engum réttur sjúklinga í þessu efni, sem er skýr að lækni er skylt að rita vottorð sem beðið er um af hans hálfu og reyna læknar að verða við því eftir fremsta megni.

### Umræða mikilvæg

En að mínu mati, vegna aukins álags og hraða af ofangreindum orsökum, er í auknum mæli óskað eftir útprentun úr sjúkraskýrslum einstaklinga í stað vottorðs. Nú er það svo að lögfræðingur skjólstæðings fær umboð til að leita gagna sem við koma því máli sem hann flytur fyrir skjólstæðing sinn. Þegar læknir ritar vottorð vegna umferðarslyss svo dæmi sé tekið fer hann yfir gögn í sjúkraskrá sem tengjast því máli og tekur afstöðu til fyrra og núverandi heilsufars en lætur óviðkomandi atriði liggja á milli hluta.

**➜ Mjög mikið er um gylliboð í slysabransanum, ókeypis ráðgjöf er oft auglýst af hálfu þessara aðila með von um hag ef bætur nást út úr máli viðkomandi.**

Þarna er verið að verja einkalíf skjólstæðings, enda geta önnur veikindi verið afar persónuleg og ekki á nokkurn máta verið eðlilegt að lögfræðingur hafi innsýn í þau eins og til dæmis geðsjúkdóma, fóstureyðingar, kynsjúkdóma, krabbamein eða annað slíkt þegar hann er að leita eftir upplýsingum vegna meðhöndlunar við bakáverka eftir umferðarslys. Í mörgum tilvikum er umboð einstaklinga til lögfræðings óskýrt hvað þetta varðar og ættu læknar almennt ekki að prenta út sjúkraskrá einstaklings og senda lögfræðingi hans nema með sérstöku samþykki sjúklings. Mín skoðun er reyndar sú að ekki eigi að prenta út sjúkraskrá og senda frá sér vegna mála sem þessa, heldur rita vottorð þó það taki lengri tíma.

Mikilvægt er að taka umræðu um þessi mál og að almenningur átti sig á því hvað er verið að undirrita og þá er ágætt að miðla því til bæði lækna og lögfræðinga að þeir finni ásættanlega lausn sem tryggir afgreiðslu mála og hagsmuni sjúklinga sem best.

REYKJAVÍKURBORG




## Samstarf í húsnæðismálum - „Nýju Reykjavíkurhúsin“


Kirkjusandur - frumhugmynd að deiliskipulagi


Vesturbugt - skipulagshugmynd

Reykjavíkurborg óskar eftir samstarfi við byggingarfélög, sjálfseignarstofnanir, húsnæðissamvinnufélög og leigufélög, sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og hafa að markmiði byggingu íbúða fyrir félagsmenn sína.

Þetta verkefni varðar tvö byggingarsvæði: Í Vesturbugt er áformað að reisa allt að 80 íbúðir á grundvelli þessa samstarfs og á lóðum Reykjavíkurborgar við Kirkjusand um 100 íbúðir. Þegar fjöldi og samsetning samstarfsaðila liggur fyrir er áformað að bjóða lóðirnar út í almennu útboði.

Samstarfið er liður í þróunarverkefni sem kallast „Nýju Reykjavíkurhúsin“. Það byggir á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030 og nýrri húsnæðisstefnu borgarinnar, sem gera ráð fyrir auknu og fjölbreyttu framboði húsnæðis fyrir ólíka félagshópa.

Þau félög sem vilja kynna sér nánar þetta samstarf og uppbyggingarsvæði geta fengið sérstaka kynningu hjá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Félög sem hafa áhuga á samstarfi og uppfylla framgreind viðmið skulu tilkynna um áhuga sinn til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar í Ráðhúsi Reykjavíkur fyrir 29. maí 2015.

Netfang: sea@reykjavik.is

Nánari upplýsingar á vefsíðunni reykjavik.is/lodir

Reykjavíkurborg - skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | Ráðhúsi Reykjavíkur - Tjarnargötu 11 | www.reykjavik.is/sea | s. 411 11 11

## AF NETINU

### Frú forseti



Eftir átta ára valdatíð demókrata þá hefði maður haldið að repúblikanarnir væru klárir með sitt næsta forsetaefni en þeim hefur ekki enn tekist að finna sigurstranglegan kandídat og allt virðist stefna í að þeir tefli fram þriðja runnanum, Jeb Bush.

Þannig að allar líkur eru á að það verði aftur demókrati í Hvíta húsinu en enginn hefðbundinn demókrati heldur Clinton, Hillary Clinton með fyrrverandi forsetann Bill Clinton sér við hlið. Hver hefði geta séð þetta fyrir eftir Monicu Lewinsky hneykslið á sínum tíma? Þegar forsetinn gerði heiðarlega tilraun til að breyta skilgreiningunni á kynlífi og sagði þessa ógleymanlegu setningu „I did not have sex with that woman“ án þess að farið sé nánar út í það „smáatriði“.

Það getur hins vegar varla verið tilviljun nú 16 árum seinna að Monica Lewinsky sé að skjóta upp kollinum vegna TED fyrirlesturs sem hún hélt nýverið. Það læðist að manni sá grunur að nú eigi að reyna að grafa undan forsetaframbjóðandanum með því að draga upp þetta gamla mál en það þarf eflaust meira til að fella Hillary.

Konan er búin að standa ansi margt af sér, Lewinsky málið var eitt, annað er að hafa verið 60 ára og tilbúin til að taka við forsetaembættinu og tapa útnefningunni og þurfa svo að bíða í 8 ár til að eiga annan séns í forsetann.

http://www.deiglan.is

*Erla Ósk Ásgeirsdóttir*

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**Ekki talað um**
Þorgerður Sigurðardóttir sjúkraþjálfari segir að vandamál tengd grindarbotni séu meiri en margir halda; að minnsta kosti þriðjungur kvenna glímir við einhver einkenni frá grindarbotni.
SÍÐA 2



**HM í Hestum**
Siggi Sæm, fyrrverandi landsliðseinvaldur, er fararstjóri í ferð á HM í hestaíþróttum.
SÍÐA 4







# HEFUR MIKLA TRÚ Á MAGNESÍUMOLÍU

**GENGUR VEL KYNNIR** *Sigurjón Sigurbjörnsson er tæplega 60 ára ofurhlaupari sem notar magnesíumolíu í úðaformi frá fyrirtækinu BetterYou. Með henni losnar hann við vöðvakrampa og hefur bætt sig í hlaupinu.*

Fyrir 17 árum byrjaði Sigurjón að æfa hlaup og hefur náð gríðarlega góðum árangri. Hann átti besta tíma í heiminum í sínum aldursflokki árin 2011 og 2012 í 100 kílómetra hlaupi og stefnir að því að bæta Íslandsmetið í flokki 60 ára og eldri í Reykjavíkurmaraþoninu í ágúst. Markmiðið er að hlaupa á undir þremur klukkustundum.



**HLAUPARI** Sigurjón hefur bætt sig í hlaupum. MYND/VILHELM

### VÖÐVAKRAMPAR HEFTU ÁRANGUR

„Ég hljóp fyrst 100 km keppnishlaup árið 2009 og eftir 70 km fór krampi að hægja verulega á mér. Svo hljóp ég aftur 2011 og notaði magnesíumolíuna fyrir hlaupið og aftur í miðju hlaupinu og þegar ég kom í mark og fann ekki fyrir neinum krampa. Eftir það hef ég notað það í maraþonum, hálfmaraþonum og 100 km hlaupi og einnig á erfiðum æfingum og alveg verið krampalaus. Ég ætlaði ekki að trúa árangrinum! Ég jafnaði mig rosalega fljótt. Gat meira að segja farið á æfingu daginn eftir og gert hnébeygjur sem hefði ekki verið séns áður,“ segir Sigurjón ánægður með spreyið og segist nota það daglega bæði fyrir og eftir æfingar, í keppnum og sé alltaf með brúsa í íþróttatöskunni. „Svo hef ég spreyjað á fólk sem hleypur með mér því til mikillar ánægju enda eru margir farnir að nota spreyið,“ segir Sigurjón að lokum og óskar öllum góðs gengis í öllum þeim hlaupum sem fram undan eru.




### GÓÐUR ÁRANGUR

„Ég ætlaði ekki að trúa árangrinum. Í mínu fyrsta hlaupi eftir að ég byrjaði að nota magnesíumúðann fékk ég enga vöðvakrampa, bætti tímann og jafnaði mig rosalega fljótt.“

### SÖLUSTAÐIR

*Magnesíumolían fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.*







# Mosatætarar

Vandaðir mosatætarar á hagstæðu verði – verð frá kr. 19.900,-

Model VA 302 E
Rafmótor 1200W.
Vinnslubreidd 30 cm
Safnpoki 35 lítra

Model VA 346 E
Rafmótor 1600W.
Vinnslubreidd 34 cm
Safnpoki 45 lítra

Model VA 389B
B&S 750 Bensínmótor.
Vinnslubreidd 38 cm
Safnpoki 50 lítra

ÞÓR HF

| Reykjavík: | Akureyri: | Vefsíða: | Opnunartími: |
|---|---|---|---|
| Krókháls 16 | Lónsbakka | www.thor.is | Opið alla virka daga |
| 110 Reykjavík | 601 Akureyri | | frá kl 8:00 -18:00 |
| Sími 568-1500 | Sími 568-1555 | | Lokað um helgar |













**ÞORGERÐUR SIGURÐARDÓTTIR** sjúkraþjálfari hefur starfað við og haft áhuga á kvenheilsu í rúm tuttugu ár. Hún vinnur nú að doktorsrannsókn sem snýr að grindarbotni íþróttakvenna. MYND/GVA

# EKKI FARA OF SNEMMA AF STAÐ

**KVENHEILSA** *Rannsóknir hafa leitt í ljós að að minnsta kosti þriðjungur kvenna glímir við einhvers konar einkenni frá grindarbotni. Margar konur fara of snemma að æfa of mikið eftir fæðingu, að mati sjúkraþjálfara.*

Þorgerður Sigurðardóttir, sjúkraþjálfari og sérfræðingur í meðgöngu- og fæðingarsjúkraþjálfun, vinnur nú að doktorsrannsókn sinni í líf- og læknavísindum við Háskóla Íslands þar sem hún kannar hugsanleg tengsl milli mikils líkamlegs álags eins og íþróttaþjálfunar á fæðingarútkomu. „Ég er enn að safna gögnum en það lítur út fyrir að ég nái að gera stærstu rannsókn sem hefur verið gerð á þessu sviði. Ég hef fengið góðar viðtökur og er komin með yfir tvö hundruð konur í rannsóknina en er enn að biðla til íþróttakvenna í sem flestum greinum að taka þátt. Ég þarf að fá nógu margar konur í hverri grein til að koma og svo er ég með samanburðarhóp sem ekki æfir markt. Konurnar þurfa aðeins að svara spurningalista um hvernig þær hreyfðu sig nokkur ár fyrir fyrstu fæðingu og meðgöngu og svo ber ég svörin saman við fæðingarútkomu,“ segir Þorgerður.

### GRINDARBOTNSÞJÁLFUN DREGUR ÚR EINKENNUM

Hún segir skoðanir hafa verið uppi um það að íþróttakonur lendi í erfiðari fæðingum en aðrar konur. „Það er ekkert sem bendir til þess að svo sé. Svo segja aðrir að íþróttakonum gangi betur því þær séu í góðu formi. Ég vonast til að niðurstöður rannsóknarinnar geti sagt eitthvað til um það hvort íþróttakonur í góðri þjálfun fái öðruvísi fæðingarútkomu en konur sem eru ekki í eins góðri þjálfun. Rannsóknin mun einnig hjálpa okkur að skilja grindarbotninn betur og hvernig álag virkar á líkamann. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á grindarbotnsþjálfun á meðgöngu og eftir fæðingu og benda flestar til þess að þjálfun hjálpi og dragi úr einkennum sem margar konur verða varar við eftir fæðingu.“

Að sögn Þorgerðar eru vandamál frá grindarbotni stærra vandamál en margir halda, að minnsta kosti þriðjungur kvenna glímir við einhver einkenni frá grindarbotni og talan er sennilega nær fimmtíu prósentum. „Oft er þetta vandamál hjá ungum konum og margar þeirra eru ekki meðvitaðar um þetta vandamál.“

### MEÐVITUND UM VANDAMÁLIÐ MIKILVÆG

Enginn fastur rammi er hér á landi um það hvernig konur með grindarbotnsvandamál eru aðstoðaðar eftir fæðingu. Annar þáttur rannsóknar Þorgerðar er að bjóða konum í meðferð hjá sjúkraþjálfara eftir fæðingu til að meta hvort slík þjálfun skili sér í minni grindarbotnseinkennum eftir fæðingu. Þorgerður vonast til þess að ef niðurstöður rannsóknar hennar verða jákvæðar verði það til þess að þær konur sem lenda í erfiðri fæðingu fari í fastan feril, fái sjúkraþjálfun og aðstoð við að styrkja sig aftur. „Ég hef starfað við kvenheilsu í rúm tuttugu ár og mér finnst stóra og jákvæða málið núna vera að konur eru upplýstari og meðvitaðri um að bregðast við einkennum frá grindarbotni strax, því það skiptir svo miklu máli upp á lífsgæði. Einkenni geta verið margvísleg, til dæmis þvagleki, verkir, blöðrusig, legsig, ristilsig, endaþarmssig, loftleki,

### BETRI LÍFSGÆÐI

„Mér finnst stóra og jákvæða málið núna vera að konur eru upplýstari og meðvitaðri um að bregðast við einkennum frá grindarbotni strax því það skiptir svo miklu máli upp á lífsgæði.“

það að geta ekki haldið í sér lofti eða hægðum og fleira. Grindarbotnsvandamál eru ekki einungis tilkomin vegna meðgöngu og fæðingar. Oft er það líka aldurstengd þróun og fleira kemur til, til dæmis ofþyngd og reykingar. Það má því leiða að því líkur að þetta verði stærra vandamál í framtíðinni ef við höldum áfram að þyngjast. Grindarbotnsvandamál kvenna eru lýðheilsumál,“ útskýrir Þorgerður.

### EKKI ALLTAF EINKENNI STRAX

Meiri áhersla hefur verið á það undanfarin ár að fólk hreyfi sig og konur sem nýlega hafa fætt barn eru þar engin undantekning. Þorgerður hefur áhyggjur af þeirri þróun. „Ég hef áhyggjur af þessari miklu áherslu á að drífa sig af stað eftir fæðingu. Það er oft á kostnað veikasta hlekksins í líkamanum og eftir fæðingu er það grindarbotninn. Ég held því að þetta sé röng stefna, konur ættu að byrja á að hlúa að sínum innsta þætti eftir fæðingu. Rannsóknir sýna að þó einkenni séu ekki að birtast strax þá sé þetta oft þróun í ranga átt, ef þessir vöðvar eru ekki styrktir og hugsað um þessa þætti sem eru svo mikilvægir þó þeir séu ósýnilegir þá geta vandamálin komið upp síðar.“


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

natures aid

# Ný margverðlaunuð vítamínlína

Sérfræðingar í náttúrulegri heilsu síðan 1981

**20% afsláttur** til 15. júní

## Sýnishorn af línunni:




## GMP vottuð framleiðsla




**Athugið! Hagkvæmnispakkningar í boði - Gott verð - Mikið magn**




Apótekarinn+ - lægra verð

Lyf&heilsa Við hlustum!

www.gengurvel.is


PORGY kr. 17.700


MIST KLUKKA kr. 9.980


SMILE BUTTON - 3JA SÆTA kr. 204.800

2 SAMAN Í SETTI

BAMBOO BORÐ kr. 36.400


AMI STÓLL kr. 19.900


BALDVIN - 3JA SÆTA 196 cm kr. 129.900


KLAPPSTÓLL kr. 5.990


FRÁ kr. 4.900
FRÁBÆRT ÚRVAL AF PÚÐUM

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Til hvers að flækja hlutina? 365

SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!

365.is | Sími 1817




**STEMNING** Ólýsanleg tilfinning er að sitja meðal áhorfenda á HM í hestaíþróttum og hvetja áfram glæsilega knapa. MYND/LH

# SIGGI SÆM VERÐUR Í FARARBRODDI

**ÚRVAL ÚTSÝN KYNNIR** *Sigurður Sæmundsson, fyrrverandi landsliðseinvaldur, verður fararstjóri í skemmtilegri ferð Úrvals Útsýnar á HM í hestaíþróttum í Danmörku. Ferðin er sérsniðin fyrir hestamenn en heimsóttur verður hestabúgarður auk þess sem Siggi Sæm segir sögur og spáir í spilin.*

Fyrsta heimsmeistaramótið sem ég fór á var í St. Moritz árið 1972. Síðan þá hef ég farið á öll heimsmeistaramót, oftast sem liðsstjóri eða keppandi," segir Sigurður Sæmundsson, sem ávallt er kallaður Siggi Sæm. Siggi er löngu orðinn þjóðþekktur hestamaður, jafnvel heimsþekktur í heimi íslenska hestsins. Í fjölda ára var hann svokallaður einvaldur íslenska landsliðsins í hestaíþróttum en einvaldur er liðsstjóri sem velur hluta keppenda í liðið og heldur utan um hópinn þegar komið er á mótið.

**HEIMSÓKN Á ÍSLANDSHESTABÚGARÐ**

Í ár verður Siggi í öðru hlutverki þegar hann gerist fararstjóri í ferð Úrvals Útsýnar á heimsmeistaramótið sem haldið verður í Herning í Danmörku 3.-10. ágúst. „Okkur datt í hug að gaman væri að fara með hestatengdan hóp í sérsniðna ferð á mótið," segir Siggi en lagt verður í hann 2. ágúst og flogið til Hamborgar. „Þar heimsækjum við Vindhóla, flottan Íslandshestabúgarð Einars Hermannssonar og konu hans, rétt fyrir utan borgina. Einar er góður knapi, ættaður úr Skagafirði, og við fáum að skoða alla króka og kima hjá honum," lýsir Siggi en að kvöldi fyrsta dagsins verður gist á sveitahóteli í Schleswig. Næsta dag verður haldið til Herning, með viðkomu í víkingasafninu Viking Museum Haithabu. Síðan gistir hópurinn á hótel Scandic Regina meðan á mótinu stendur, en hótelið er það nálægt mótssvæðinu að möguleiki er á að ganga eða hjóla á svæðið.

**SPÁÐ Í SPILIN**

„Mig langaði að leyfa fólkinu í ferðinni að fylgjast dálítið betur með en gengur og gerist hjá venjulegum gestum mótsins," segir Siggi. Hugmyndin er að hópurinn setjist niður á kvöldin og fari yfir stöðuna, hvað sé fram undan á keppnisvellinum og hvað geti gerst. „Svo væri gaman að fá til okkar liðsstjóra íslenska liðsins sem gæti veitt okkur innsýn inn í það sem hann og keppendurnir eru að hugsa. Hann gæti sagt okkur af hverju vissar ákvarðanir hafi verið teknar og spjallað um gang mála," segir Siggi og er viss um að þessu ættu allir hestamenn að hafa gaman af.

Mótinu geta ferðalangarnir svo fylgst með úr góðum stúkusætum sem búið er að taka frá fyrir þá.



**SIGURSÆLIR** Íslenska landsliðið í hestaíþróttum er iðulega sigursælt á heimsmeistaramótum. Mynd/LH

**FRÁBÆRT MÓTSSVÆÐI**

Heimsmeistaramótið í ár er haldið í Herning í Danmörku. Herning er miðsvæðis á Jótlandi, um það bil 300 km frá Kaupmannahöfn og 60 km frá Billund. Mótið er haldið á Landsskuepladsen sem er sérlega gott svæði með tilliti til allrar aðstöðu fyrir hesta og menn. Siggi þekkir vel til enda var hann liðsstjóri landsliðsins þegar HM var haldið í Herning fyrir nokkrum árum. „Svæðið er mjög gott, þar eru hesthús fyrir alla keppnishesta, þar eru flottir keppnis- og sýningarvellir og góð áhorfendasvæði. Síðan kunna Danir að blanda saman skipulagningu og gleði og því allar líkur á að mótið verði skemmtilegt," segir hann glaðlega.

**SÖGUR OG GLEÐI**

Siggi Sæm er þekktur fyrir gott skap og frásagnargleði. Ferðalangar munu ekki fara varhluta af þeirri smitandi gleði sem einkennir viðmót hans. Þegar Siggi er inntur eftir því hvort hann verði með einhverjar sögur á takteinunum er hann fljótur til svars: „Það er til alveg hellingur af sögum, bæði í kringum heimsmeistaramótin og hestamennskuna, efni í heila bók. Það er svo margt sem gerist í kringum þessi mót sem hinn almenni hestamaður hefur aldrei heyrt um. Ég mun segja einhverjar sögur og dreg ekkert undan. Og ef sagan er betri með smá kryddi, þá verður hún sögð þannig," segir hann og skellihlær.



**SIGGI SÆM** Sigurður Sæmundsson verður fararstjóri í skemmtilegri ferð Úrvals Útsýnar á HM í hestaíþróttum í Herning í Danmörku.

**FERÐIN**

Nánari upplýsingar um ferðina er að finna á www.uu.is eða í símum **585-4102 / 585-4002**



# Eurovísir

ÞRIÐJUDAGUR 19. MAÍ 2015

*Eurovision 2015*

## Fáir beðið jafn lengi eftir sigri

**Íslendingar hafa beðið einna lengst eftir því að vinna Eurovision.** SÍÐA 8

## Sigga Kling leitar aðstoðar að handan

**„Hugsanir skapa heiminn og við komumst í fyrsta sætið ef við sköpum orkuna, erum stolt í hjarta okkar og þá gengur allt vel.“** SÍÐA 10

## Skylda að koma með heimagerðan fána

**Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra, er forfallinn Eurovision-aðdáandi. Hann tekur aðalkvöldið með pompi og prakt og krefst þess að allir veislugestir mæti með heimagerðan fána.** SÍÐA 10

*MARÍA ÓLAFSDÓTTIR*

# Ætla að njóta mín á sviðinu

*Gamall draumur rætist í Vínarborg.*

SÍÐA 6

FRÉTTABLAÐIÐ

# Þetta eru bestu lögin

## – segja sérfræðingarnir

**Fjörutíu lög taka þátt í Eurovision í ár, þar á meðal Ástralía sem mætir til leiks í fyrsta sinn. Í vikunni verður farið yfir öll lögin í hlaðvarpsþættinum Eurovísi sem hægt er að hlusta á inni á vísir.is. Steinunn Björk Bragadóttir, Heiður Maríudóttir og Charles Gittins fóru yfir öll lögin í keppninni í ár og við tókum saman hvað stóð upp úr.**



Sérfræðingar Eurovísis eru þau Steinunn Björk Bragadóttir, Heiður Maríudóttir og Charles Gittins.

### RÚSSLAND

„Þetta er stórkostleg lag. Þetta er mögulega að fara að vinna Eurovision,“ segir Heiður. Charles og Steinunn tóku undir án þess þó að vera sérlegir aðdáendur Rússa í keppninni. „Ég hef elskað rússnesku lögin síðustu tvö ár en lagið er mjög gott og þetta flýgur í úrslitin en svo, æ, ég veit það ekki,“ segir Charles.

### BELGÍA

„Lagið er mjög gott en mér finnst takturinn skrítinn,“ segir Charles. Þau Heiður eru sammála um það og að takturinn virki. „Hann sígur djúpt inn í mann og nær manni,“ segir Heiður. Steinunn vonast til að lagið fljúgi áfram til þess að tryggja að minnsta kosti eitt gott lag komist áfram af fyrra kvöldinu. „Hann syngur frábærlega „live“,“ segir hún.

### EISTLAND

„Síðast þegar ég gerði lista var þetta í þriðja sæti hjá mér,“ segir Steinunn, sem tekur þó fram að listinn breytist daglega. „Þetta finnst mér besta lagið í fyrri undankeppninni,“ segir hann. „Eina vandamálið fyrir mig er að það er ósamræmi á milli tónlistarinnar og textans.“ Öll þrjú voru þau sammála um að lagið væri gott.

### NOREGUR

„Mér finnst þetta frábært lag,“ segir Steinunn og Heiður tekur undir. Charles er ekki alveg jafnhrifinn. „Þetta er ekki La det svinge, sem er það sem ég vil fá frá Noregi. Þetta er smá niðurdrepandi og dapurlegt,“ segir hann. „Ég vil ekki raunveruleikann í Eurovision.“ Hann er þó sammála um gæði lagsins. „Þetta kemst áfram pottþétt.“

### HVÍTA-RÚSSLAND

„Þetta er ágætis hjartastuðtæki,“ segir Steinunn en þremenningarnir eru sammála um að þetta lag henti vel á eftir ungverska laginu, sem ekkert þeirra er sérlega hrifið af. „Þetta er fáránlega grípandi viðlag.“

### LITHÁEN

„Það yrðu mjög leiðinleg úrslit án þessa lags,“ segir Charles. Steinunn segir að flytjendurnir virki vel saman á sviðinu; þau virki raunverulega ástfangin. „Ég held að þetta sé frábært opnunarlag,“ segir Heiður.

### ÍSRAEL

„Þetta er frábært lag,“ segir Charles. Heiður segir að lagið sé í miklu uppáhaldi hjá sér en öll þrjú eru sammála um að lagið sé mjög gott. „Ef þetta lag væri ekki númer níu í röðinni þá væri fólk í alvöru bara farið og búið að slökkva á þessu, þannig að hann bjargar öllu sjóvinu þarna,“ segir hún. Steinunn segir hann svo vera ísraelsku útgáfuna af Friðriki Dór. „Og það er ekkert slæmt við það,“ segir hún.

### SVÍÞJÓÐ

„Hann flýgur áfram og verður örugglega í topp fimm,“ segir Charles. Steinunn telur þó of stutt síðan Svíar unnu síðast keppnina til að þeir vinni aftur. Hún sé þó viss um að sænska lagið verði ofarlega í úrslitunum.

### ÁSTRALÍA

„Þetta er svo fáránleg gott að ég trúi bara ekki að þetta sé í Eurovision,“ segir Steinunn. Heiður segir lagið vera „amerískt“; það sé aðgengilegt og kunnuglegt. Charles segist fíla lagið. „En ég vil ekki að Ástralía vinni,“ segir hann en bætir við að frábært væri að sjá Ástralíu í öðru eða þriðja sæti.

### ÍTALÍA

„Þetta er á toppnum hjá mér,“ segir Steinunn og Heiður og Charles taka undir. „Ég myndi alla vega vilja að Ítalía sigraði,“ segir hann. Heiður segir að ítalska lagið hafi unnið alþjóðlega kosningu aðdáendaklúbba Eurovision um alla Evrópu. „Svona „hardcore“-aðdáendur eru að fíla þetta lag en það er samt ekki alltaf vísbending um að lagið eigi eftir að vinna,“ segir Steinunn.

### SPÁNN

„Loksins er smá öskur og ástríða,“ segir Charles um spænska framlagið. Steinunn segir að aðdáun sín á laginu hafi farið dvínandi. „Ég elskaði þetta þegar ég heyrði þetta fyrst en ég elska þetta ekki eins mikið núna en fíla þetta samt,“ segir hún. Heiður segir að útgáfa af laginu þar sem það er sungið „live“ sé stórkostleg.




SAMSUNG
SAMSUNG
Galaxy S6 | S6 edge
NEXT IS NOW
12:45
Lau. 11. apríl
12:45
Lau. 11. apríl
KOMNIR Í NÆSTU VERSLUN
www.samsungmobile.is/s6
#NextIsNow

# Lífið á krossgötum í augnablikinu

**Hin 22 ára María Ólafsdóttir er fulltrúi okkar Íslendinga í Eurovision í ár. Hún lýsir sjálfri sér sem rólegri, feiminni og hlédrægri stúlku sem njóti sín best á sviði. Söngur er hennar líf og yndi og hún segist vart geta beðið eftir að fá að syngja fyrir alþjóð. Hana hefur dreymt um að fá tækifæri til að taka þátt í keppninni frá því hún var sex ára gömul. Tilfinningin sem fylgdi því að stíga á sviðið í fyrsta sinn hafi því verið mjög sérstök.**

María bjó fyrstu ár ævi sinnar á Blönduósi en sjö ára gömul flutti hún í Mosfellsbæ. Hún gekk í Verzlunarskólann og þaðan lá leið hennar í Kennaraháskóla Íslands. Hún tók sér frí frá kennaranáminu vegna keppninnar og hefur enn ekki ákveðið hvort náminu verði fram haldið.

„Líf mitt er á krossgötum í augnablikinu og ég ætla að taka mér góðan tíma eftir þetta ævintýri til að ákveða mig með framhaldið. Þetta hefur allt verið svo óvænt og ég get í augnablikinu ekki hugsað lengra en Eurovision,“ segir María. Hún bætir við að keppnin hafi þegar opnað henni fjölmargar dyr og vonast til að fá fleiri tækifæri til að syngja og leika en hún hefur látið töluvert að sér kveða í leikhúsum undanfarin ár.

### LÍTIÐ EINKALÍF

María segir lífið hafa breyst á örskotsstundu eftir sigurinn í Söngvakeppni sjónvarpsins. „Mitt persónulega líf hefur breyst þar sem allt í einu þekkja mig allir og ég ræð mér ekki alveg sjálf lengur. Ég fór úr því að lifa mjög miklu einkalífi yfir í að allt í einu vita allir allt um mann. Svo ég þarf að hafa fyrir því að halda persónulegum hlutum fyrir mig. Mjög margir hafa skoðanir á því sem ég er að gera,“ segir hún. María segir það þó ekki einungis bundið við Ísland því úti í Vín virðast flestir kannast við hana. „Hér úti eru allir að mynda mann og með útprentaðar myndir af mér hvar sem ég kem. Þetta er skrítið en vonandi venst ég því.“

Hún segist jafnframt finna fyrir mikilli ábyrgðartilfinningu og finnst mikilvægt að vera góð fyrirmynd. „Börn herma mjög mikið eftir þekktu fólki, eins og ég sjálf hermdi mikið eftir Birgittu Haukdal á sínum tíma. Þess vegna skiptir miklu máli hvernig fólk eins og ég hagar sér og kemur fram við annað fólk.“



María segist finna fyrir mikilli ábyrgðartilfinningu.

### BLAÐAMENNIRNIR ÁGENGIR

Dagskrá Maríu í Vínarborg er þaulskipulögð frá morgni til kvölds. Dagurinn er tekinn snemma og honum lýkur seint. Hún hefur því lítinn tíma fyrir sjálfa sig. Sem dæmi má nefna að hún gleymdi að borða fyrir fyrstu æfinguna á stóra sviðinu og endaði í blóðsykursfalli. Öllum blaðamannaviðtölum þurfti því að aflýsa þann dag. „Þegar ég kom út og sá hvað allt er stórt og hvað blaðamennirnir eru ágengir þá fékk ég smá sjokk,“ segir hún.

## Með einlægnina að leiðarljósi

„Við höfum alltaf lagt upp með það á þessu heimili að leggja okkur fram og gera okkar besta og sættum okkur svo við hverju það skilar. María hefur alltaf haft gaman af leiklist, söng og dansi og maður áttaði sig fljótt á því hversu fær og hæfileikarík hún væri. Þetta er hennar áhugamál og bara lífið hennar,“ segir Anna Hjálmarsdóttir, móðir Maríu.

Anna segist ekki ætla að gera sér neinar væntingar og ætlar þess í stað að fylgjast stolt með á hliðarlínunni og njóta. „Þetta er tækifæri og áskorun fyrir hana að takast á við. Mér líst ljómandi vel á þetta og bara orðin spennt,“ segir hún og bætir við að hún hafi fulla trú á dóttur sinni. María verði sem áður með einlægnina að leiðarljósi.

„Hún er svo góð manneskja og er jafnfalleg að utan og innan en það eru ekki allir sem hafa það. Hún kemur til dyranna eins og hún er klædd og það er þessi einlægni og heiðarleiki sem María hefur til að bera sem ég held að muni skila henni miklu,“ segir Anna, en hún og nánasta fjölskylda eru nú stödd í Vín með Maríu.

### NÝFUNDIN ÁST

María segist hafa orðið vör við gagnrýni en lætur það lítið á sig fá. Hún sé með fagfólk allt í kringum sig sem gefi henni góð ráð. Það hafi gagnast henni mikið. Fjölskylda hennar standi einnig þétt við bakið á henni. Þá verður kærasti hennar henni einnig til halds og trausts. Honum kynntist hún nýverið en það er Gunnar Leó Pálsson trommari. „Við spilum stundum saman og stefnum að því að gera meira,“ segir hún.

Tilhlökkunin er mikil að sögn Maríu því gamall draumur er að rætast. „Mig hefur dreymt um að standa á þessu stóra sviði síðan ég sá Selmu árið 1999, þegar ég var sex ára. Það var því mjög sérstök tilfinning að standa á sviðinu á æfingu.“

Hún vonast til að fá að kynnast öðrum listamönnum í keppninni og segist ætla að nýta þetta stóra tækifæri sem best. „Einnig ætla ég að njóta mín á sviðinu því þetta er tækifæri sem ég mun geyma sem minningu um alla ævi,“ segir hún, glöð í bragði.

SJÁLFLÍMANDI
HNÍFAPARASKORÐUR
Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
**Sendum í póstkröfu**

Gullkistan
Frakkastíg 10 - Sími 551 3160 - gullkistan@vortex.is - www.thjodbuningasilfur.is



Heilsuvísir
NÆRANDI ÞÆTTIR
Á NÝJU VEFSVÆÐI VÍSIS
Fylgstu með þessum fróðlegu örþáttum á
visir.is/heilsuvisir.
Vísir.is er hluti af 365 vísir HIMNESKT gló FÁKAFENI

# Allt annar heimur blasir við

Pálmi Ragnar Ásgeirsson, einn lagahöfunda Unbroken, segir tilhlökkunina fyrir keppninni mikla. Stress hafi lítið gert vart við sig enda María öruggur flytjandi.

„Við erum flest í hópnum að gera þetta í fyrsta skipti, þannig að við erum eiginlega bara spennt að fá að upplifa alla stemninguna í kringum þessa keppni. Það er búið að segja okkur svo margt og miðað við það sem ég hef heyrt þá á ég von á að maður detti inn í einhverja allt aðra veröld,“ segir Pálmi.

Hann segist ekki vilja spá fyrir um gengi lagsins, en vonast til að það komist upp úr undankeppninni. „Við förum út með núll væntingar. Við ætlum fyrst og fremst að hafa gaman og gera þetta vel, allt annað er bara bónus.“

Lagið Unbroken er sem fyrr segir samið af Pálma og félögum hans í StopWaitGo. Þeir hafa látið mikið að sér kveða í íslensku tónlistarlífi og stefna hátt. Lagið sníða þeir sérstaklega að tónlistarmönnunum sjálfum, líkt og í tilfelli Maríu.



Pálmi Ragnar er einn af þeim sem bera ábyrgð á Eurovision-laginu í ár. Hér er hann ásamt hópnum.

„Við höfum þekkt Maríu lengi. Við vildum sýna hvað hún gæri góð söngkona en það þarf að sníða lögin þannig að söngvararnir skíni og það var það sem við lögðum upp með í þessu lagi. Við vildum sýna hvað í henni býr og löngu flottu power-nóturnar hennar og það var það sem við höfðum í huga þegar við sömdum lagið,“ segir Pálmi.

Textinn er hádramatískur. Hann fjallar um sambandsslit og ástarsorg sem þeim fylgir en aðspurður segir Pálmi þá ekki hafa sótt í þeirra eigin reynslubanka. Textinn sé þó eitthvað sem flestir tengi við.

„Þetta er í raun bara einhver inspírasjón sem stundum kemur til manns. Stundum kemur það ekki en þarna gerðist það. Við búum í Bandaríkjunum og lagið var þar af leiðandi samið þar en það eina sem við lögðum upp með í þessu lagi var trommutakturinn; hljómarnir og takturinn og í kjölfarið förum við í það að finna hvaða orð pössuðu þar inn í.“

Þá segist Pálmi hafa mikla trú á Maríu. „Hún verður stórkostleg eins og alltaf. Hún mun hljóma vel og standa sig frábærlega á sviðinu,“ segir hann.

# ...verðlaun fyrir besta Eurovisionnammið




Eurovision
SONG CONTEST
AUSTRIA 2015



ENNEMM / NM68465



# HVERT ER ÞITT UPPÁHA

*Stigagjöfin er ekki síður spennandi hluti af Eurovision en lögin sjálf. Þú getur notað þessa stigatöflu með því að gefa hverju lagi stig fyrir þá eiginlega sem þér líkar og mínusstig fyrir það sem þér líkar ekki. Þú skráir stigin í töfluna jafnóðum, telur þau svo saman og þá þarftu ekki að vera í vafa um bestu lögin – að þínu eigin mati að minnsta kosti. Við komum með nokkrar hugmyndir að stigum sem þú getur gefið.



| FYRRI UNDANÚRSLIT | LAND | FLYTJANDI |
|---|---|---|
| 01 | Moldavía | Eduard Romanyuta |
| 02 | Armenía | Genealogy |
| 03 | Belgía | Loïc Nottet |
| 04 | Holland | Trijntje Oosterhuis |
| 05 | Finnland | Pertti Kurikan Nimipäivät |
| 06 | Grikkland | Maria Elena Kyriakou |
| 07 | Eistland | Elina Born & Stig Rästa |
| 08 | Makedónía | Daniel Kajmakoski |
| 09 | Serbía | Bojana Stamenov |
| 10 | Ungverjaland | Boggie |
| 11 | Hvíta-Rússland | Uzari&Maimuna |
| 12 | Rússland | Polina Gagarina |
| 13 | Danmörk | Anti Social Media |
| 14 | Albanía | Elhaida Dani |
| 15 | Rúmenía | Voltaj |
| 16 | Georgía | Nina Sublatti |

| SEINNI UNDANÚRSLIT | LAND | FLYTJANDI |
|---|---|---|
| 01 | Litháen | Monika Linkyte and Vaidas Baumila |
| 02 | Írland | Molly Sterling |
| 03 | San Marínó | Anita Simoncini & Michele Perniola |
| 04 | Svartfjallaland | Knez |
| 05 | Malta | Amber |
| 06 | Noregur | Mørland & Debrah Scarlett |
| 07 | Portúgal | Leonor Andrade |
| 08 | Tékkland | Marta Jandová and Václav Noid Bárta |
| 09 | Ísrael | Nadav Guedj |
| 10 | Lettland | Aminata |
| 11 | Aserbaídsjan | Elnur Huseynov |
| 12 | Ísland | María Ólafsdóttir |
| 13 | Svíþjóð | Måns Zelmerlöw |
| 14 | Sviss | Mélanie René |
| 15 | Kýpur | John Karayiannis |
| 16 | Slóvenía | Maraaya |
| 17 | Pólland | Monika Kuszynska |

| POTTÞÉTT Í ÚRSLIT | LAND | FLYTJANDI |
|---|---|---|
| 01 | Ástralía | Guy Sebastian |
| 02 | Austurríki | The Makemakes |
| 03 | Frakkland | Lisa Angell |
| 04 | Þýskaland | Ann Sophie |
| 05 | Ítalía | Il Volo |
| 06 | Spánn | Edurne |
| 07 | Bretland | Electro Velvet |

# ALDS EUROVISION-LAG?

**NEIKVÆTT**

**Klósettpása:** Nýttir tækifærið til að létta af þér.
**Tungumálaörðugleikar:** Skildir þú enskuna hjá flytjandanum? Sagði hún warrior eða eitthvað annað?
**Daníel Ágúst:** Á þetta ekki skilið neitt stig?
**Ruslana:** Er ekki komið nóg af trommum á sviðinu?
**Drómi:** Sofnaði einhver í partýinu á meðan laginu stóð?
**Landafræði:** Þetta er ekki Evrópuland. Ástralir fá kannski séns.

**JÁKVÆTT**

**ABBA:** Búningarnir jafnvel betri en lagið.
**Gæsahúð:** Ef þú fékkst gæsahúð á þetta skilið stig.
**Selma Björns:** Söngvarinn dansar eins og enginn sé morgundagurinn í laginu.
**Epic Sax Guy:** Hljóðfæraleikari eða bakrödd stal senunni.
**Gleðibankinn:** Er þetta lag um lífsgleðina sem býr í brjósti þér?
**Johnny Logan:** Auka stig fyrir að vera töff.
**Táslustig:** Það er enn töff að vera á tánum á sviðinu. Í alvöru. María er þannig.
**Vorkunarstig:** Æ, þetta á skilið stig af því bara.
**Nágrannastig:** Frændur okkar á sviðinu.

| LAG | STIG | FRÁDRÁTTUR | SAMTALS | SÆTI |
|---|---|---|---|---|
| I Want Your Love | | | | |
| Face The Shadow | | | | |
| Rhythm Inside | | | | |
| Walk Along | | | | |
| Aina Mun Pitää | | | | |
| One Last Breath | | | | |
| Goodbye To Yesterday | | | | |
| Autumn Leaves | | | | |
| Beauty Never Lies | | | | |
| Wars For Nothing | | | | |
| Time | | | | |
| A Million Voices | | | | |
| The Way You Are | | | | |
| I'm Alive | | | | |
| De La Capat/ All Over Again | | | | |
| Warrior | | | | |

| LAG | STIG | FRÁDRÁTTUR | SAMTALS | SÆTI |
|---|---|---|---|---|
| This Time | | | | |
| Playing With Numbers | | | | |
| Chain of Lights | | | | |
| Adio | | | | |
| Warrior | | | | |
| A Monster Like Me | | | | |
| Há Um Mar Que Nos Separa | | | | |
| Hope Never Dies | | | | |
| Golden Boy | | | | |
| Love Injected | | | | |
| Hour Of The Wolf | | | | |
| Unbroken | | | | |
| Heroes | | | | |
| Time To Shine | | | | |
| One Thing I Should Have Done | | | | |
| Here For You | | | | |
| In The Name Of Love | | | | |

| LAG | STIG | FRÁDRÁTTUR | SAMTALS | SÆTI |
|---|---|---|---|---|
| Tonight Again | | | | |
| I Am Yours | | | | |
| N'oubliez Pas | | | | |
| Black Smoke | | | | |
| Grande Amore | | | | |
| Amanecer | | | | |
| Still In Love With You | | | | |




# Hvar eru þau í dag?

**Síðan árið 1986 hafa fjölmargir tekið þátt í Eurovision fyrir Íslands hönd en fengið mismikla athygli. Við renndum yfir sögu Íslands í keppninni og höfðum samband við þrjá fyrrverandi keppendur sem allir muna eftir og athuguðum hvað þeir væru að gera í dag.**



Búningar stelpnanna vöktu ekki minni athygli en atriðið sjálft.



Daníel segist enn eiga frakkann en hann fari ekki í hann lengur. Hann er þó reglulega spurður um hann.



Eva Ásrún þurfti að gera sér lítið fyrir og læra að spila lagið á hljómborð.

### LÉTTKLÆDD MEÐ PALLA

Guðrún Kaldal fór út með Páli Óskari Hjálmtýssyni til Dublin árið 1997 en hún var ein af fjórum dönsurum sem voru með honum á sviðinu. Guðrún er í dag framkvæmdastjóri í frístundamiðstöðinni Frostaskjóli. „Ég er enn þá að dansa en ég er kannski meira að dansa með gömlum ballerínum,“ segir hún.

„Hún Helena Jónsdóttir, sem var danshöfundur, við höfðum verið að dansa saman í hinum og þessum sýningum sem settar voru upp á Hótel Íslandi og höfðum verið saman í dansinum í gegnum árin,“ segir hún aðspurð hvernig hún endaði á sviðinu með Páli Óskari í Dublin.

Hún segir að það hafi komið sér á óvart hvað keppnin var stór. „Þetta var í Dublin árið 1997 og það var mikill órói á Írlandi þá. Við þurftum að tæma höllina einu sinni út af sprengjuhótun,“ segir hún og bætir við að þau hafi verið í lögreglufylgd. „Það var rosalega mikil öryggisgæsla og það fékk enginn nema þeir sem stigu á svið að fara baksviðs; ekki hárgreiðslufólkið sem var með okkur eða sminkan.“ Hún segir að þetta hafi komið sér mikið á óvart. „Og hvað þetta var bara ofboðslega stór hátíð.“

### ANNAR „FRAKKANNA“

Daníel Traustason er einn af eftirminnilegustu dönsurum sem tekið hafa þátt í Eurovision fyrir Ísland. Hann dansaði ásamt Brynjari Þorsteinssyni þegar Selma Björnsdóttir kom, sá og næstum sigraði árið 1999. „Ég er að vinna hjá Vodafone, er vörustjóri þar, meðal annars með Vodafone Play,“ segir Daníel. Hann segist ekki hafa dansað mikið í rúm tíu ár. „Ég hætti að dansa svona um 2004. Var þá búinn að vera dansandi alveg frá því að ég var fjögurra ára.

Þetta er sennilega ein skemmtilegasta og viðburðaríkasta vika sem ég hef upplifað. Maður fékk sínar fimmtán mínútur þarna úti. Ég hef aldrei kynnst öðrum eins áhuga,“ segir Daníel. Hann segir að fylgst hafi verið með þeim hvert fótmál en þeim hafði verið spáð mikilli velgengni í keppninni. „Selma var bara algjör rokkstjarna þarna. Hún komst ekkert án öryggisvarða.

Ég á frakkann enn þá,“ segir Daníel spurður um frakkann góða.

En ferðu stundum í hann, þegar þér leiðist og tekur nokkur spor? „Ég var 19 að verða 20 og hann var nánast saumaður utan á mig. Ég er ekki mikið að draga hann fram. En ég þarf að láta setja hann í glerbúr eða eitthvað, ég er mikið spurður út í hann,“ segir Daníel og hlær.

### BAKRÖDD OG HLJÓMBORÐSLEIKARI INGU

Eva Ásrún Albertsdóttir hefur margoft sungið bakraddir með íslenskum lögum í Eurovision. Hún fór fyrst út sem bakrödd árið 1989 til Sviss, 1991 til Rómar, 1993 til Írlands og svo aftur 1994 til Dublin. „Ég er ljósmóðir og hef verið að vinna undanfarin ár í mæðraverndinni á Landspítalanum en er í leyfi og er að vinna í Zinzino í dag,“ segir hún.

En ertu að syngja eitthvað í dag? „Ég var að syngja í Hörpunni núna með Brunaliðinu síðast, þannig að ég er svona af og til.“

Eva Ásrún var meðal bakradda sem þurftu að læra í snatri á hljómborð til að spila á sviðinu á Írlandi árið 1993 með Ingu í laginu Þá veistu svarið. „Það voru allt aðrar reglur í keppninni þá og það urðu bara að vera á sviðinu þeir sem voru að spila. Einhvern veginn var lendingin sú að við spiluðum allar á þessi hljómborð og Eyfi spilaði á trommur,“ segir hún.

„Þetta var ekki spilað „live“ en það þurfti að „mæma“ hljómborðin. Þetta var rosalegt stress því það mátti engan veginn að sjást að það væri eitthvert klúður í gangi, að við kynnum þetta ekki. Þetta varð að vera algjörlega upp á tíu,“ segir Eva, sem segist ekki hafa kunnað að spila á hljómborð. „Ég gerði þetta en ég er ekki hljómborðsleikari,“ segir hún.







# Fáir hafa beðið jafnlengi eftir sigri og við

Biðin eftir sigri hefur verið Íslendingum erfið. Það eru þó nokkrar þjóðir sem hafa beðið enn lengur en við eftir sínum fyrsta sigri.

Aðeins þrjár þjóðir hafa beðið lengur eftir sigri í Eurovision en Íslendingar. Portúgal hefur tekið 47 sinnum þátt í keppninni en fimmtíu ár eru frá því að Portúgalar tóku fyrst þátt. Þeir hafa aldrei unnið en hafa beðið lengst allra eftir sigri.

Kýpur og Malta koma svo næst á eftir á listanum en hafa beðið talsvert skemur en Portúgalarnir. Kýpverjar hafa tekið þátt 31 sinni, fyrst fyrir 32 árum. Maltverjar hafa hins vegar tekið þátt jafn oft og Íslendingar, eða 27 sinnum. Þeir hafa þó beðið í heil 43 ár eftir sigri en þeir tóku fyrst þátt árið 1971.



Sigga Beinteins og Grétar Örvars blésu Eurovision-andanum í þjóðina árið 1993 eftir döpur ár frá upphafi þátttöku okkar árið 1986.

### TVISVAR BRÚÐARMÆR, ALDREI BRÚÐUR

Íslendingar tóku þátt fyrst árið 1986 og hafa síðan þá beðið eftir sigri, þrátt fyrir að hafa verið nokkuð sigurviss með Gleðibankann. Við komumst næst sigri þegar Selma Björnsdóttir keppti í Ísrael með lagið All out of luck en þá stálu Svíar sigrinum, á lokasprettinum í stigagjöfinni. Ísland var það árið 17 stigum frá sigurlaginu. Mestu munaði það árið um að Bosnía og Hersegóvína gaf Íslandi ekkert stig en Svíum 12 og að Slóvenar gáfu þeim 7 stig en Íslandi ekkert.

Jóhanna Guðrún hefur náð flestum stigum fyrir Íslands hönd en hún var þó nokkuð langt frá því að næla í glerhljóðnemann fræga þar sem Alexander Rybak sló stigamet í keppninni fyrir Norðmenn þegar hann söng lagið Fairytale eftirminnilega.

Að ógleymdri Siggu Beinteins og Grétari Örvarssyni, sem höfnuðu í fjórða sætið árið 1990 með Eitt lag enn, en þau voru 25 stigum frá því að vinna keppnina.



Selma Björnsdóttir var sjónarmun frá því að vinna Eurovision fyrir okkur Íslendinga. Aðeins vantaði 17 stig upp á að ná sigurlaginu.

### LANGT FRÁ SÍÐASTA SIGRI

Spánverjar eru þó ekki mikið betur settir þó að þeir hafi unnið keppnina tvisvar, árin 1968 og 1969, með lögin La, la, la og Vivo cantando. Árið 1969 þurftu Spánverjar þó að deila sigrinum með þremur öðrum þjóðum sem fengu jafnmörg stig og þeir en á þessum tíma var ekki búið að setja reglur um hvernig ætti að bregðast við jafntefli. Voru því öll lögin fjögur lýst sem sigurvegarar í keppninni það árið. Spánverjar hafa síðan þá beðið eftir sigri, eða í 45 ár.

Frakkar eru í svipaðri stöðu en þeir hafa unnið fimm sinnum, síðast árið 1977. Þeir hafa þar af leiðandi ekki unnið í 37 ár þrátt fyrir að hafa 36 sinnum tekið þátt í keppninni síðan. Þeim hefur í raun gengið alveg herfilega illa síðustu ár, en árið 2014 lentu þeir í síðasta sæti, sem er þeirra lakasti árangur.

Hollendingar hafa svo þurft að bíða í heil 39 ár eftir sínum næsta sigri en á því tímabili hefur þjóðin tekið 35 sinnum þátt. Þeir unnu síðast árið 1975 með lagið Ding-a-dong.

# Hreinlætistækifæri

Hjá Vélum og verkfærum fæst úrval áhalda fyrir baðherbergi sem margir hafa aðgang að, allt sem tilheyrir góðri hreinlætisaðstöðu fyrir fyrirtæki, veitingahús, hótel og mötuneyti og önnur almenningssalerni. Skiptiborð, handþurrkunarblásarar, handþurrkuhaldarar, sápuskammtarar, klósettrúllustatíf, í stuttu máli allt sem þarf til að búa út góða salernisaðstöðu. Viðurkennd traust vörumerki og fjölbreytt vöruúrval.



Bio JangPoong

BIO JangPoong þurrkblásarar, gerildeyðandi





AIRDRI

Airdri þurrkblásarar, margar tegundir





Sápuskammtarar í úrvali

BOBRICK



Bleiuskiptiborð, margar gerðir

Fina · d line · WORLD DRYER · WESCO · cavere Design-Inspiration · ZACK follow your style · NORMBAU · WAGNER EWAR · Randi

VÉLAR & VERKFÆRI

VÉLAR & VERKFÆRI · Skútuvogur 1 C · 104 Reykjavík · Sími: 550 8500 · Fax 5508510 · www.vv.is

# Hvaða þjóðir eru vinir okkar?



Sigríður Klingenberg spámiðill leitaði aðstoðar að handan til að spá um úrslitin í Eurovision.

## Engillinn sem mun koma öllum á óvart

„Hún er engillinn sem tekur þetta og ég held það eigi eftir að koma okkur alveg svakalega á óvart hvernig henni gengur. Hugsanir skapa heiminn og við komumst í fyrsta sætið ef við sköpum orkuna, erum stolt í hjarta okkar og þá gengur allt vel,“ segir Sigríður Klingenberg spámiðill um gengi Maríu í keppninni.

Sigga leitaði aðstoðar að handan og fékk þau svör að Noregur ætti eftir að hreppa fyrsta sætið og Ítalía annað. „Mér sýnist við fá tíunda sætið, sem er samt fyrsta sæti frá mér. Við verðum líka að halda í trúna og það er það sem kemur okkur áfram,“ segir hún.

Hún segir talnaspekina einnig Maríu í hag. „María er akkúrat að byrja tímabil sem tengir hana í hugmyndum og listum. Hún er akkúrat á ári þar sem fólk mun hjálpa henni og hún mun alltaf hafa þetta. Henni mun ganga sérlega vel í gegnum lífið,“ segir Sigga og bætir við að einlægni Maríu og fegurð muni fleyta henni langt í lífinu. Heillaráð hennar til Maríu sé því að halda áfram að vera hún sjálf.

„Þegar hún horfir í myndavélarnar þá sér fólk þessa einlægni. Augu hennar eru á við þúsund tár og þá vilja allir kjósa hana.“

**Stigagjöfin í Eurovision er í hæsta máta pólitísk. Það sést glögglega þegar skoðað er hvaða þjóðir gefa hverjum stig. Eurovísir gerði úttekt á stigagjöfinni til að finna út hverjir eru bestu vinir Íslendinga.**



Aserbaídsjan hefur ekki sent okkur eitt einasta stig.



Svartfellingar hafa ekki fengið eitt einasta stig frá Íslandi þrátt fyrir að hafa fimm sinnum keppt á sama tíma og við.

Norðurlandaþjóðirnar eru til að mynda mun gjafmildari á stig til Íslendinga en aðrar þjóðir. Svíþjóð, Danmörk og Noregur hafa gefið Íslendingum langflest stig en nákvæmlega sömu þjóðir hafa fengið langflest stig frá okkur. Svíar hafa í gegnum tíðina gefið okkur flest stig en við höfum ekki alveg launað greiðann heldur gefið Dönum flest stig.

### VIÐ BETRI VINIR DANA EN ÞEIR OKKAR

Ísland hefur gefið Dönum talsvert meira af stigum en þeir okkur. Frá Íslandi hafa 229 stig farið til Dana, meira en til nokkurrar annarrar þjóðar, en þeir hafa aðeins gefið okkur 157 stig. Það munar því 72 stigum. Munurinn er jafnmikill og heildarstigafjöldi sem Ísland hefur fengið frá Aserbaídsjan, Georgíu, Serbíu og Svartfjallalandi, Júgóslavíu, Mónakó, Makedóníu, Úkraínu, Bosníu og Hersegóvínu, Búlgaríu og Tékklandi – samanlagt.

Danir eru nefnilega hrifnari af Svíum en okkur. Þeir hafa gefið sænskum lögum samtals 322 stig, sem er mun meira en þeir hafa gefið nokkrum öðrum en næst á eftir Svíunum koma Írar, sem hafa fengið 168 stig frá frændum okkar Dönum.

Stigaskipti Íslands og Svíþjóðar eru í mun meira jafnvægi. Við höfum ekki gefið Svíum nema 19 stigum umfram það sem þeir hafa gefið okkur. Íslendingar hafa gefið sænskum lögum 185 stig í heildina en sænska þjóðin hefur gefið íslenskum lögum 166 stig. Að jafnaði gefa Íslendingar og Svíar hverjir öðrum sex stig í keppni, sem er það sama og meðaltalið frá Dönum til Íslendinga en Íslendingar gefa Dönum að jafnaði átta stig í keppni.

### GÓÐVILDIN EKKI ENDURGOLDIN

Hin hliðin á peningnum sýnir okkur hins vegar hvað Spánverjar hafa verið gjafmildir á stig án þess að fá jafn mikið til baka. Í gegnum tíðina hafa Spánverjar gefið Íslendingum 95 stig í heildina, sem er þó ekki nema að jafnaði þrjú stig á ári. Íslendingar hafa aftur á móti aðeins gefið Spánverjum 26 stig, eða að meðaltali eitt stig á ári. Spánverjar hafa því gefið Íslendingum 69 stigum meira en við þeim.

Svipað er uppi á teningnum hjá Bretum. Þeir hafa gefið okkur 99 stig, að jafnaði þrjú stig á ári, en við þeim aðeins 37 stig, eða eitt stig á ári. Þeir hafa gefið okkur 62 stigum meira en við þeim.



Íslendingar geta yfirleitt treyst á Dani þegar kemur að stigagjöfinni í Eurovision.

### ALDREI NEITT FRÁ ASERBAÍDSJAN

Aðeins eitt land hefur aldrei gefið Íslendingum stig – Aserbaídsjan. Þeir hafa haft ellefu tækifæri til að gefa okkur stig, það er bæði í undanúrslitum og úrslitum. Á sama tíma hafa Íslendingar gefið framlagi Aserbaídsjan samtals 30 stig.

Íslenska þjóðin hefur þó líka verið ansi hörð gagnvart nokkrum löndum. Í fjórtán atkvæðagreiðslum höfum við gefið Makedónum eitt stig. Ekkert stig hefur ratað frá okkur til Tékklands eða Mónakó í þremur atkvæðagreiðslum. Svartfellingar hafa heldur enn ekki fengið stig frá Íslandi þrátt fyrir fimm tækifæri.






## Partíhöld frá fimm

Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra, segist ekkert fara í grafgötur með áhuga hans á Eurovision. Hann kviknaði þegar hann var ellefu ára og hefur ágerst síðan þá. Hann spáir Maríu góðu gengi en leggur sitt atkvæði á Finnland.

„Ég er gjörsamlega djúpt sokkinn fyrir mörgum árum en hugsa að þetta hafi byrjað þegar ég sá Diggie-Loo Diggie-Ley með Herreys-bræðrum í svarthvíta sjónvarpinu hjá mömmu og pabba,“ segir Jóhannes.

Hann segir að öllu verði tjaldað til á aðalkvöldinu. „Það er ákveðinn hópur fjölskyldu og vina sem hittist til að horfa á keppnina. Veislan byrjar klukkan fimm og menn borða saman og svona. Allir þurfa að vera búnir að velja sér land til að halda með og koma með fána, helst heimagerðan. Þá bera menn fram einhvers konar kynningu á landinu sínu; eitthvað til að borða, drekka eða menningu. Svo er gríðarlega hörð kosningabarátta um hver er með bestu kynninguna,“ segir hann og bætir við að hans land í ár verði Finnland. „Finnska lagið er mitt uppáhalds í ár. Það er fyrst og fremst pönkið, en ég er pönkari inn við beinið. Pönkið lifir!“



J'aime la vie með Söndru Kim er annað af tveimur uppáhaldslögum Jóhannesar.

Þá segist hann ágætlega bjartsýnn á gengi okkar Íslendinga í keppninni í ár. „Ég er bjartsýnn. Kannski ekki alveg Gleðibankabjartsýnn en ég held að María eigi eftir að selja þetta í undanriðlinum og koma því upp því hún hefur fína útgeislun á sviði. Ég spái henni tíunda til tólfta sæti,“ segir Jóhannes Þór.



OPTICAL STUDIO
FRÍHÖFN
Sólgleraugu fyrir sumarið
CHANEL
orgreen
PRADA
GUCCI
DOLCE & GABBANA
BURBERRY
Ray-Ban
VOGUE
CONVERSE
OAKLEY
CHROME HEARTS
VICTORIA BECKHAM
MARC JACOBS
Módel: Andrea Stefánsdóttir
Umgjörð: RayBan 3025
Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK
www.opticalstudio.is
www.facebook.com/OpticalStudio

# Góða veislu gjöra skal

## Fersk mexíkósalsa-ídýfa

*Veislur eru algengar á Eurovision-kvöldi en tími til veisluhalda er oft af skornum skammti. Thelma Þorbergsdóttir matgæðingur tók því saman þessa góðu uppskrift sem hún segir að taki enga stund að gera.*

**1-2 rauðlaukar**
**450 g rjómaostur**
**1 dós af mildri salsasósu**
**5 tómatar**
**1 gúrka**
**1 rauð paprika**
**½ kálhaus**

*Takið utan af lauknum, skerið í grófa bita og setjið í matvinnsluvél. Hakkið laukinn þar til hann verður fínsaxaður. Dreifið honum jafnt og þétt í botninn á meðalstóru formi. Setjið rjómaostinn í matvinnsluvél og hrærið þar til hann verður mjúkur og sléttur. Blandið salsasósunni saman við og hrærið vel saman. Dreifið úr blöndunni yfir rauðlaukinn og sléttið vel úr með sleif. Skerið tómatana til helminga og takið innan úr þeim. Skerið þá mjög smátt niður og dreifið yfir blönduna. Því næst skerið þið gúrkuna og paprikuna smátt niður og dreifið jafnt og þétt yfir tómatana. Skerið kálið niður mjög smátt og dreifið yfir allt saman. Geymið ídýfuna inni í kæli þar til hún er borin fram.*


**Auðveldur veislukostur.**


**Í átján skipti hafa Bretar gefið sigurlagi keppninnar það árið 12 stig.**


**Lettar unnu árið 2002 með lagið I Wanna í flutningi Marie N.**

## Lettar þekkja sigurvegara

Bretar hafa oftast haft rétt fyrir sér um sigurvegara í Eurovision frá upphafi keppninnar. Þeir hafa oftast gefið sigurlaginu 12 stig – eða átján sinnum. Bretar hafa gefið stig í 57 keppnum, sem er jafn oft og Þjóðverjar, en þjóðirnar tvær hafa oftast allra tekið þátt enda eiga þær fast sæti í úrslitum keppninnar. Bretar hafa sjálfir unnið keppnina fimm sinnum, en þeir gátu að sjálfsögðu ekki spáð fyrir um þann sigur með því að gefa sér 12 stig.

Lettar eru þó sú þjóð sem oftast hefur haft rétt fyrir sér um sigurvegara miðað við fjölda skipta sem þjóðin hefur tekið þátt. Af þeim fimmtán skiptum sem Lettar hafa gefið stig í Eurovision hafa þeir gefið sigurlaginu tólf stig í átta skipti. Lettar hafa aðeins einu sinni staðið uppi sjálfir sem sigurvegarar í keppninni. Miðað við það að hafa ekki getað kosið sjálfa sig þá hafa þeir því gefið sigurlaginu tólf stig í 57 prósentum tilfella, sem verður að teljast nokkuð góður árangur.

Íslendingar hafa einnig staðið sig ágætlega í að spá fyrir um rétt sigurlag en af þeim 27 skiptum sem Íslendingar hafa tekið þátt og kosið höfum við í níu skipti gefið sigurlaginu tólf stig. Það þýðir að íslenskir kjósendur og dómnefndir hafa í þriðjung skipta haft rétt fyrir sér. Ólíkt Bretum og Lettum höfum við hins vegar aldrei unnið keppnina.


**Íslendingar hafa nokkrum sinnum hitt á rétt lag, til að mynda þegar Jóhanna Guðrún atti kappi við Norðmanninn Alexander Rybak í Moskvu árið 2009.**




# Graníthöllin
## Legsteinar

# Allt innifalið!

**Gerðu leiðið fallegt í sumar**
**Takmarkað magn í boði**



Legsteinn nr. 2042

- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Spörfugl
- Frí uppsetning*

Verð kr. **149.000,-**
Fullt verð kr. ~~227.050,-~~


Legsteinn nr. 2020

- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Granít Lukt & Vasi
- Batterískerti 250 klst.
- Frí uppsetning*

Verð kr. **259.000,-**
Fullt verð kr. ~~347.351-~~


Legsteinn nr. 106

- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Brons Lukt & Granít vasi
- Batterískerti 250 klst.
- Frí uppsetning*

Verð kr. **299.000,-**
Fullt verð kr. ~~403.351,-~~



Legsteinn nr. 118

- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Granít Lukt & Vasi
- Batterískerti 250 klst.
- Frí uppsetning*

Verð kr. **313.000,-**
Fullt verð kr. ~~413.351,-~~




# Granitholllin.is

Bæjarhrauni 26
220 Hafnarfirði

555 3888

**Opnunartími:** mánudaga - föstudaga **9⁰⁰ til 18⁰⁰** laugardaga **11⁰⁰ til 16⁰⁰**

* Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu - Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

## BÍLAR & FARARTÆKI



Hjólh. Tec wel 560tf. Árg. 2007, Sólarsella. útvarp. Marcisa. Aldi hitakerfi. rúmgott og skemtilegt hús. Verð 2.950.000. Rnr.124340. Vantar ferðavagna til sölu.



Fellih. Palomino colt. Árg. 2008 Fortjald og sjónvarpsloftnet. gott hús ath. skipti á bíl. Verð. 1.190.000. Rnr.123302. Vantar ferðavagna til sölu.

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 44 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.160917. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ E 280 cdi . Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.990867. Tilboð kr: 2.490.000,-



HONDA Cr-v elegance. Árgerð 2012, ekinn 74 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.990807. Tilboð kr: 3.650.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilaborg.is
Sími 517-1111



YAMAHA JET 1800 bátur árgerð 2003, ný uppgerðið báðir mótorar, 310hö, kerra fylgir. bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.133798.

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN



**BÍLL DAGSINS !!!**
TOYOTA Yaris hybrid. Árgerð 2013, ekinn 21 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Bíllinn er á staðnum. Verð 2.750.000. Rnr.114609.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

J.R.BÍLASALAN



HYUNDAI Getz gls. Árgerð 2008, ekinn 125 Þ.KM, bensín, 5 gírar.TilboðsVerð 650.000. Rnr.157119.

**Vegna mikillar sölu óskum við eftir bílum á skrá.**

**JR Bílasala**
**Bíldshöfði 3, 110 Rvk**
**Sími: 567 0333**
**www.jrbilar.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 148.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

100bilar.is bílasala



Nissan Leaf 2015, Nýr bíll - Verksmiðjuábyrgð -Evrópubíll- 7" opnanlegur snertiskjár - 6,6 kw hleðsa - Eigum 2 stk í mismunandi litum- Verð 3790þús er á staðnum. Raðnr 151734

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

BÍLA GALLERÍ



Toyota Land Cruiser 150VX. 2.2014, Ekinn 8 Þ.km, Dísel, Leður, ofl. Umboðsbíll. Ásett Verð 11.9 ATH. skipti. Raðnr 100265 Bílagallerí.is

**Bílagallerí bílasala**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 554 6700**
**Hagstæð sölulaun ! 2,9 %**
**www.bílagallerí.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝIR FORD F350**
Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hö, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af F350, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**


VENTS

Ekkert SUÐ!




Hljóðlátar viftur frá 8.990

Hljóðlátu baðvifturnar

viftur.is -og allir aukahlutirnir líka

1983 - 2013 30 ára reynsla

Barkablásari



Mjög öflugir blásarar sem henta þar sem þarf hröð loftskipti.

Tilboð frá 34.990

Rörablásari



Öflugir plastblásarar Hagkvæm lausn.

Tilboð frá 12.990

Útsog



Mjög öflugir blásarar sem koma með veðurhlíf.

Tilboð frá 29.990

íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata



## BÍLL DAGSINS

**PEUGEOT 208 Active Navi**

Sýningarbíll frá umboði, bensín, 5 gírar, 7" snertiskjár, íslenskt leiðsögukerfi.

Tilboð kr. **2.550.000**



SUBARU

**Impreza GX**

Nýskráður 1/2005, ekinn 148 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 840.000**



TOYOTA

**Yaris Terra**

Nýskráður 3/2013, ekinn 83 þús.km., bensín, 5 gírar.

**Verð kr. 1.790.000**



HONDA

**Jazz Comfort**

Nýskráður 6/2010, ekinn 85 þús.km., bensín, 5 gírar.

**Verð kr. 1.750.000**



HONDA

**CR-V Executive**

Nýskráður 2/2012, ekinn 85 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 4.650.000**



HONDA

**CR-V Advance**

Nýskráður 2/2004, ekinn 116 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 1.390.000**



HONDA

**Accord Sport**

Nýskráður 4/2005, ekinn 151 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 1.490.000**



HONDA

**Accord Executive**

Nýskráður 7/2007, ekinn 99 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 2.390.000**



FORD

**Freestyle Sel 7manna**

Nýskráður 11/2005, ekinn 130 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 1.590.000**

**Opnunartími**

Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## STÓRA BÍLASALAN



Harley Davidson Softail Fatboy Árgerð 2008. Ekið 13þ.km. Vel með farið hjól. Er á staðnum. Verð 2.950.000kr. Raðnr 157150. Sjá nánar á www.stora.is



Harley Davidson Touring Ultra Classic Árgerð 2008. Ekið 42þ.km. Vel með farið hjól. Er á staðnum. Verð 3.990.000kr. Raðnr 157196. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

## Bílar til sölu

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



Nissan Patrol GR Elegance 3.0 árg. 2002, Mjög gott eintak, Díesel, Sjálfskiptur, Biluð vél, Tilboð óskast, Uppl. í síma 899-7834



Toyota land Cruiser 90VX árg. ,99 ek. 316þ Skoðaður ,16 Verð 1.100.000 Uppl. í s. 7829811

## 250-499 þús.



**SSK 4X4 SMÁJEPPLINGUR**

DAIHATSU TERIOS 4X4 árg 99 ek.148 þús, sjálfskiptur, ný skoðaður 16, eyðir litlu og lýtur vel út. TILBOÐ 390þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955



**TILBOÐSVERÐ 490ÞÚS !!!**

M.Benz E230. sjálfskiptur, ek 244þús. ný skoðaður ,16. virkilega fallegur og ryðlaus bíll. Ásett verð 890þús. TILBOÐSVERÐ AÐEINS 490ÞÚS STGR. möguleiki á allt að 100% vísaláni. uppl í s:659-9696

## 500-999 þús.



**TILBOÐ 590 ÞÚS - 100% VÍSALÁN Í BOÐI**

Suzuki Jimny 4X4 árg 2004 ek 150 þús, beinskiptur, ný dekk, lýtur vel, sparneytinn jepplingur sem kemst allt, verð 790 og tilboð 590 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955



**TILBOÐSVERÐ 990ÞÚS STG**

Hyundai i30 1.4 árgerð 2010. ek 154þús km. beinskiptur. 5dyra. heilsársdekk. skoðaður ,16. samlæsingar. smurbók frá upphafi. tímakeðja. ásett verð 1.390þús. Tilboðsverð aðeins 990þús stgr. vísalán í boði. s:659-9696



**DÍSEL SPARIGRÍS !**

Peugeot 207 1.4 Dísel. árg ,07. ek 134þús km. nýleg tímareim. ný sk. góð dekk. 5dyra. eyðir ca 4-5L/100km. Ásett v:1.390þús. Tilboðsverð 990þús stgr. möguleiki á vísalán eða bílaláni. uppl í s:659-9696

## 1-2 milljónir



**6MANNA SJÁLFSKIPTUR !**

Chrysler Pacifica 4x4 árg ,05. ekinn 178þús km. sjálfskiptur. 6manna. krókur. Leður. rafmagn í sætum. samlæsingar. cruise control. Ásett verð 1.890þús. Tilboðsverð aðeins 1.290þús. skoða uppítöku á ódýrari. uppl í s:659-9696

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól



**RAFMAGNS-REIÐHJÓL**

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ELDRI ÁRGERÐ.
VERÐ NÚ FRÁ 75.000,-
TAKMARKAÐ MAGN.

EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Hjólhýsi



ABI SUNRISE 35*12 FET STÖÐUHÝSI Verð 3.590 þús. Árg. 2009. 220 V rafmagn. GAS hitari f. vatn og loft. 2 svefnh. 2 WC. Til sýnis á Korputorgi. Uppl. 660-7747

## Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á www.vikurverk.is



VÍKUR V • E • R • K
Víkurhvarf 6 • 203 Kópavogur
Sími 557 7720 • vikurverk.is

## atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF S. 777 2 333

## Fellihýsi




## Bátar






Til sölu Arvor 190, 75hö, GPS ofl, björgunarbátur fylgir. Uppl. s. 6958170 eða hjolhysi@midhus.net

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. ,99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### OPIN HÚS Í DAG

**Álfheimar 19 - 5 herbergja íbúð**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulögð 5 herbergja 126,9 fm. íbúð á 2. hæð í fjórbýlishúsi auk sérstæðs 30,0 fm. bílskúrs og sér geymslu í kjallara. Þrennar svalir eru á eigninni. Uppgerðar innréttingar í eldhúsi. Þrjú herbergi auk fataherbergis. Húsið að utan er nýviðgert og skipt var um gler fyrir stuttu síðan. Á baklóð er skjólsæl hellulögð verönd auk tyrfðrar flatar. **Verð 44,9 millj. Verið velkomin.**

**Lokastígur 18. Glæsileg 3ja – 4ra herbergja íbúð**

**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**




Stórglæsileg og nánast algjörlega endurnýjuð 3ja - 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu steinhúsi í Þingholtunum. Eignin var nánast öll endurnýjuð árið 2006. Stofa með gluggum í tvær áttir og útsýni að Hallgrímskirkju. Tvö góð herbergi. Stórar, skjólsælar og sólríkar svalir til suðurs með harðviðargólfi. Sameiginlegur snyrtilegur garður er við húsið. **Eign sem vert er að skoða. Verð 33,9 millj. Verið velkomin.**

**Birkimelur 10A – 3ja herbergja á efstu hæð- útsýni**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 80,5 fm. íbúð á 4. hæð með suðursvölum og frábæru útsýni í nýlega endurnýjuðu fjölbýlishúsi. Eldhús með nýlegum innréttingum. Tvö góð herbergi. Staðsetning eignarinnar er mjög góð, stutt frá Háskóla Íslands. **Verð 33,9 millj. Íbúð merkt 0402. Verið velkomin.**

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 517 5900

**FYRIRMYNDAR GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og vandaður garðsláttur og trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf 615-1605, grasblettur@gmail.com

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjuma. Uppl. í s. 6981215.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

Heilsu og slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 10-20. S. 855 3199

## Spádómar

**908 1888**
Spásími Daddýar

## Húsaviðhald

BHH-MÚRVERK
Flísar og viðhald.
Sími 896 3035

## tilkynningar

GRINDAVÍKURBÆR

### Deiliskipulagsmál

Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti þann 28. apríl 2015 að auglýsa tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

**1. Miðbær Ránagata- Hafnargata.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði Grindavíkur. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Mánagötu til norðurs og til suðurs af Grindavíkurhöfn. Austurmörk svæðisins eru meðfram Austurvegi og Hópsvegi og til vesturs af Verbraut 3, 3a og 3b. Deiliskipulagstillagan felur í sér að settar er rammi um hafnarstarfsemi á svæðinu, vöxt hennar og viðhald. Deiliskipulagið er unnið með það að leiðarljósi að bæta aðstöðu fyrir hafnarstarfsemi og tryggja örugg vinnusvæði. Er það einnig gert til að koma í veg fyrir árekstra á milli hafnarstarfsemi og ferðaþjónustu á svæðinu.

**2. Fiskeldi á Stað.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana fyrir fiskeldi á Stað.

Deiliskipulagstillagan er fyrir fiskeldi á hluta iðnaðarsvæðis merkt i7 í aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030. Íslandsbleikja áformar að halda áfram uppbyggingu á fiskeldi á umræddu svæði í þremur áföngum. Fyrirhuguð er stækkun á eldisrými Íslandsbleikju á svæðinu úr 25.000 rúmmetrum í 66.000 rúmmetra með fjölgun eldiskerja og framleiðsluaukningu á bleikju úr 1.600 tonn í um 3.000 tonn.Deiliskipulagið á við um það bil 95 hektara hluta af iðnaðarsvæðinu i7. Deiliskipulagsmörk fylgja lóðarmörkum Íslandsbleikju og fjörunni. Aðkoma að svæðinu er um veg númer 425 að norðan.

Deiliskipulagstillögurnar eru í samræmi við Aðalskipulag Grindavíkur 2010 – 2030.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu Grindavíkurbæjar Víkurbraut 62, frá kl: 9 -15 og á heimasíðu bæjarins www.grindavik.is. Tillögurnar eru í kynningu frá og með 20. maí 2015 til 15. júlí 2015.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og þurfa að berast frá og með 20. maí 2015 og eigi síðar en 15. júlí 2015 annað hvort á bæjarskrifstofu Grindavíkur, Víkurbraut 62 eða á netfangið: armann@grindavik.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

*Fh. Grindavíkurbæjar*
*Ármann Halldórsson*
*Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs*
*armann@grindavik.is*




## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Rafinn ehf. Löggiltur rafverktaki, tek að mér töfluskipti og almenn rafvirkjastörf. Uppl. í s. 557 4020/892 3429

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Samskipti annast uppsetningu Stimpla. Einnig getur þú hannað þinn eigin stimpil á samskipti.is, S:580-7820 eða sendu fyrirspurn á sala@samskipti.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Ýmislegt



Brýnum hnífa og skæri, 790 kr stk.og hnífurinn eða skærin verða sem ný . Veiðiportið Grandagarði 3, S.552-9940

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

Ósamþ. ca.35 fm kj.íbúð+geymsla í fjölb.húsi með merktu bílast. (eitt herb., eldhús og bað) frá 1. Júní. 75 þús. innifalið rafm.+hiti. Príggja mán. trygging. Leigist reyklausum og reglusömum einstaklingi. Engin dýr leyfð. frostafoldibud@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**BAKARI/AÐSTOÐAMAÐUR**
óskast til starfa. Upplýsingar á staðnum fyrir hádegi eða í síma 551 1531 Lárus. Björnsbakarí Skúlagötu.

Hressan starfskraft vantar á daginn alla virka daga frá 11-13:00 í afgreiðslu, helgar frá 18:00 - 20:00. Pizza King í Skipholti 70.Uppl. í s: 864 7318.

Duglegir menn óskast í byggingarvinnu í Garðabæ. Uppl. í s. 840 6100



Til hvers að flækja hlutina?
LIFÐU í NÚLLINU!
365
Öll vitum við að margt af því besta í lífinu kostar ekki neitt. Það fer svo sannarlega ekki fram hjá þeim sem eru með Skemmtipakka 365 eða aðra valda pakka, því nú er GSM áskriftin líka innifalin. Þannig geta viðskiptavinir 365 talað í 60 mínútur og sent 60 SMS fyrir 0 krónur. Viðskiptavinir fá einnig 20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Allt þetta ásamt frábærri sjónvarpsdagskrá! Komdu í áskrift og lifðu í núllinu með okkur.
365.is
Sími 1817
0 kr.
4 GSM áskriftir
60 mín. og 60 SMS
60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift
0 kr.
Internet
20 GB
0 kr.
Heimasími
100 mín.*
*Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma
Skemmtipakkinn
SKEMMTIPAKKINN
Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar, GSM, internet, heimasími, Stöð 2 Maraþon og aðild að Vild.
9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag
©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

# TÍMAMÓT





†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, frænka, amma og langamma,

**INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR**
**frá Nýjabæ á Seltjarnarnesi, Söðulsholti, Snæfellsnesi,**

kvaddi jarðvist sína þann 17. maí síðastliðinn á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi. Útför verður auglýst síðar.

**Einar Ólafsson**

| | |
|---|---|
| **Jón Einarsson** | **Sigrún Sigurðardóttir** |
| **Halldóra Einarsdóttir** | **Grétar Már Ómarsson** |
| **Ólafur Einarsson** | **Julie Gaudette Ólafsson** |
| **Guðmundur Jón Helgason** | **Lilja Ægisdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

Elskulegur eiginmaður minn,

**HÖRÐUR ZÓPHANÍASSON**

andaðist á Sólvangi í Hafnarfirði 13. maí. Hann verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 29. maí kl. 13.00.

**Ásthildur Ólafsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Systir okkar,

**RAGNHILDUR HALLDÓRSDÓTTIR SKEOCH**
**Mánatúni 4, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 14. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðný Ó. Halldórsdóttir**
**Kristín H. Halldórsdóttir**



†

Þökkum hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar,

**SIGURBORGAR ÁGÚSTU ÞORLEIFSDÓTTUR**

sem lést þann 19. apríl síðastliðinn.

**Margrét S., Helga, Dóróthea, Ásta Björk og Þóra Magnúsdætur og fjölskyldur.**



†

Móðir okkar,

**SIGRÍÐUR HALLDÓRSDÓTTIR**
**vefnaðarkennari,**

lést sunnudaginn 17. maí.

**Halldór Sigtryggsson**
**Herborg Sigtryggsdóttir**
**Hrafnkell Sigtryggsson**
**og fjölskyldur.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SVAVA JÓNSDÓTTIR**
**frá Gunnlaugsstöðum, Stafholtstungum,**

lést að hjúkrunarheimilinu Seljahlíð, þann 13. maí síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 22. maí kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Skúli Guðmundsson** | **Jóhanna S. Guðbjörnsdóttir** |
| **Sonja Guðmundsdóttir** | **Jón Hjaltalín Magnússon** |
| **Lilja Guðmundsdóttir** | **Reynir Kristinsson** |

**barnabörn og langömmubörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**ÓLAFÍU MAGNÚSDÓTTUR**
**Háahvammi 9, Hafnarfirði.**

Sérstakt þakklæti til starfsfólks deildar A6, LSH Fossvogi.

**Sæmundur Kr. Sigurlaugsson**

| | |
|---|---|
| **Þórdís Sæmundsdóttir** | **Gestur Guðbrandsson** |
| **Hafþór Ómar Sæmundsson** | **Hrönn Harðardóttir** |
| **Elínborg Harpa Sæmundsdóttir** | **Thomas Danielsson** |
| **Ólafía Kristín Sæmundsdóttir** | **Einar Tryggvason** |
| **Sigurlaugur Jón Sæmundsson** | |

**og barnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR HJALTASON**
**rennismiður,**
**Víðilundi 20, Akureyri,**

lést föstudaginn 8. maí síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 22. maí kl. 13.30. Blóm og kransar afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á minningarkort Sjálfsbjargar á Akureyri í síma: 4626888, hjá Eymundsson Hafnarstræti, Akureyri, eða bankanr. 0302-26-8345, kt. 570269-2599.

**Kristín Gunnarsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Svava Hrönn Guðmundsdóttir** | **Hreggviður Norðdahl** |
| **Gunnar H. Guðmundsson** | **Elín Konráðsdóttir** |
| **Guðmundur Logi Norðdahl** | **Gréta Jakobsdóttir** |
| **Rannveig Albína Norðdahl** | **Atli Rafnsson** |
| **Anna Kristín Gunnarsdóttir** | |
| **Guðmundur Steinn Gunnarsson** | **Katelin Marit Parsons** |

**og langafabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SNÆBJÖRN HJALTASON ARNLJÓTS**
**læknir,**
**Hovslagarbacken 2 G, Svärtinge, Svíþjóð,**

lést á Vrinnevisjukhuset í Norrköping, Svíþjóð, fimmtudaginn 30. apríl. Útförin fer fram fimmtudaginn 28. maí kl. 14.00 frá Östra Eneby Kyrka, Norrköping. Minningarathöfn fer fram á Íslandi í lok júlí og verður auglýst síðar.

**Kanitta Arnljóts**

| | |
|---|---|
| **Anna María S. Arnljóts** | |
| **Arnljótur S. Arnljóts** | **Lina Arnljóts** |
| **Bárður Sigurgeirsson** | **Jenný Axelsdóttir** |
| **Björn S. Arnljóts** | **Kristina Arnljóts** |
| **David Arnljóts** | **Maria Arnljóts** |
| **Egill S. Arnljóts** | **Rebeka Nagy** |
| **Guðm. Karl Snæbjörnsson** | **Laufey I. Gunnarsdóttir** |
| **Hjalti S. Arnljóts** | **Birgitta Johansson** |
| **Þorsteinn S. Arnljóts** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGIBJÖRG BJARNADÓTTIR**
**frá Tungu, Neskaupstað,**
**Krókahrauni 10, Hafnarfirði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi 14. maí sl. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju kl. 11.00 fyrir hádegi fimmtudaginn 21. maí næstkomandi.

| | |
|---|---|
| **Guðfinnur Gísli Þórðarson** | **Jóna Guðbjörnsdóttir** |
| **Bjarni Rúnar Þórðarson** | **Anna Sigríður Karlsdóttir** |
| **Hrafnhildur Þórðardóttir** | **Guðjón Helgi Hafsteinsson** |

**og fjölskyldur.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÁLMI KRISTINN JÓHANNSSON**
**Sléttuvegi 13, Reykjavík,**

lést að morgni 16. maí á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 27. maí, klukkan 15.00.

**Ólafía Jóhanna Bjarnadóttir**

| | |
|---|---|
| **María Pálmadóttir** | **Sverrir Þórarinn Sverrisson** |
| **Jóhann Bjarni Pálmason** | **Stella Önnud. Sigurgeirsdóttir** |
| **Pálmi Gautur Sverrisson** | **Lilja Sif Þorsteinsdóttir** |
| **Ólöf Þóra Sverrisdóttir** | |

**Salka Þorgerður Jóhannsd. Stelludóttir**
**Markús Máni og Matthildur María Ólafarbörn**
**Áskell Einar Pálmason**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURBJÖRG SVEINSDÓTTIR**
**frá Syðsta-Mó í Fljótum,**

lést sunnudaginn 10. maí á Sjúkrahúsi Akureyrar. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls hennar.

| | |
|---|---|
| **Guðrún Svana Zophoníasdóttir** | **Hallgrímur Bóas Valsson** |
| **Hilmar Þór Zophoníasson** | **Svanfríður Pétursdóttir** |
| **Sveinn Heiðar Zophoníasson** | **Ingibjörg María Ólafsdóttir** |
| **Gunnar Valur Zophoníasson** | |
| **Jósefína H. H. Zophoníasdóttir** | **Páll Sigurþór Jónsson** |
| **Hlynur Örn Zophoníasson** | **Helga Lind Sigmundsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN ÞÓRMUNDUR ÍSAKSSON**
**flugumferðarstjóri,**
**Háaleitisbraut 38, Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 14. maí. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 22. maí kl. 13.00.

**Þóra Karítas Ásmundsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Jónína Helga Jónsdóttir** | **Þorsteinn Þorsteinsson** |
| **Svanhildur Jónsdóttir** | **Jóhann Jónsson** |
| **Helena Jónsdóttir** | **Páll Ríkarðsson** |
| **Ásmundur Ísak Jónsson** | **Guðrún Björg Ragnarsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**MARGRÉT ERLA FRIÐJÓNSDÓTTIR**
**Arnarhrauni 9, Hafnarfirði,**

lést á Sólvangi í Hafnarfirði 12. maí. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 22. maí kl. 13.00.

**Þorkell Sigurgeir Júlíusson**

| | |
|---|---|
| **Elísa Hjördís Ásgeirsdóttir** | |
| **Júlíus Már Þorkelsson** | **Guðlaug Sveinsdóttir** |

**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GRETA JÓHANNA INGÓLFSDÓTTIR**
**frá Eskifirði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold fimmtudaginn 14. maí. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 22. maí kl. 13.

| | |
|---|---|
| **Ingólfur Guðmundsson** | **Sjöfn Þráinsdóttir** |
| **Guðmundur Guðmundsson** | **Bergljót Sigurbjörnsdóttir** |
| **Jóhanna Guðmundsdóttir** | **Ásbjörn Blöndal** |
| **Þórir Guðmundsson** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGIBJÖRG GUNNARSDÓTTIR**
**frá Þverárdal,**
**Skarðshlíð 19, Akureyri,**

lést þriðjudaginn 5. maí. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

| | |
|---|---|
| **Gunnar Rafn Jónsson** | **Lísbet Grímsdóttir** |
| **Óskar Örn Guðmundsson** | |
| **Hörður Már Guðmundsson** | **Kristín Sigrún Grétarsdóttir** |
| **Hermann Hrafn Guðmundsson** | **Elín Gísladóttir** |
| **Ísleifur Karl Guðmundsson** | **Kristín Konráðsdóttir** |
| **Magnús Geir Guðmundsson** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR SIGURMONSSON**
**Grenhóli, Staðarsveit,**

lést á sjúkrahúsinu á Akranesi mánudaginn 11. maí. Útförin fer fram frá Staðastaðarkirkju laugardaginn 23. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Karitas.

**Jónína Þorgrímsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Þorgrímur H. Guðmundsson** | **Erla María Markúsdóttir** |
| **Garðar S. Guðmundsson** | **Kr. Pétrún Gunnarsdóttir** |
| **Grétar O. Guðmundsson** | **Christina Laursen** |

**og barnabörn.**



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEFÁN ÞÓRHALLSSON**
**símvirkjameistari,**
**Gullsmára 9, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 17. maí. Útför hans fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi, föstudaginn 22. maí klukkan 13.00.

| | |
|---|---|
| **Katrín Stefánsdóttir** | **Viðar Hauksson** |
| **Þóra Stefánsdóttir** | **Ólafur E. Davíðsson** |
| **Stefán Snorri Stefánsson** | |

**barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur.**



№29
2015
Listahátíð
í Reykjavík
Miðasala á
listahatid.is
7. júní, kl. 20:00
@ Harpa, Eldborg
Julia Migenes
La voix humaine
eftir Francis Poulenc
Lokaviðburður Listahátíðar 2015
Meistaraverk Francis Poulenc í flutningi hinnar stórbrotnu Juliu Migenes. Leikstjóri er Þorleifur Örn Arnarsson og meðleikari Juliu á píanó er Árni Heiðar Karlsson. Unnið í samstarfi við Hessisches Staatstheater Wiesbaden.
Lárusson Hönnunarstofa
Stofnaðilar
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
Máttarstólpi
TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIÐLUN
Bakhjarlar
REITIR
Íslensk erfðagreining
BRIM
SEAFOOD

## Veðurspá

Þriðjudagur

Í dag snýst vindur til sunnanáttar. Síðdegis verða 8 til 15 metrar á sekúndu og rigning. Hægari vindur, léttir til og hlýnar á Norður- og Austurlandi.







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | 10 | | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | 19 | | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

### KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** nálægt, **6.** ógrynni, **8.** stansa, **9.** endir, **11.** hróp, **12.** losti, **14.** hégómi, **16.** hvað, **17.** sólunda, **18.** skörp brún, **20.** tónlistarmaður, **21.** pottréttur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** tveir eins, **4.** kassabók, **5.** ósigur, **7.** tildrög, **10.** ætt, **13.** sódi, **15.** hita, **16.** vopnað lið, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** næst, **6.** of, **8.** æja, **9.** lok, **11.** óp, **12.** frygð, **14.** snobb, **16.** ha, **17.** sóa, **18.** egg, **20.** kk, **21.** ragú.
**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** ææ, **4.** sjóðbók, **5.** tap, **7.** forsaga, **10.** kyn, **13.** gos, **15.** baka, **16.** her, **19.** gg.

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Björn Þorfinnsson (2.407) hafði svart gegn Einari Hjalta Jenssyni (2.359) í þriðju umferð Íslandsmótsins í skák.**
**Svartur á leik**
17...Hxe5! 18. fxe5 Dxe5+ 19. Hf4 Rxe3 (19...g5 vinningur einnig) 20. Kf3 Bg4+! 21. Hxg4 Hf8+ og hvítur gaf. Taflmennska á Íslandsmótinu hefur verið einkar fjörleg og skemmtileg.
**www.skak.is:** Sjötta umferð kl. 17 í dag í Hörpu.




# FÉLAGSFUNDUR GRAFÍU/FBM

**Fimmtudaginn 21. maí nk. kl. 16.30**
á Stórhöfða 31, 1. hæð
(gengið inn Grafarvogsmegin)

Dagskrá:
1. Kjarasamningar Grafíu/FBM við Samtök atvinnulífsins - staðan
2. Atkvæðagreiðsla um verkfall - kynning á rafrænni atkvæðagreiðslu
3. Framkvæmd verkfalls og reglur um verkfallsstyrki
4. Önnur mál

Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

Reykjavík, 18 maí 2015

Stjórn Grafíu/FBM
Stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum


## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | | 8 | 2 | | 9 |
| | | 5 | | 6 | | | | |
| | | 9 | | | | | 3 | |
| | | | 4 | | | 6 | 5 | |
| | 2 | 4 | | | | 9 | 7 | |
| 8 | 7 | 6 | | 3 | | 1 | | |
| | | 8 | | | 7 | | 4 | |
| 7 | 4 | | | 8 | 3 | 5 | | |
| 9 | 1 | | 2 | | 4 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 9 | 2 | | 6 | 7 | |
| | 7 | | 3 | | 6 | 4 | | 9 |
| | | | | 7 | 8 | 1 | 2 | |
| | | | 1 | | 5 | 9 | | |
| 7 | | | | 9 | | | | 4 |
| 8 | | | | | | | | |
| | | 2 | | 5 | | | | 1 |
| 5 | 8 | | | | | | | |
| | 1 | 9 | 2 | | 3 | | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 3 | 4 | | | | |
| 3 | 5 | 6 | | | | | | 4 |
| | | | | | | | 2 | |
| 4 | | | 2 | | | 9 | | |
| 1 | 6 | | 7 | | | 2 | | |
| | | | 8 | | | 3 | | 6 |
| 6 | | | | | 8 | | | |
| | 4 | 1 | 9 | | 5 | | | 8 |
| | 2 | | | | | | 7 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 |
| 2 | 9 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 6 | 3 |
| 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 5 | 2 | 7 | 8 | 3 | 9 | 6 | 1 | 4 |
| 8 | 1 | 3 | 5 | 6 | 4 | 9 | 2 | 7 |
| 4 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 5 | 8 |
| 3 | 8 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 | 6 |
| 6 | 7 | 2 | 1 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 |
| 9 | 4 | 5 | 2 | 7 | 6 | 8 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 4 | 7 | 9 | 2 | 1 | 5 |
| 9 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 | 3 | 4 | 6 |
| 2 | 9 | 5 | 6 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 1 | 8 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 | 2 |
| 4 | 6 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 3 | 1 | 8 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 |
| 7 | 4 | 6 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 |
| 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 | 7 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 4 | 3 | 6 |
| 4 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 1 | 8 | 2 |
| 6 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 4 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 | 2 | 1 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 2 | 7 | 3 | 6 | 9 |
| 3 | 2 | 9 | 5 | 6 | 1 | 8 | 4 | 7 |
| 5 | 6 | 2 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 | 4 |
| 9 | 1 | 4 | 6 | 5 | 3 | 2 | 7 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# WITH A LITTLE HELP FROM MY FRIENDS



# BÍTLAKRÁS fyrir Grensás

Fjöldi landsþekktra listamanna flytja lög Bítlanna Lennon og McCartney
og gefa vinnu sína á **stuðningstónleikum** fyrir Grensásdeild
í Háskólabíói kl 18:00 - laugardaginn 30. maí 2015
Frábær skemmtun á aðeins 4.700,-

**Miðasala:** midi.is

## EFTIRTALDIR AÐILAR KOMA FRAM:

*Kynnar: Helgi Pétursson og Bogi Ágústsson,* - Listamenn: Björn Thoroddsen, Ari Jónsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson & Lovísa Fjeldsted, Sönghópur úr Domus vox, Hljómsveitin; Bandið bak við eyrað, Ólafía Hrönn, Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, Þuríður Sigurðardóttir, Örn Gauti Jóhannsson.



Sing-Along á tjaldi - Leynigestur - Sögusýning í anddyri og margt fleira

| HLJÓMSVEITARSTJÓRN: | TROMMUR: | HLJÓMBORÐ: | BASSI: | RADDIR: |
|---|---|---|---|---|
| Davíð Sigurgeirsson | Óskar Þormarsson | Ingvar Alfreðsson | Ingi Björn Ingason | Gospelkór Jóns Vídalíns |

**Hollvinir Grensás**

Hollvinir Grensás safna fé bæði til tækjakaupa og almennra styrkja við starf Grensásdeildar og einnig til endurbóta á húsnæði deildarinnar.
www.grensas.is



**Aukin lífsgæði verða ekki metin til fjár**

Styrktaraðili Hollvina Grensás

365

# Myndir segja sögur

Halldór Björn Runólfsson er annar sýningarstjóra SAGA Þegar myndirnar tala. Hann fer fögrum orðum um íslenska myndlist og lítur á harðorða gagnrýni myndlistarrýnis RÚV á íslenska listamenn sem einhvern bölvaðan misskilning.

Næstkomandi föstudag verður opnuð í Listasafni Íslands sýningin SAGA Þegar myndirnar tala. Allsérstæð sýning á verkum íslenskra listamanna sem var fyrst sýnd í Kunsthalle Recklinghausen og heldur héðan í Samtímalistasafnið í Tallinn í Eistlandi. Halldór Björn Runólfsson er annar tveggja sýningarstjóra og hann segir þetta verkefni hafa í raun hafist fyrir um tveimur árum. „Það er haldin gríðarlega stór leiklistarhátíð á hverju sumri þarna í Recklinghausen og safnið þar hefur verið samhliða með þematískar sýningar á hverju ári. Að þessu sinni var leitað til okkar með að taka virkan þátt í sýningunni. Við settumst yfir þetta ásamt Norbert Weber sýningarstjóra frá þeim og vorum almennt á því að fara ekki þessa hefðbundnu landslagsnálgun frá Íslandi. Við ákváðum að fara frekar þá leið að verkin segðu sögu og út frá því fórum við að velja inn listamenn. Þetta er í raun myndlist sem segir frá.“

Halldór Björn segir að þessi nálgun geri sýninguna óneitanlega nokkuð sérstaka og fjölbreytta í senn. „Þarna er til að mynda að finna eitt af öndvegisverkum Kjarvals, magnað frásagnarverk sem safnið eignaðist fyrir tveimur árum. Þetta er verk sem kallast Lokasenna og segir frá því þegar Loki mætir í veislu til guðanna og hleypir þar öllu í bál og brand með slúðri og stælum. Svo er reyndar eitt verk eftir þýskan listmálara og er það elsta málverkið sem til er af Þingvöllum málað árið 1862. Við erum reyndar með stóra ljósmyndaprentun af frumverkinu sem er stórt og viðkvæmt fyrir ferðalög. En það er eftir þýskan málara að nafni Johann Heinrich Hasselhorst sem var hér á ferð og hitti Sigurð málara og varð mjög uppnuminn af samtali við hann. Sigurður sagði honum frá Þingvöllum og þar með var hann rokinn af stað en þetta er einn þekktasti 19. aldar málari Þýskalands.

En svo erum við nú aðallega í nútímanum. Erum með frábært verk eftir Hrafnkel Sigurðsson. Rokkverkið Mercy eftir Ragnar Kjartansson. Gabríela Friðriksdóttir er með risastórt verk – magnaða innsetningu. Hulda Hákon og Ólafur Elíasson eru bæði með leiftrandi skemmtileg verk sem segja sögur úr efnahagshruninu, og svo mætti lengi telja enda eigum við Íslendingar ógrynni af frábærum myndlistarmönnum.“

Halldór Björn fer fögrum orðum um íslenska myndlistarmenn í dag og því er ekki úr vegi að forvitnast um afstöðu hans til þeirra þungu orða sem myndlistarrýnir RÚV lét falla frá Feneyjum í síðustu viku. „Mér finnst þetta nú gróflega ályktað og hrekk við þegar ég heyri svona lagað. Því miður komst ég ekki til Feneyja í ár en hef eins og aðrir reynt að fylgjast með og skoða úr fjarska. Mér sýnist moska Christophs Büchel gott verk en það gefur þó ekkert tilefni til þess að láta falla svona hrokafullan sleggjudóm. Ég ætla bara að líta á þetta sem einhvern bölvaðan misskilning.

Ég vil frekar hvetja fólk til þess að koma hingað á Listasafn Íslands og sjá allt það góða sem íslensk myndlist hefur að bjóða. Þegar sýningin SAGA verður opnuð þá byrja myndirnar að tala.“

magnus@frettabladid.is



**LOKASENNA** Halldór Björn með verk Kjarvals þar sem segir frá uppnáminu sem Loki olli í veislu guðanna með slúðri og vitleysisgangi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**INNSETNING** Halldór Björn við verk Gabríelu Friðriksdóttur sem er á meðal fjölmargra nútímaverka í sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


GERÐU VINNUNA AUÐVELDARI



Citroën Nemo
2.550.000 kr. m. VSK
2.056.452 kr. án VSK

Citroën Berlingo
2.950.000 kr. m. VSK
2.379.032 kr. án VSK

Citroën Jumpy
3.890.000 kr. m. VSK
3.137.097 kr. án VSK
NÝR Á ÍSLANDI
KYNNTU ÞÉR FRÁBÆRA VIÐBÓT VIÐ STERKA SENDIBÍLALÍNU CITROËN.

CITROËN SENDIBÍLAR.
HAGKVÆMIR, ÁREIÐANLEGIR OG Á GÓÐU VERÐI.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg er stærst í sölu atvinnubíla á Íslandi.
Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Skoðaðu citroen.is

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



**HLUTI UPPBOÐSVERKA** Íris Stefanía, framkvæmdastýra hjá List án landamæra, hvetur alla til þess að koma við í Gamla bíói í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stebbi Hilmars boðinn upp

## Meðal fjölda verka sem boðin verða upp á uppboði Listar án landamæra er brúða af Stefáni Hilmarssyni.

„Það sem er gaman við þetta er að listamennirnir sjálfir gefa verkin, þau koma ekki úr einkasafni heldur frá listamönnunum sjálfum,“ segir Íris Stefanía Skúladóttir, framkvæmdastýra hjá List án landamæra.

Í dag verður haldið uppboð til styrktar hátíðinni.

List án landamæra er árleg listahátíð sem leggur áherslu á fjölbreytileika mannlífsins. Markmið hátíðarinnar, sem haldin hefur verið frá árinu 2003, er að auka gæði, gleði, aðgengi, fjölbreytni og jafnrétti í menningarlífinu og koma list fólks með fötlun á framfæri og stuðla að samstarfi á milli fatlaðs og ófatlaðs listafólks. Á uppboðinu verða 65 verk boðin upp eftir 57 listamenn.

„Við fengum óvænta glaðninga áðan. Steingrímur Eyfjörð og Hekla Dögg Jónsdóttir ákváðu að skella verkum í uppboðið, þau höfðu frétt af þessu og langaði til þess að gefa,“ segir Íris Stefanía glöð í bragði og bætir við að aðstandendur hátíðarinnar séu gífurlega þakklátir framlagi þeirra listamanna sem ákveðið hafi að gefa verk, og einnig gefi allt starfsfólk vinnu sína. Ágóði uppboðsins rennur til hátíðarinnar sem mun halda áfram að vinna í þágu jafnréttis í menningarlífinu með því að styðja við listafólk með fötlun.

Fjölbreyttir listamenn taka þátt í uppboðinu og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

„Það verða meðal annars margar af stjörnum hátíðarinnar. Til dæmis Karl Guðmundsson, Kalli, sem er listamaður Listar án landamæra 2015, Ísak Óli, sem sést á fleiri heimilum á landinu heldur en margir þjóðþekkir listamenn, og Gígja Thoroddsen sem hefur verið í mörg ár á opnunum í Ráðhúsinu.“

Meðal verka sem boðin verða upp er forláta brúða af tónlistarmanninum Stefáni Hilmarssyni, sem listamaðurinn Kristján Ellert Arason saumaði með kambgarni í striga.

„Ef ég væri Stefán Hilmarsson myndi ég ekki hika við að næla mér í hana,“ segir Íris Stefanía glaðlega um brúðuna, sem er þannig frágengin að hægt er að hengja hana upp á vegg.

Uppboðið hefst klukkan 17.00 í Gamla bíói. Logi Bergmann verður kynnir og uppboðshaldari verður Viktor Smári hjá Stúdíó Stafn og Kenneth Máni sér um að skemmta gestum en einnig verður boðið upp á léttar veitingar. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðunni listin.is.



**BRÚÐAN** Stefán Hilmarsson.

gydaloa@frettabladid.is


EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá 1957

Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Bárugata 20 - 101 Rvk.**





Glæsilegt mikið endurnýjað einbýlishús á þremur hæðum og ris við Bárugötu í Reykjavík. Húsið skiptist í tvær íbúðir í dag. Sér íbúð í kjallara og sér íbúð sem skiptist í tvær hæðir og ris. V. **Tilboð** 8804

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík



**VW Polo** 1.2 TDI 5 dyra 75 hö — 2012 — **1.870.000** KR — 68



**VW Caddy** 1.6 TDI — 2015 — **3.090.000** KR — 3



**Skoda Yeti** 2.0 TDI — 2011 — **3.390.000** KR — 64 — 4x4



**Skoda Octavia** Combi 1.6 AT — 2013 — **3.290.000** KR — 120



**Volvo V60** — 2013 — **4.590.000** KR — 29



**Kia Rio** 1.4 LX — 2014 — **2.590.000** KR — 9

30 Ekinn þús. km.
Myndir á vef
Dísil
4x4 Fjórhjóladrif
ECO Metan & bensín
A Sjálfskiptur
Beinskiptur
Rafmagnsbíll



**FLUTTIR**

KLETTHÁLS NÝR SÝNINGASALUR

Velkomin í einn stærsta sýningarsal notaðra bíla á landinu að Klettháls 13. Enn betri þjónusta í enn betra umhverfi.

HeklaNotadirBilar.is
Klettháls 13
590 5040

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Das Auto. Audi ŠKODA MITSUBISHI MOTORS

# TÍST HELGARINNAR FÉLAGSLÍFIÐ, FJÖLNIR ÞORGEIRS OG BEYONCÉ



**Hrafn Jónsson**
@hrafnjonsson
17. maí
Það sem hamlar félagslífi mínu mest er að ég veit ekki hver neinn er.



**Árni Vilhjálmsson**
@Cottontopp
17. maí
Fjölnir Þorgeirs var að hrinda mér ofan í tjörnina og hjálpaði mér strax aftur upp úr. Var með ljósmyndara með sér. #fjölnirBjargar



**Hildur Sverrisdóttir**
@hildursverris
15. apríl
Gaurinn á barnum fullyrðir með réttlætisfullum þjósti að hann sé miklu meiri feministi en ég og káfar svo á rassinum á mér. #6dagsleikinn



**Halldór Halldórsson**
@DNADORI
16. maí
Ef ég yrði einhverntíma á einhverjum the sexiest lista, bara einhverjum þú veist. Þá gæti ég dáið - kátur.



**Unnur Eggertsdóttir**
@UnnurEggerts
16. maí
Ókeypis bissness hugmynd: Skemmtistaðar sem spilar bara Beyonce.

Er hann kom nær spurði Jesús hann: **„Hvað viltu að ég geri fyrir þig?“**

www.versdagsins.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

Eurovision SONG CONTEST

## FÁNÝTUR EUROVISION FRÓÐLEIKUR

### 5 DAGAR Í EUROVISION

- Sigurvegari fyrstu Eurovision-keppninnar árið 1956, Lys Assia, er í dag 89 ára gömul, en lætur aldurinn ekki stoppa sig og hefur mætt á flestar keppnirnar síðustu ár.
- Í þriðju Eurovision-keppninni voru settar reglur um að sigurlandið myndi halda næstu keppni. Sú regla hefur haldist nema í undantekningartilvikum.
- Bretar hafa fimmtán sinnum endað í öðru sæti.
- Frá árinu 1963 hefur lokakeppni Eurovision alltaf verið á laugardegi.
- 21. mars 1964 var Eurovision fyrst haldið á Norðurlöndunum, en Dönum hlotnaðist sá heiður.
- Í sömu keppni var fyrst talað um klíkuskap, en Norðmenn, Finnar og Danir gáfu hverjir öðrum engin stig.
- Árið 1966 tók fyrsti blökkumaðurinn þátt, en það var ekki fyrr en 35 árum síðar sem fyrsti blökkumaðurinn sigraði.
- 1971 var í fyrsta sinn leyft að senda hópa í keppnina og reglan um að ekki mættu fleiri en sex vera á sviði í einu var sett.
- Keppnin 1974 var stjörnum prýdd, en ásamt ABBA-hópnum sem sigraði, tók Olivia Newton John þátt fyrir Bretland.
- Nöfnin á Eurovision-lögum hafa oft verið skrautleg, líkt og sigurlag Svía 1984 Diggi-Loo-Diggi-Ley og A-Ba-Ni-Bi, framlag Ísraels árið 1978.



ABBA



EIRÍKUR HAUKSSON

- 4. maí 1991 keppti Eiríkur Hauksson fyrir Noreg, en hann keppti svo í þriðja sinn fyrir Ísland hönd árið 2007 með lagið Valentine Lost, en komst því miður ekki upp úr undanúrslitunum.


# Mercedes-Benz

## Ljúfir gæðabílar – en smá notaðir

Mercedes-Benz

### E 220 CDI ESTATE



**Árgerð 2011, ekinn 117 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.**

Búnaður: Avantgarde pakki, Bi Xenon aðalljós, glersóllúga, Artico leðuráklæði, akstorstölva nálgunarvarar o.fl.

**Verð 5.490.000 kr.**

### B 180 CDI



**Árgerð 2012, ekinn 25 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 109 hö.**

Búnaður: 16” álfelgur, bakkmyndavél, sætisþægindapakki, krómpakki o.fl.

**Verð 4.190.000 kr.**

### E 300 CDI HYBRID



**Árgerð 2013, ekinn 13 þús. km, sjálfskiptur, dísil/rafmagn, 205 hö.**

Búnaður: Leðuráklæði, sóllúga, nálgunarvarar,17” álfelgur, hiti í framsætum, Avantgarde pakki o.fl.

**Verð 8.790.000 kr.**

### A 220 CDI



**Árgerð 2014, ekinn 5 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.**

Búnaður: Bakkmyndavél, rafstýrt bílstjórasæti með minni, Panorama glerþak, Xenon aðalljós með led, Urban pakki, 18“ álfelgur o.fl.

**Verð 6.390.000 kr.**

Bílafjármögnun Landsbankans

Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • www.notadir.is
**Opið** virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

# BARNGÓÐAR KRÓNUR TAKA Á LOFT

**FJÖLSKYLDAN FLÝGUR SAMAN Á VIT ÆVINTÝRANNA** | **FLUGFELAG.IS**




**KRÓNAN VEITIR 99% AFSLÁTT**
fyrir barnið aðra leiðina + flugvallarskattar. Greiða þarf flugvallarskatta og eru þeir 1.700 kr. frá Reykjavík og 1.350 kr. frá öðrum áfangastöðum innanlands.

**FERÐATÍMABILIÐ ER FRÁ 18. MAÍ.–30. JÚNÍ**
**BÓKANLEGT FRÁ 18.–31. MAÍ 2015**

Sláðu inn í bókunarvélina flugsláttinn KRONA til að tryggja þér þetta tilboð.

**ÞETTA EINSTAKA TILBOÐSFARGJALD**

- gildir til Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar og Egilsstaða
- gildir ekki í tengiflug
- er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- ekki er hægt að bæta barni við bókunina eftir á
- ekki er hægt að nota tvo flugslætti í sömu bókun

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

islenska/sia.is FLU 72688 02/15

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| MAD MAX | 8, 10:30(P) | 16 |
| PITCH PERFECT 2 | 5:30, 8, 10:30 | 12 |
| BAKK | 5:50, 8 | L |
| AVENGERS 2 3D | 10:10 | 12 |
| ÁSTRÍKUR 2D | 5:50 | L |

SAMBÍÓIN







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 6:20 - 9 | |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| MAD MAX: FURY ROAD VIP 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 - 10:55 | |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 - 8 - 10:40 | |
| CHILD 44 | KL. 10:10 | |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | | |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 9 | |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 - 10:50 | |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 6 - 8 - 10 | |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** | NÚMERUÐ SÆTI | |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 10 | |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5:30 - 8:30 | |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 8 - 10:40 | |
| PITCH PERFECT 2 | KL. 8 | |
| HOT PURSUIT | KL. 10:20 | |
| ÁSTRÍKUR Á GOÐABAKKA ÍSLTAL | KL. 6 | L |
| LOKSINS HEIM ÍSLTAL 3D | KL. 6 | L |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| HOT PURSUIT | KL. 8 | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 - 10 | |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

# Breiðholtið í stelpunni

**BAKPANKAR**
Erlu Bjargar Gunnarsdóttur



Á Twitter-síðu Stjörnunnar var verið að grínast með að setja vopnaleitarhlið á völlinn vegna komu Breiðholtsliðsins Leiknis til Garðabæjar um helgina. Ekkert sérlega fyndið en fékk mig til að hugsa um ræturnar. Ég er nefnilega stoltur Breiðhyltingur. Úr Fellunum. Ekki úr einbýlishúsi í Seljahverfi. Afsakið villingahrokann.

**ÉG** man eftir því að hafa farið á Samfés-ball með Fellahelli þar sem unglingar af öllu Stór-Reykjarvíkursvæðinu komu saman. Ég var þrettán ára og skítstressuð. Í hermannaklossum með stáltá, mótorhjólaleðurjakka og lágt tagl – og fullan munn af barnatönnum. Ófermd skjáta sem reyndi að fela sakleysið með svörtum augnblýanti, maskara og sígarettu í munnvikinu.

**HÚSIÐ** var fullt af unglingum. Ballerínuteinréttum stelpum með teina. Óttinn náði heljargreipum á andlitinu þannig að það var eins og svipurinn yrði harðari, óttinn í augunum minnti á ofsa og stressaðir hnúarnir létu mig líta út eins og ég væri til í slaginn. Vöðvarnir herptust saman og axlirnar drógust upp að eyrum þannig að 150 sentímetra skrokkurinn (þau heilu ósköp!) skrapp saman um fimm sentímetra. Ég var eins og samankreist reiðisprengja. Misskilin reiðisprengja í hvítum barnanærbol og með barnabumbu.

**ÉG** týndi hjörðinni minni og til að ná andanum dreif ég mig inn á kvennaklósett. Þar voru þrjár stelpur að setja á sig gloss fyrir framan spegilinn. Með sítt, slegið, slétt hár. Brúnar og berfættar í Nike-skóm. Í hvítum 501, wonderbra og vel úðaðar af ávaxtaspreyi. Þær áttu örugglega allar hund. Örugglega labrador. Gulan labrador. Mikið voru þær ótrúlega fallegar. Mig langaði svo að skoða þær þótt ég hafi ekki fyrir mitt litla líf þorað að koma nálægt þeim. Ég gjóaði augunum á þær og því miður tóku þær eftir því. Tóku eftir mér. „Hvaðan ert þú?“ spurði ein þeirra. Ég var svo feimin að mig langaði að hverfa. „Fellunum,“ svaraði ég snaggaralega og með kvíðagrettu á andlitinu. Spennuþrungin þögn í ógurlega langar þrjár sekúndur.

**„Ó,** guð minn góður! Ertu að fara að berja okkur?“



**FJÓRIR FRÆKNIR** Strákarnir í One Direction mættu á sína fyrstu verðlaunahátíð eftir að þeir urðu fjórir. Þeir fóru heim með tvenn verðlaun; sem besta tónleikasveitin og besta hljómsveitin, en þeir tileinkuðu verðlaunin Zayn Malik sem hætti í sveitinni þann 25. mars. NORDICPHOTOS/GETTY



**BERT Á MILLI** Þær Jennifer Lopez og Rita Ora héldu bert-á-milli trendinu á lofti, og gerðu það bara nokkuð vel.



**KLIKKAR EKKI** Nicky Minaj fór tómhent heim en sló í gegn á sviðinu.

# SWIFT OG STRÁKARNIR SIGURSÆL

Billboard-verðlaunin voru afhent í Las Vegas á sunnudagskvöld. Sigurvegari kvöldsins var Taylor Swift með átta verðlaun. Sam Smith fékk þrenn en gat því miður ekki mætt þar sem hann gekkst undir aðgerð í síðustu viku. Iggy Azalea fékk einnig þrenn verðlaun og One Direction og Hozier fengu tvenn.



**SÆT OG FÍN** Kynnir kvöldsins, Chrissy Teigen, mætti ásamt eiginmanni sínum, John Legend, sem fór heim með verðlaun fyrir mest sótta lagið á netinu, All Of Me.



**BALMAIN-HERINN** Fyrirsæturnar Jourdan Dunn og Kendall Jenner mættu í fatnaði úr línu Balmain-tískurisans fyrir H&M sem væntanleg er í verslanir í nóvember.



**UPPÁHALD ALLRA** Ed Sheeran heillaði alla upp úr skónum þegar hann tók lagið sitt Bloodstream á hátíðinni, en hann fór tómhentur heim þrátt fyrir að vera tilnefndur til fimm verðlauna.

**ALLTAF TÖFF** Hin eina sanna poppprinsessa, Britney Spears, tók lagið með Iggy Azalega við mikinn fögnuð gesta.

**ALSÆL** Taylor Swift var ekki lítið sátt með öll verðlaunin sín átta. Hún mætti á hátíðina með her af vinkonum með sér, sem léku í nýja myndbandinu hennar við lagið Bad Blood, en það var frumsýnt við upphaf hátíðarinnar.

**ENGU GLEYMT** Mariah Carey kom fram á Billboard-verðlaunahátíðinni í fyrsta sinn í sautján ár.


GUNNAR HANSSON
VÍKINGUR KRISTJÁNSSON
SAGA GARÐARSDÓTTIR
★★★★
- HULDA GEIRSDÓTTIR, RÁS 2
★★★★
„Fyrsti íslenski sumarsmellurinn“
- HJÖRDÍS STEFÁNSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ
★★★★★
„Man ekki eftir að hafa skemmt mér jafn vel í bíó lengi og mæli hiklaust með henni“
- KJARTAN MÁR ÓMARSSON, FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★★★
„Bakk fær sex stjörnur af fimm.“
- MÁNI Í HARMAGEDDON Á XINU.
★★★★
„Hef ekki hlegið svona mikið í bíó í langan tíma! Þetta er myndin sem íslenskir bíóáhorfendur hafa verið að bíða eftir“
- STEFÁN MÁNI RITHÖFUNDUR
BAKK
LEIKSTJÓRN GUNNAR HANSSON OG DAVÍÐ ÓSKAR ÓLAFSSON
KOMIN Í BÍÓ

## Dagný á ný með Selfossi í kvöld



Landsliðskonan Dagný Brynjarsdóttir er komin með leikheimild með Selfossi og spilar sinn fyrsta leik í kvöld þegar Selfossliðið fær ÍBV í heimsókn í Suðurlandsslag Pepsi-deildar kvenna í fótbolta. Síðasti sigurleikur Selfoss með Dagnýju í fyrrasumar var einnig á móti ÍBV, en hún lék þá aðeins fyrstu 11 leiki liðsins. Leikurinn hefst klukkan 18.00 en klukkan 18.15 tekur Fylkir á móti Íslandsmeisturum Stjörnunnar í uppgjöri liða sem unnu bæði leiki sína í fyrstu umferðinni. Hinir leikir kvöldsins eru Þróttur-Þór/KA (18.00), Afturelding-Breiðablik og KR-Valur (allir klukkan 19.15). Breiðablik er á toppnum eftir 5-0 sigur á Þrótti í fyrsta leik og Valur vann á sama tíma 3-0 sigur á Aftureldingu.

## Lyfjaráð fór fram á tveggja ára dóm

**HANDBOLTI** „Mér finnst þetta helst til of stutt,“ sagði Skúli Skúlason, formaður lyfjaráðs ÍSÍ, í samtali við Fréttablaðið í gær, þegar hann var spurður um sex mánaða bannið sem handboltamaðurinn Jóhann Birgir Ingvarsson var dæmdur í, en hann féll á lyfjaprófi eftir bikarúrslitaleik FH og ÍBV í lok febrúar. Niðurbrotsefni af sterum fundust í þvagsýni Jóhanns.

Lyfjaráð ÍSÍ fór fram á tveggja ára keppnisbann yfir Jóhanni en refsiramminn er fjögur ár: „Ég hefði sætt við mig við árs keppnisbann. Við förum fram á tvö ár þótt refsiramminn væri fjögur ár. Ástæðan fyrir því er að það þarf að vera um skýran ásetning að ræða til þess að fara fram á fjögur ár,“ sagði Skúli, sem hefur nokkrar áhyggjur af því að dómurinn geti verið fordæmisgefandi.

„Ég hef pínulitlar áhyggjur af því. Íþróttamenn verða að hafa ábyrgðarhlutann í huga. Það sem fólk setur ofan í sig er algjörlega á þess ábyrgð,“ sagði Skúli sem telur ólíklegt að lyfjaráð áfrýi dómnum. - iþs



**HÁLFS ÁRS BANN** Bann Jóhanns rennur út 18. september næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Pétur á förum

**FÓTBOLTI** **Miðvörðurinn Pétur Viðarsson yfirgefur herbúðir FH í júlí og heldur til náms í Ástralíu. Þetta kom fram á Fótbolti.net í gær. Hann ætlar að leggja stund á MBA-nám í viðskiptafræði.**

**Pétur, sem er fæddur árið 1987, hefur leikið 108 leiki með FH í Pepsi-deildinni og verið fastamaður í liðinu undanfarin ár. Hann hefur spilað alla leiki þeirra í deildinni í sumar.**

**FH er ágætlega sett með miðverði en auk Péturs eru þeir Guðmann Þórisson, Kassim Doumbia og Brynjar Ásgeir Guðmundsson á mála hjá félaginu og munu fylla skarð Péturs hjá félaginu.** - iþs

## Eru eins og svart og hvítt

**FÓTBOLTI** Elísabet Gunnarsdóttir hefur þjálfað markadrottninguna Margréti Láru Viðarsdóttur í mörg ár og Elísabet þjálfaði systur hennar, Elísu Viðarsdóttur, hjá Kristianstad í fyrra. Nú þjálfar hún þær saman í fyrsta sinn. „Það er æðislegt,“ segir Elísabet og hún segir systurnar ólíkar.

„Þær eru algjörlega svart og hvítt. Þær eru ótrúlega ljúfar við hvor aðra held ég, hjálpa hvor annarri mikið og sýna stuðning,“ segir Elísabet.

„Það er frábært að þær fái að upplifa það. Elísa hefur verið að bæta sig mjög mikið og var að spila sinn besta leik fyrir Kristianstad í síðasta leik,“ segir Elísabet, en Elísa lagði upp sigurmark Kristianstad í leiknum. Elísa er fimm árum yngri en Margrét Lára og var aðeins 14 ára þegar stóra systir fór til Reykjavíkur til að spila með Val. - óój



# Ótrúleg í að klára færin sín

Margrét Lára Viðarsdóttir er nú orðin markahæsta íslenska knattspyrnukonan í efstu deild í Svíþjóð eftir að hafa skorað í tveimur síðustu leikjum Kristianstad. Hún bætti met Ásthildar Helgadóttur um helgina.

**FÓTBOLTI** „Hún hefur alltaf haft þetta markanef og þegar hún kemst í færi þá skorar hún yfirleitt,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Kristianstad, um Margréti Láru Viðarsdóttur en Elísabet þekkir vel til Margrétar Láru sem hefur spilað fyrir hana bæði hjá Val og sænska liðinu.

Margrét Lára skoraði um helgina sitt 47. mark í efstu deild í Svíþjóð og um leið féll met Ásthildar Helgadóttur, sem hafði staðið óhaggað frá árinu 2007.

### Ásthildur enn þá risanafn á Skáni

„Ásthildur var ekkert smá góð hérna plús það að hún er algjör goðsögn á Skáni innan kvennafótboltans. Hún er risanafn sem allir muna eftir,“ segir Elísabet um Ásthildi Helgadóttur sem skoraði 46 mörk í 58 leikjum fyrir lið Malmö.

„Ásthildur opnaði ákveðnar dyr sem hefur hjálpað okkur öllum sem komu á eftir henni,“ segir Elísabet sem sjálf tók við liði Kristianstad árið 2009. Margrét Lára kom til Kristianstad um mitt tímabil 2009 en hafði áður skorað 127 deildarmörk fyrir Elísabetu þegar þær unnu saman hjá Val.

„Hennar besti eiginleiki sem leikmaður er að hún er ótrúleg í að klára færin. Það er oft sem maður hugsar í leikjum; af hverju var Margrét ekki í þessu færi, þegar einhver klúðrar,“ segir Elísabet sem segir að Margrét sé enn þá svolítið frá sínu besta formi. „Hún er ekki með sömu snerpu og yfirferð sem maður er vanur að sjá hjá henni. Hún kemst því ekki í sömu færin,“ segir Elísabet.

### Lagar ekki lærin

Margrét Lára skoraði ekki í fyrstu fjórum leikjum Kristianstad en hefur nú skorað í tveimur leikjum í röð sem báðir unnust. „Þetta voru tvö skallamörk sem er mjög ólíkt henni,“ segir Elísabet um mörkin hennar á móti AIK og Mallbacken, sem hún segir hjálpa Margréti Láru í endurkomu sinni eftir að hún varð mamma.

„Þetta lagar ekki lærin en hjálpar sjálfstraustinu að sjá það að maður er enn þá þar sem maður var,“ segir Elísabet um þýðingu markanna, en Margrét Lára er enn að glíma við sömu meiðsli og fyrir barneignarfríið. Margrét Lára hefur nú skorað 44 af 47 mörkunum sínum í Svíþjóð fyrir Elísabetu eða öll nema þrjú þau fyrstu sem hún skoraði fyrir Linköping fyrri hluta sumars 2009.

### Hefur verið á sérsamningi

„Það er kannski eðlilegt að hún hafi endað alltaf aftur og aftur hjá mér út af þessum meiðslum. Hún hefur verið á sérsamningi hvað varðar æfingar og hefur ekki verið að æfa hundrað prósent eins og aðrir leikmenn. Hún hefur farið tvisvar sinnum annað, fyrst til Linköping og svo til Potsdam, og hún hefur endað hjá okkur því hún kemst ekki á sérsamning hvar sem er,“ segir Elísabet.

„Hún hefur ekki æft eins og aðrir leikmenn og hefur þurft að vera í sundlauginni og í sérprógrammi úti á velli þegar hinir eru á æfingu,“ útskýrir Elísabet. Elísabet gerði Margréti Láru að fyrirliða Kristianstad-liðsins fyrir þetta tímabil og sinnir hún því hlutverki með Susanne Moberg.

### Ráða því hvor er með bandið

„Ég er með tvo fyrirliða. Þær sjá alveg um það sjálfar og eru bara leiðtogar fyrir liðið inni í klefanum. Þær ráða því hvor er með bandið,“ segir Elísabet, en úr fjarlægð lítur út fyrir það að þær skipti við hvern tapleik.

Ásthildur Helgadóttir stóð sig frábærlega með liði Malmö á fyrsta áratug þessarar aldar. Ásthildur spilaði fyrst þrjá leiki með Malmö í lok 2003-tímabilsins en var síðan með Malmö þrjú síðustu tímabilin á ferlinum 2005-2007.

Besta tímabilið hennar var 2006 þegar hún var í baráttu um markakóngstitilinn í sænsku deildinni. Ásthildur varð á endanum í þriðja sæti á eftir þeim Lottu Schelin og Mörtu, sem báðir hafa síðan verið í hópi bestu knattspyrnukvenna heims. Ásthildur varð að leggja skóna á hilluna haustið 2007 vegna þrálátra hnémeiðsla.

### Hefur tekið annað met af henni

Þetta er ekki fyrsta markmetið sem Margrét Lára tekur af Ásthildi því Ásthildur var markahæsta landsliðskona Íslands frá 1996 til byrjun árs 2007 þegar Margrét Lára bætti met hennar. Margrét Lára hefur síðan bætt metið um heil 48 mörk.

ooj@frettabladid.is



**FLEST ÍSLENSK MÖRK Í SÆNSKU KVENNADEILDINNI:**

| | |
|---|---|
| Margrét Lára Viðarsdóttir | 47 |
| Ásthildur Helgadóttir | 46 |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | 30 |
| Erla Steina Arnardóttir | 12 |
| Dóra Stefánsdóttir | 10 |




Graníthellur

Fjárfesting sem steinliggur

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, þrep, litlar hleðslur og garða.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Smiðjuvegi, 870 Vík | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is



Skráning hafin á advania.is

# Allt það heitasta í **upplýsingatækni** um land allt

Advania leggur land undir fót og kynnir allt það heitasta í upplýsingatækni á nokkrum stöðum víðsvegar um landið. Við ætlum að fjalla um *vinnustað framtíðarinnar* og kynna lausnir sem auka skilvirkni, draga úr kostnaði og bæta þekkingu í þínu fyrirtæki.

- Skýjalausnirnar Office 365 og TOK
- Einfaldara tölvuumhverfi í skýinu
- Útvistun á prentrekstri
- Viðskiptagreind og umbreyting gagna í upplýsingar
- Mannauðslausnir
- Veflausnir

...og margar fleiri lausnir sem geta hjálpað þínu fyrirtæki að ná forskoti.

## **Velkomin á fræðslufund** víðsvegar um landið:

**22. maí** Akureyri og Húsavík
**28. maí** Egilsstaðir
**4. júní** Ísafjörður
**11. júní** Vestmannaeyjar

Fleiri staðir auglýstir síðar



Nánar á **advania.is**

advania
Welcome to IT

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 | 19:40**
## SÆLKERAHEIMSREISA UM REYKJAVÍK
Í þessum þætti förum við í pólskt eldhús þar sem tvær kynslóðir af flottum pólskum konum segja okkur frá matarskömmtun og kommúnisma og nýjum tíma í allsnægtum í dag. Við förum í innkaupaleiðangur í Pólsku búðina og fáum að sjá hvernig Pólverjar búa til einn af vinsælustu réttum Póllands og smökkum dýrindis ostaköku.


FRÁBÆR
**ÞRIÐJUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**
365


**Stöð 2 | 21:15**
## VEEP
Bráðfyndnir gamanþættir þar sem Julia Louis-Dreyfus er í hlutverki þingmanns sem ratar í starf varaforseta Bandaríkjanna.




**Stöð 2 | 21:40**
## A.D.: KINGDOM AND EMPIRE
Þættirnir gerast eftir krossfestingu Jesú og fjalla um líf lærisveina frelsarans.



**Bíóstöðin | 22:00**
## EDGE OF DARKNESS
Mel Gibson mætir til leiks sem rannsóknarlögreglumaðurinn Thomas Craven, í morðdeild Boston lögreglunnar.



**Gullstöðin | 20:40**
## THE NEWSROOM
Önnur þáttaröðin af þessum mögnuðu þáttum sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í aðalhlutverki.




**Stöð 3 | 20:50**
## ONE BORN EVERY MINUTE US
Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem við fylgjumst með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



**Krakkastöðin | 19:00**
## STÚART LITLI
Stórskemmtileg gamanmynd um músina Stúart sem Little-fjölskyldan tekur í fóstur.




©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Middle
**08.30** Restaurant Startup
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Anger Management
**10.40** The Smoke
**11.25** Friends With Better Lives
**11.50** The Face
**12.35** Nágrannar
**13.00** X-factor UK
**14.05** X-factor UK
**14.50** Mr Selfridge
**15.35** Time of Our Lives
**16.30** Teen Titans Go
**16.55** Ground Floor
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** **Simpson-fjölskyldan** Tuttugasta og fjórða þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátektarsamari.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.40** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**20.05** **Modern Family** Sjötta þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskylda. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.
**20.30** White Collar
**21.15** **Veep** Fjórða þáttaröðin ef þessum bráðfyndnu gamanþáttum. Julia Louis-Dreyfus er hér í hlutverki þingmanns sem ratar í starf varaforseta Bandaríkjanna.
**21.45** A.D.: Kingdom and Empire
**22.30** Last Week Tonight With John Oliver
**23.00** Louie
**23.25** Grey's Anatomy
**00.10** Outlander
**01.10** Stalker
**01.55** Forever
**02.40** Why Did I Get Married Too?
**04.35** Crisis Point
**06.05** Modern Family

## SPORT *besta sætið*

**10.25** Keflavík - Breiðablik
**12.20** Pepsímörkin 2015
**13.35** Goðsagnir - Hörður Magnússon
**14.10** Dnipro - Napolí
**15.55** Evrópudeildarmörkin
**16.20** Atletico Madrid - Barcelona
**18.05** Spænsku mörkin
**18.35** Gummersbach - Kiel
**20.00** Þýsku mörkin
**20.30** Bayern Munchen - Barcelona
**22.15** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**22.40** Demantamótaröðin - Shanghai

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** WBA - Chelsea
**08.40** Messan
**11.15** Sunderland - Leicester
**13.05** Southampton - Aston Villa
**14.50** Middlesbrough - Brentford
**16.40** Liverpool - Crystal Palace
**18.20** WBA - Chelsea
**20.00** Premier League Review
**20.55** Messan
**22.10** West Ham - Everton
**23.55** Swansea - Man. City

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Álið og Ísland **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**18.35** Silicon Valley
**19.00** The World's Strictest Parents
**20.00** Traffic Lights
**20.25** 10 Items or Less
**20.50** One Born Every Minute UK
**21.40** Mental
**22.25** Flash
**23.10** Arrow
**23.55** The World's Strictest Parents
**00.55** Traffic Lights
**01.15** 10 Items or Less
**01.40** The 100
**02.25** One Born Every Minute UK
**03.10** Mental
**03.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Tom and Jerry **08.55** Leyndarmál vísindanna **09.00** Lína langsokkur **09.22** Kalli á þakinu **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Strumparnir **10.25** Ævintýri Tinna **10.47** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Tom and Jerry **12.55** Leyndarmál vísindanna **13.00** Lína langsokkur **13.22** Kalli á þakinu **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Strumparnir **14.25** Ævintýri Tinna **14.48** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Tom and Jerry **16.55** Leyndarmál vísindanna **17.00** Lína langsokkur **17.22** Kalli á þakinu **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Strumparnir **18.25** Ævintýri Tinna **18.50** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn **19.00** Stuart Little

## GULLSTÖÐIN

**17.50** Friends
**18.15** Modern Family
**18.40** Mike & Molly
**19.00** The Big Bang Theory
**19.25** Veggfóður
**20.10** Eitthvað annað
**20.40** The Newsroom
**21.35** Grimm
**22.20** Curb Your Enthusiasm
**22.50** Chuck
**23.35** Cold Case
**00.20** Veggfóður
**01.00** Eitthvað annað
**01.35** The Newsroom
**02.30** Grimm
**03.15** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50** Battle of the Year
**13.40** Grown Ups 2
**15.20** Austin Powers in Goldmember
**16.55** Battle of the Year
**18.45** Grown Ups 2
**20.25** **Austin Powers in Goldmember** Ofurnjósnarinn Austin Powers er kominn aftur á stjá í kostulegri gamanmynd. Austin hefur þurft að glíma við marga óþokka um dagana en nú reynir á hann sem aldrei fyrr. Ofurnjósnarinn þarf að bregða sér aftur til ársins 1975 því föður hans, Nigel, hefur verið rænt. Margir þekktir skúrkar skjóta upp kollinum en enginn þeirra hefur roð við Austin Powers.
**22.00** Edge of Darkness
**23.55** **Total Recall** Mögnuð spennumynd frá 2012 með Colin Farrell í aðalhlutverki. Þetta er endurgerð af samnefndri mynd frá 1990 með Arnold Schwarznegger. Douglas Quaid er ósköp venjulegur maður sem á sér allt í einu fótum sínum fjör að launa á flótta undan útsendurum yfirvalda sem vilja greinilega þagga niður í honum fyrir fullt og allt eftir að hafa prófað þjónustu dularfulls fyrirtækis sem sérhæfir sig í hugarferðalögum.
**01.50** 10 Years
**03.30** Edge of Darkness

## RÚV

**16.10** Alla leið
**17.25** Dótalæknir
**17.48** Millý spyr
**17.55** Táknmálsfréttir
**18.05** Vísindahorn Ævars
**18.10** Öldin hennar
**18.20** Fréttir
**18.40** Íþróttir
**18.45** Veðurfréttir
**19.00** **Eurovision 2015** Bein útsending frá fyrri undanúrslitum í Eurovision í Vínarborg í Austurríki.
**21.05** **Eurovision – skemmtiatriðin** Sýnt frá atriðunum sem skemmtu áhorfendum í sal á fyrri undanúrslitum Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Vín.
**21.15** Hefnd
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** **Horfinn** Ný bresk spennuþáttaröð. Ungum dreng er rænt í sumarfríi fjölskyldunnar í Frakklandi. Faðir hans fórnar öllu í leit sinni að drengnum og missir aldrei vonina um að finna hann á lífi.
**23.20** Spilaborg
**00.10** Fréttir
**00.25** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.05** The Talk
**09.43** Pepsi MAX tónlist
**15.10** Cheers
**15.35** My Kitchen Rules
**16.20** Eureka
**17.10** Black-ish
**17.30** The Odd Couple
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Talk
**19.10** Design Star
**19.55** **Kirstie** Hinn 26 ára gamli Arlo Barth bankar upp á hjá líffræðilegri móður sinni sem hann hefur aldrei hitt eftir að hún gaf hann til ættleiðingar strax eftir fæðingu. Foreldrar hans eru fallnir frá og nú langar hann að ná tengslum við konuna sem fæddi hann.
**20.15** Jane the Virgin
**21.00** The Good Wife
**21.45** Elementary
**22.30** Sex & the City
**22.55** Nurse Jackie
**23.20** Madam Secretary
**00.05** Blue Bloods
**00.50** The Good Wife
**01.35** Elementary
**02.20** Sex & the City
**02.45** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.10** PGA Tour 2015
**12.10** PGA Tour 2015 - Highlights
**13.05** PGA Tour 2015
**17.05** PGA Tour 2015 - Highlights
**18.00** Golfing World 2015
**18.50** PGA Tour 2015
**22.50** Golfing World 2015
**23.40** Inside The PGA Tour 2015

## HRINGBRAUT

**10.00** Lífsstíll **10.30** Kíkt í skúrinn **11.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **12.00** Lífsstíll **12.30** Kíkt í skúrinn **13.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **14.00** Lífsstíll **14.30** Kíkt í skúrinn **15.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **16.00** Lífsstíll **16.30** Kíkt í skúrinn **17.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **18.00** Lífsstíll **18.30** Kíkt í skúrinn **19.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **20.00** Fólk með Sirrý **21.00** Atvinnulífið **21.30** Ritsjórarnir **22.00** Fólk með Sirrý **23.00** Atvinnulífið **23.30** Ritsjórarnir

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Gallery Restaurant

Gallery Restaurant
Sími: 552 5700
www.holt.is - gallery@holt.is



# MONTECILLO OG OSBORNE VEISLA

FIMMTUDAGINN 21. MAÍ 2015

Osborne er einn elsti, stærsti og virtasti vínframleiðandi Spánar. Á fimmtudaginn heimsækir víngerðakonan Rocio Osborne Galley Restaurant og kynnir gesti fyrir framleiðslu Montecillo og Osborne sem eru bæði í eigu fjölskyldunnar.

## MATSEÐILL

Lystauki - Gaspaccio Andalusia

Saltfiskur og sólþurrkaðar ólífur ásamt eðal Serrano frá Osborne

Grillað hrossafillet, Rioja smjör, klettasalat og kremaðar kartöflur

Crème Catalan og ískrap

6.900,- matseðill og tvö vínglös - hádegisverður

9.900,- matseðill og þrjú vínglös - kvöldverður

Veislan er í boði bæði hádegi og kvöld næsta fimmtudag.

®

EST. 1874
MONTECILLO
Rioja

Osborne var stofnað árið 1772 á suður Spáni og hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi. Vínhúsið Montecillo var stofnað árið 1874 og er með elstu vínhúsunum í Rioja. Það komst í eigu Osborne-fjölskyldunnar árið 1973.

Montecillo vínin frá Rioja njóta mikilla vinsælda enda klassísk gæðavín sem alltaf standa fyrir sínu. Klassísk spænsk Rioja vín eru frábær alhliða matarvín þar sem þau fara alla jafna ekki út á markaðinn fyrr en þau eru þroskuð og tilbúin. Eingöngu er notaðar franskar eikartunnur fyrir Montecillo svipað og er hjá bestu vínhúsum Bordeaux sem skilar vinum Montecillo fágun, ferskleika og langlífi.

Aðeins þessi eina dagsetning í boði

## MORGUNMATURINN



„Nú hugsa ég meira um mat og borða minna eftir matarhreinsunina. Ég fæ mér glútenlausan hafragraut með heimalagaðri möndlumjólk, bláberjum og mórberjum. Svo smá hampfræ og kókosflögur.“

Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur

# Óvenju hress smellur kominn út frá Moses

Hljómsveitin Moses Hightower sendir frá sér fyrsta smáskífulagið í þrjú ár. Ný plata er væntanleg í haust.

„Við höfum ekki verið þekktir fyrir það að vera neitt of hressir en nýja lagið er samt mjög hresst,“ segir Magnús Trygvason Eliassen, trommuleikari hljómsveitarinnar Moses Hightower. Sveitin sendir í dag frá sér fyrsta smáskífulagið af væntanlegri plötu sveitarinnar en lagið ber nafnið Snefill.

Moses Hightower hefur að undanförnu unnið af kappi í hljóðveri við að hljóðrita nýja plötu en gert er ráð fyrir að hún komi út í haust. „Það eru einhver þrjú eða fjögur lög svo gott sem tilbúin en við ætlum að reyna að klára allar upptökur í ágúst eða september,“ svarar Magnús spurður út í nýju plötuna.

Allir meðlimir sveitarinnar eru einnig önnum kafnir í öðrum verkefnum og því oft erfitt að koma mönnum saman. „Við ætlum okkur samt að reyna að spila svolítið í lok sumars. Það er gaman að geta komið út lagi á þriggja ára fresti,“ bætir Magnús við og hlær.

Fyrir hefur hljómsveitin gefið út tvær breiðskífur, Búum til börn árið 2010 og Aðra Mósebók árið 2012. „Við erum svo sannarlega að bregða aðeins út af vananum í nýja efninu. Þetta nýja efni er svolítið hresst. Ég er allavega að fíla þetta,“ segir Magnús léttur í lundu. Hægt verður að nálgast lagið á helstu tónlistarveitum internetsins. - glp



**NÝ SMELLUR** Moses Hightower stefnir á að klára nýja plötu fyrir haustið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Resorb Sport

Þegar þú stundar úthaldsíþróttir eins og hjólreiðar, fjallgöngur, hlaup o.fl.



- Bætir upp vökvatap
- Minnkar líkur á vöðvakrömpum
- Flýtir endurheimt (recovery)
- Bragðgóður og handhægur
- Inniheldur m.a. magnesium

**Fæst í fjölmörgum apótekum**

FASTUS

Veit á vandaða lausn

FASTUS_H_33.05.15

**Fastus ehf., - Velkomin í verslun okkar. Opið mán - fös 8.30 - 17.00**

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900



Stærsti fasteignavefur landsins



fasteignir.is á visir.is


# Mögulega tannskemmandi tíska í gangi

Ungum konum þykir nú eftirsóknarvert að skarta svokölluðu „smiley“, þar sem húðflipinn milli efri varar og tannholds er gataður. Tannlæknir varar við æðinu.

„Mig eiginlega bara langaði að gera eitthvað klikkað,“ segir Marólína Fanney Friðfinnsdóttir, sem hefur verið með „smiley“, eða bros-bling, síðan í lok síðasta árs.

„Margar af vinkonum mínum eru með þetta og margar í viðbót sem ég veit að langar í svona,“ segir hún og bætir við að hún telji áhugann vaxandi meðal stelpna. „Ég hef ekki séð neinn strák með svona,“ skýtur hún að.

Marólína segir einn helsta kost þess að fá sér „smiley“ vera hve auðvelt er að stjórna sýnileika skartsins. „Ég nota stálpinna, sem er byrjunarpinninn, en mun svo skipta yfir í plastpinna síðar,“ svarar hún aðspurð um ótta við áhrif á tannheilsuna.

Marólína segist ekki finna fyrir lokknum þannig séð, hvorki þegar hún borðar né burstar tennnur. „Mér finnst þetta bara töff og langaði í einhverja breytingu. Það er auðvelt að fela þetta ef maður kærir sig um það,“ segir hún en undirstrikar að ætli stelpur sér að fá sér svona skuli þær fara á stofu. „Alls ekki vera að baksa við þetta sjálfar, það gæti stútað á ykkur vörinni.“

### Vont að bursta

„Mér fannst ekkert vont að fá mér gatið, myndi segja svona tíu sinnum minna vont en að bíta fast í tunguna,“ segir Elín Ásta Finnsdóttir.

Hún hefur þó þurft að taka sinn pinna úr. „Ég var alltaf svo aum þegar ég tók pinnann úr og það var vont að bursta tennurnar og svoleiðis,“ útskýrir Elín, sem þykir þó „smiley“ verulega smart og því svekkjandi að geta ekki nýtt gatið.

Elín tekur undir með Marólínu og segist geta ímyndað sér að „smiley“ verði vinsælt vegna þess hve auðvelt er að stjórna hversu áberandi það er.

„Mér finnst satt að segja sjálfri töluverðir fordómar fyrir svona götunum, fullorðið fólk og foreldrar eru oft með athugasemdir,“ segir hún og bætir við að þó sé greinilegt að fólk sé að verða opnara fyrir svona götunum.

gudrun@frettabladid.is



**MEÐ PINNANN** Elín Ásta varð að losa sig við pinnann og ekki leið ekki á löngu áður en gatið var gróið saman.



**TREND** Írena Ösp Daníelsdóttir segist sjá sífellt fleiri stelpur með „smiley“ og fær margar spurningar. Hún segir Facebook loga af forvitni um þessar mundir.

### → Sérfræðingur segir:

„Við mælum alls ekki með þessu. Lokkur sem nuddast við tennurnar hefur eyðileggjandi áhrif á glerunginn til lengri tíma litið,“ segir Hallfríður Gunnsteinsdóttir tannlæknir. Hún segir stálpinnana hættulega glerungnum, og það sé mýta að tala um að plastpinnarnir séu hættulausir þótt þeir séu skárri. Hallfríður segist ekki hafa fengið mörg tilfelli inn á borð til sín þar sem „smiley“ sé farið að hafa slæm áhrif, enda um nokkuð nýja tísku að ræða. Hins vegar hafi hún mikla reynslu af pinnum í tungum sem hafi haft afar slæmar afleiðingar, svo sem tannbrot og fleira. „Svona aðskotahlutir hafa alltaf afleiðingar á tennurnar okkar, þó svo þær komi ekki endilega í ljós strax.“



**ÖÐRUVÍSI** Marólína sér ekki eftir neinu og er afar sátt með sitt skart. Hún hefur ekki miklar áhyggjur af glerungnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

KFC

Fly on the Hot Wings
of Love!




PIPAR\TBWA • SÍA • 151359

SVOOO
GOTT

25 HOT WINGS

Við elskum Eurovision! Þess vegna er tilboð á Hot Wings á þriðjudag, fimmtudag og laugardag. 25 funheitir Hot Wings á aðeins:

2.699 KR




Mundu eftir
Hot Wings
sósunni!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stjarna hitar upp

Óskarsverðlaunahafinn Markéta Irglová hitar upp á tónleikum **Damiens Rice** í kvöld. Þessi 27 ára gamla tékkneska tónlistar- og leikkona vann Óskarsverðlaunin árið 2008 í flokknum lag ársins, fyrir lagið Falling slowly í kvikmyndinni Once.

Nýjustu plötur Damiens Rice og Irglová voru báðar að mestu hljóðritaðar á Íslandi.

„Hann hefur verið að taka fjögur til sex lög af nýju plötunni á tónleikum. Annars er hann aldrei með neinn ákveðinn lagalista fyrir tónleika. Hann sér bara hvernig stemningin er og þess vegna eru lagalistarnir aldrei eins,“ segir Kári Sturluson, samstarfsmaður Damiens Rice, spurður út efni tónleikanna.

Rice verður á miklu flakki við að kynna nýju plötuna sína, My Favourite Faded Fantasy. Hann kemur fram á tónleikum í Þjóðleikhúsinu í kvöld og í Gamla bíói þann 25. maí, örfáir miðar eru til á tónleikana í kvöld. **- glp**



### Karókí á Húrra

**Margrét Erla Maack** og Ragnheiður Maísól Sturludóttir, sem saman mynda tvíeykið Hits & Tits, standa fyrir karókíkvöldi á skemmtistaðnum Húrra annað kvöld klukkan níu. Þetta verður síðasta karókíkvöld tvíeykisins í nokkurn tíma þar sem Ragnheiður á von á barni í júní.

Hits & Tits vilja hvetja alla til að mæta og taka það fram að enginn sé mættur til að dæma aðra heldur verði öllum sýnd virðing og þolinmæði annað kvöld. **- þea**



## Mest lesið VÍSIR

1. Löggan á í vök að verjast á Facebook
2. Hús í ítölskum þorpum til sölu á eina evru
3. KS ekki viðurstyggileg glæpasamtök
4. Þvertaka fyrir að hafa ruðst inn á hótelherbergið
5. Hland og rottuskítur í fölsuðum snyrtivörum





YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015

Allt sem þú þarft …



GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ

Hönnunarverðlaun 2013-2014

FEYDOM

RAÐAÐU SAMAN ÞÍNUM EIGIN SVEFNSÓFA

Nýtt

Það nýjasta í dag... einingar sem hægt er að raða saman á ótal vegu. Breyttu, bættu við eða stækkaðu svefnsófann. Sterkt áklæði sem auðvelt er að þrífa - Margar gerðir og litir.



BONBONS S
2 grunneiningar:
4 sæta sófi/
tvöfalt rúm með
2 púðum / koddum
aðeins kr. 169.900.-

FAYDOM BONBON M kr. 229.900.-



KÍKTU Á FEYDOM.COM OG SJÁÐU MÖGULEIKANA

BODYPRINT - IQ CARE

BYLTING Í HEILSUDÝNUM

ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag!

Réttur stuðningur og þrýstijöfnun
Settu heilsuna í fyrsta sæti



Ný marg-svæðisskipt hönnun sem gefur einstakan stuðning við allan líkamann.

**BODYPRINT** er með nýjan opnari efniseiginleika sem gerir það að verkum að hún andar miklu betur (svitnar síður).

**BODYPRINT** er með nýja sterkari þrýstijöfnunar-efnablöndu sem endist lengur og mótast betur að líkamanum.

**BODYPRINT** aðlagast svo til samstundis að líkamanum og tryggir betra blóðflæði. Þú nærð því dýpri og betri svefni. Auðvelt er að snúa sér á heilsudýnunni.

**BODYPRINT** er samvinnuverkefni Veldeman Bedding og Eupen verksmiðjanna í Belgíu.

**BODYPRINT** er með innbyggðan stuðningspúða sem gefur betri stuðning við lágbakið.

**BODYPRINT** er með mjúkt útskorið axlasvæði sem gefur vel eftir við axlir.

**BODYPRINT** leitast við að halda hryggsúlunni í beinni stöðu og gefur réttan stuðning við allan líkamann.

IQ-CARE

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum



Reverie

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED

Vönduð stillanleg

HEILSURÚM

með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

- Inndraganlegur sterkur stálbotn
- Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun

Kíktu á www.reverie.com

12 mán. vaxtalausar greiðslur*





Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum